# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. júní 2009 — 150. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR



### Partíhelgi

Stíf dagskrá um helgina hjá Hemma Hreiðars og atvinnumönnunum okkar.

FÓLK 42

### Umbúðalaust um stráka

„Staðreyndirnar sýna umbúðalaust að drengir eru að dragast aftur úr. Þeim mun með þessu áframhaldi fækka áfram í framhaldsskólum og háskólum,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

Í DAG 22

### Holtsvöllur mörgum hjartfólginn



Haldið upp á hálfrar aldar afmæli fyrsta gæsluvallarins í Kópavogi í dag.

TÍMAMÓT 24



### Pepsi-deild karla

Fjórir leikir fóru fram í efstu deild karla í fótbolta í gær.

ÍÞRÓTTIR 38

## VEÐRIÐ Í DAG




**Hlýnar í veðri** Í dag eru horfur á hægri breytilegri átt eða hafgolu. Það léttir víða til er líður á daginn en síðdegis má þó búast við skúrum, einkum í innsveitum norðanlands.

VEÐUR 4




Fréttablaðið er með 117% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.



**KÁT AÐ VERKI LOKNU** Vilhjálmur Egilsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Gylfi Arnbjörnsson sjást kát við undirritun stöðugleikasáttmálans á blaðamannafundi í gær. Stíf fundarhöld voru í stjórnarráðinu í vikunni vegna sáttmálans.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vinnumarkaður nær allur að baki sáttinni

**Stöðugleikasáttmáli var undirritaður í gær. Skattar tæplega helmingur aðgerða. Varaformaður Sjálfstæðisflokks telur skattahækkanir hægja á efnahagshvatanum. Þórarinn V. Þórarinsson segir mikilvægt að verja stöðu lífeyrissjóða.**

**EFNAHAGSMÁL** Skrifað var undir stöðugleikasáttmála ýmissa launþegahreyfinga, Samtaka atvinnulífsins, ríkisstjórnar og sveitarfélaga í gær. Hann er í fjórtán liðum og gildir út 2010. Um 150 þúsund launþegar eru að baki sáttmálanum. Á vinnumarkaði eru alls 168 þúsund manns, samkvæmt Vinnumálastofnun.

Í sáttmálanum er meðal annars gert ráð fyrir að skipulagningu bankakerfisins verði lokið fyrir 1. nóvember, afnema á gjaldeyrishöft og lækka vexti.

Skattar verða ekki meira en 45 prósent af aðgerðum við að ná niður halla á ríkissjóði. Samtök opinberra starfsmanna vildu hærra hlutfall. Sjötíu milljarða á að spara með tilfærslum og niðurskurði.

Þórarinn V. Þórarinsson var framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins þegar þjóðarsáttin var gerð 1991. Honum finnst skrýtið að semja um launahækkanir í ríkjandi árferði. Þórarinn telur það vera gjald sem greiða þurfti til að tryggja frið á vinnumarkaði.

> Það verður mikið verkefni að verja stöðu sjóðanna og framtíðina í kerfinu.
>
> **ÞÓRARINN V. ÞÓRARINSSON**
> LÖGMAÐUR

Helstu hættuna í sáttmálanum telur Þórarinn vera staða lífeyrissjóðanna. Taka á málefni lífeyrissjóðanna til skoðunar, samkvæmt sáttmálanum. „Það verður mikið verkefni að verja stöðu sjóðanna og framtíðina í kerfinu,“ segir hann.

Ari Skúlason var forstöðumaður hagdeildar ASÍ á þjóðarsáttartímanum. Hann sér fá hættumerki í sáttmálanum og vonast til að hann sé fyrsta jákvæða skrefið af mörgum.

Að sögn Vilhjálms Egilssonar, framkvæmdastjóra SA, meinaði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra mönnum útgöngu af lokasamningafundi í fyrrakvöld þar til sá fyrir horn með samkomulagið.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, segir sáttmálann mikilvægan áfanga. Hún segir þó að verið sé að hlífa ríkisvaldinu við hagræðingu. „Svona miklar skattahækkanir eru frekar til þess að hægja á efnahagshvatanum.“

**- vsp** / sjá síðu 10






**STJARNA KVEÐUR** Jackson ætlaði á tónleikaferðalag í sumar í fyrsta sinn í áraraðir.

Poppgoð yfirgefur sviðið:

## Michael Jackson lést í gær

**TÓNLIST** Erlendir fjölmiðlar greindu frá því í gær að ein skærasta poppstjarna sögunnar, Michael Jackson, væri látin. Jackson fékk hjartaáfall á heimili sínu í Los Angeles í gær og andaði ekki þegar sjúkraliðar komu þar að honum. Hann var fluttur á sjúkrahús þar sem fjölskylda hans kom saman við dánarbeðinn.

Jackson var fimmtugur og hugðist hefja langa tónleikaferð í sumar eftir margra ára fjarveru frá sviðinu.

Jackson, sem jafnan var kallaður konungur poppsins, er einn söluhæsti tónlistarmaður allra tíma. Hann vakti fyrst athygli með hljómsveitinni Jackson 5 á sjöunda áratugnum, þá aðeins sjö ára. Hann varð síðar umdeildur vegna tíðra lýtaaðgerða og ásakana um barnagirnd. **- sh**

## SPURNING DAGSINS



*Arnar, ertu þungur í þönkum um þessar mundir?*

„Svo sannarlega, en það stafar af eintómri hamingju og spenningi!“

Arnar Eggert Thoroddsen er einn af skipuleggjendum mikillar þungarokkshátíðar sem fram fer á Sódómu Reykjavík í kvöld.

Rannsóknarnefnd Alþingis hefur yfirheyrt 26 einstaklinga frá því í janúar:

# Sigríður ekki talin vanhæf

**STJÓRNSÝSLA** Sigríður Benediktsdóttir, einn nefndarmanna í rannsóknarnefnd Alþingis í tengslum við bankahrunið, var ekki vanhæf að mati rannsóknarnefndarinnar. Aðrir nefndarmenn í nefndinni, Páll Hreinsson og Tryggvi Gunnarsson mátu hæfi hennar.

Nefndin taldi ummæli Sigríðar sem hún viðhafði í skólablaði Yale-háskóla vera almenns eðlis og ekki til þess fallin að draga óhlutdrægni hennar í efa.

Upphaf málsins má rekja til bréfs Jónasar F. Jónssonar, fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins, þar sem hann gerði athugasemd við ummæli Sigríðar og taldi þau draga hæfi hennar í efa.



**RANNSÓKNARNEFNDIN** Ummæli Sigríðar í skólablaði Yale þóttu almenns eðlis og ekki til þess fallin að draga óhlutdrægni hennar í efa. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Rannsóknarnefndin hefur tekið skýrslur af 26 einstaklingum frá því hún hóf störf í janúar. Þar á meðal eru fyrrverandi og núverandi ráðherrar, fyrrverandi bankastjórar Seðlabankans og forstjóri Fjármálaeftirlitsins og fyrrum bankastjórar.

Nú eru staddir hér á landi tveir erlendir sérfræðingar sem vinna á vegum nefndarinnar að athugun á ákveðnum þætti í starfsemi bankanna, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands.

Nær þrjátíu manns starfa á vegum nefndarinnar sem skila á af sér skýrslu um rannsóknina 1. nóvember 2009. Þegar er hafið að skrifa ákveðna þætti skýrslunnar og er miðað að því að skila henni á réttum tíma. - vsp

Átak gegn akstri utan vega:

# Á réttri leið á Reykjanesi

**UMHVERFISMÁL Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur skipað aðgerðateymi til að koma á átaki til að verja viðkvæma náttúru Reykjanesfólkvangs fyrir skemmdum af völdum aksturs utan vega. Átakinu er ætlað að lagfæra þær skemmdir sem þegar hafa orðið og er yfirskrift átaksins „Á réttri leið á Reykjanesi“.**

**Í fréttatilkynningu umhverfisráðuneytisins kemur fram að aðgerðateyminu sé ætlað að samræma störf ýmissa aðila sem koma að málinu og verja svæðið fyrir ágangi og frekari skemmdum vegna aksturs utan vega.** - bþa



**FORNALDARFLAUTA** Ein af beinflautunum sem fundust í suðurhluta Þýskalands og vísbendingar eru um að séu elstu hljóðfæri sem fundist hafa. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Vísindamenn í Þýskalandi:

# Fundu elstu hljóðfæri heims

**ÞÝSKALAND** Vísindamenn í Þýskalandi segjast hafa fundið elstu hljóðfæri heims. Hljóðfærin eru þrjár flautur sem eru 35 þúsund ára gamlar.

Flauturnar fundust í helli í Suðvestur-Þýskalandi. Í hellinum hafa áður fundist minjar frá svipuðum tíma, meðal annars stytta af Venusi, sem er einnig talin sú elsta í heiminum.

Ein flautan er úr hrægammsbeini og hefur hún varðveist vel. Hinar tvær eru úr fílabeini en aðeins fundust hlutar þeirra. Flauturnar benda til þess að tónlistarflutningur hafi verið algengur á þeim tíma sem nútímamaðurinn fór að nema land í Evrópu. - þeb

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ferðamaður í vandræðum

Erlendur ferðamaður lenti í töluverðum vandræðum þegar veski hans og vegabréfi var hnuplað þegar hann sat og fékk sér hressingu á veitingahúsi í borginni. Ferðamaðurinn hafði hugsað sér að fara af landi brott í gær.

### Stal fötum og snyrtivörum

Þá var brotist inn í fjölbýlishús í miðborginni og þaðan stolið fatnaði og snyrtivörum. Þjófurinn var enn ófundinn í gærdag.

# Kríukrísa í Flatey

**Kríuvarpið í Flatey er um helmingi minna en það var fyrir nokkrum árum. Öðrum sjófuglum fækkar einnig verulega. Sex Atlantshafsþjóðir taka sig saman um að rannsaka bágt ástand sjófugla á norðaustanverðu Atlantshafssvæðinu.**

**DÝRALÍF** „Áður heyrði maður varla neitt fyrir kríunni en nú heyrir maður varla í henni,“ segir Magnús Jónsson bóndi í Flatey um ástand kríustofnsins þar, sem er afar slakt.

Ævar Petersen, fuglafræðingur frá Náttúrufræðistofnun Íslands, sem er nýkominn úr sínum árlega rannsóknarleiðangri í Flatey, getur staðfest að svo sé. „Síðustu þrjú ár hafa verið afar slæm, það má segja að þetta sé ekki nema rétt helmingur af því varpi sem var fyrir nokkrum árum,“ segir hann.



**ÆVAR PETERSEN**

Hann segir ekkert vitað með vissu hvað valdi en flest bendi til þess að fækkunina megi rekja til skorts á sandsíli enda hefur öðrum sjófuglum sem nærast að mestu leyti á því einnig fækkað mikið. Má þar nefna, auk kríunnar, ritu, lunda og toppskarf. „Það eru mörg vörp af toppskarfi sem eru ekki nema fjórðungur af því sem var fyrir ekki svo löngu síðan,“ segir Ævar. „Dílaskarfinum hefur hins vegar fjölgað en hann lifir líka á annarri fæðu,“ bætir hann við.

Hann segir þetta bága ástand sjófuglanna ekki einskorðast við Ísland. „Þetta er eitthvað sem virðist vera að gerast ansi víða í norðaustur Atlantshafi. Eiginlega frá Grænlandi, suður til Færeyja og Bretlands og svo austur til Noregs og allt þar á milli.“

Ævar situr fyrir Íslands hönd í sérfræðingahópi á vegum Norðurskautsráðsins um vernd lífríkisins (CAFF-Conservation of Arctic Flora and Fauna) sem varpa á ljósi á þessa þróun. „Vonandi fáum við einhvern ferkari skilning á því hvað er að gerast og þá hvað er hægt að gera,“ segir hann. „En þetta er afar mikilvægt ekki síst í ljósi þess að gagnaskortur hrjáir okkur verulega.“ Auk Íslendinga eiga Norðmenn, Danir, Færeyingar, Grænlendingar og Bretar fulltrúa í hópnum. Fyrsti fundur hans verður í Þrándheimi í Noregi í september næstkomandi.

Magnús segir það veruleg viðbrigði fyrir Flateyinga að heyra svo lítið í kríunni sem alla jafna er fyrirferðarmikil hjá eyjaskeggjum yfir sumartímann. „Annar fjölgar ferðamönnum hérna jafnt og þétt, ætli þeir fari ekki að verða fleiri en kríurnar,“ segir Magnús og hlær við.

jse@frettabladid.is



**MAGNÚS JÓNSSON BÓNDI Í FLATEY** Hann sér færri kríur en áður þegar litið er út um gluggann og mun hljóðlátara er nú en á blómatíma kríunnar. Myndin er tekin árið 2006 en þá fyrst fór kríunni að fækka. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

## NOKKUR ATRIÐI UM KRÍUNA

Krían er langlífari en margur gæti talið. Elsta krían sem vitað er um hér á landi var 32 ára. Talið er að um 200 til 300 þúsund pör séu hér á venjulegu sumri. Hún dvelur í Suðurhöfum, við Suður-Afríku og Suðurskautslandið á veturna en í norðri á sumrin og flugið þarna á milli tekur hana ekki nema einn og hálfan mánuð.



**BRÚÐHJÓNIN** Ragnheiður Dóra Ásgeirsdóttir og Gunnbjörn Steinarsson ætla að gifta sig á blómasýningu í Hveragerði.

Óvenjulegt brúðkaup:

# Gifta sig á blómasýningu

**FÓLK** „Við vorum búin að ákveða að gifta okkur og þá bauðst okkur þetta. Fyrirvarinn var því skammur en þetta er allt að gerast,“ segir Ragnheiður Dóra Ásgeirsdóttir, sem mun á morgun ganga að eiga Gunnbjörn Steinarsson á sýningunni Blóm í bæ í Hveragerði. Fáheyrt er að hjón séu gefin saman á bæjarhátíð.

Fjöldi fyrirtækja hleypur undir bagga með brúðhjónunum til að hjálpa þeim við undirbúninginn.

- hds/sjá Allt í miðju blaðsins

Snarpur skjálfti við Krýsuvík:

# Fannst vel til Reykjavíkur

**NÁTTÚRA Snarpur jarðskjálfti varð við vestanvert Kleifarvatn á sjötta tímanum í gær og fannst hann greinilega alla leið til Reykjavíkur. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands var skjálftinn 4 á Richter. Skömmu áður hafði annar smærri skjálfti, 2,6 á Richter, riðið yfir á sama stað, og á áttunda tímanum varð vart við skjálfta sem var 3,2 á Richter.**

**Stærsti skjálftinn fannst sem áður segir vel til Reykjavíkur, en síður á Suðurnesjum. Á Veðurstofunni var búist við áframhaldandi skjálftavirkni á svæðinu fram eftir kvöldi í gær.** - sh




Víkingar í fullum herklæðum lífguðu upp á Þingvelli á blóti Ásatrúarfélagsins:

# Brúðkaup og nafngiftir á Þingblóti

**FÓLK** Eitt brúðkaup, tvær nafngiftir og ein unglingavígsla fór fram á árlegu Þingblóti Ásatrúarfélagsins á Þingvöllum í gær. Þar spígsporuðu jafnframt um víkingar í fullum herklæðum frá víkingafélaginu Einerja og vöktu mikla athygli nærstaddra.

Að sögn Egils Baldurssonar, lögsögumanns Ásatrúarfélagsins, segir Þingblótið haldið í kringum sumarsólstöður ár hvert, á Þórsdegi í tíundu viku sumars. Þetta árið voru dagskrárgerðarmenn frá BBC á staðnum, en þeir eru að vinna heimildarmynd um Ásatrúarfélagið. Blótið stóð frá sex til miðnættis í blíðskaparveðri, með mat, drykk, fjöldasöng og öðru tilheyrandi.

„Þetta er vel heppnað eins og venjulega,“ segir Egill. „Hér hittast menn og hafa gaman hver af öðrum.“ - sh



**ALLT TIL REIÐU** Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði bæði gaf saman fólk og gaf börnum nöfn á blótinu á Þingvöllum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ / DANÍEL

BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
Van Gils
gardeur®
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
PAL ZILERI
POLO RALPH LAUREN
FINUCCI
collezione
bugatti
MABRUN
LLOYD
SARAR
BELLINI
collezione

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17



## GENGIÐ 25.06.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,90 | 128,52 |
| Sterlingspund | 208,23 | 209,25 |
| Evra | 178,31 | 179,31 |
| Dönsk króna | 23,946 | 24,086 |
| Norsk króna | 19,694 | 19,810 |
| Sænsk króna | 16,134 | 16,228 |
| Japanskt jen | 1,3265 | 1,3343 |
| SDR | 197,08 | 198,26 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

217,4626

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mousavi átti fund með stuðningsmönnum sínum á miðvikudag:

# Sjötíu prófessorar handteknir

**ÍRAN, AP** Sjötíu háskólaprófessorar hafa verið handteknir í Teheran, höfuðborg Írans, fyrir að hafa hitt og stutt við bakið á stjórnarandstöðuleiðtoganum Mir-Hossein Mousavi. Þetta kom fram á heimasíðu Mousavis í gær. Á sama tíma lofaði hann að halda áfram baráttu sinni, þrátt fyrir tilraunir til að einangra hann.

Lögregla braut á bak aftur mótmæli fyrir utan þinghúsið í Teheran á miðvikudag. Að sögn sjónarvotta voru mótmælendur lamdir með kylfum og einhverjir skotnir. Ríkisfjölmiðlar hafa ekki greint frá neinum dauðsföllum meðal mótmælenda en segja hins vegar átta meðlimi Basij-sérsveitarinnar hafa látið lífið. Fréttirnar eru óstaðfestar sökum þess að erlendum fjölmiðlum hefur verið bannað að stunda vinnu á götum úti.

Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, gagnrýndi Barack Obama Bandaríkjaforseta harðlega í gær og líkti honum við forvera hans, George W. Bush. Obama hefur sagst vera hneykslaður á því hvernig mótmælin hafa verið brotin á bak aftur, en fyrir forsetakosningarnar hafði hann opnað á möguleikann á auknum samskiptum við Íran. Ahmadinejad sagði í gær að ef Obama héldi áfram á sömu braut yrði „ekkert til að ræða“. **- þeb**



**MOUSAVI** Stjórnarandstöðuleiðtoginn ætlar sér að halda áfram baráttu sinni. NORDICPHOTOS/AFP

Opera sækir í sig veðrið:

# Tíu milljarðar vefheimsókna

**TÆKNI Opera Mini-netvafrinn var með nærri 25,4 milljónir notenda í maí. Þetta er 8,4 prósenta aukning frá því í apríl á þessu ári og 136 prósenta aukning frá því í maí 2008.**

**Fyrirtækið hefur einbeitt sér að notendum í Suðaustur-Asíu og er Indónesía í öðru sæti yfir fjölda notenda og Víetnam í því þriðja.**

**Aðeins í maí 2009 heimsóttu notendur vafrans 9,6 milljarða vefsíðna og höluðu niður 160 milljónir megabæta af netinu á sama tíma. Vinsælasta leitarsíðan hjá Opera er sem fyrr Google.** **- vsp**



**AMFETAMÍN** Allar tegundir fíkniefna virðast vera í umferð á götunni þótt lögregla hafi náð stórum sendingum, nú síðast í skútumálinu.

Höfuðborgarsvæðið:

# Tóku fíkniefni, peninga og þýfi

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefni fundust við húsleit lögreglu á tveimur stöðum á höfuðborgarsvæðinu í gær. Um var að ræða kókaín, amfetamín og hass.

Á báðum stöðum var einnig lagt hald á talsvert af peningum sem grunur leikur á að séu tilkomnir vegna fíkniefnasölu. Í báðum tilfellum voru húsráðendur handteknir. Annar þeirra var einnig með þýfi í fórum sínum en hinn reyndist jafnframt vera eftirlýstur fyrir aðrar sakir. Mennirnir eru á þrítugs- og fertugsaldri og hafa áður komið við sögu hjá lögreglu.

Lögreglan minnir á fíkniefnasímann, 800-5005. **- jss**

**SVÍÞJÓÐ**

### Sjóræningjaflokkur

Sjóræningjaflokkur Svíþjóðar hefur ákveðið að starfa með Græningjum á Evrópuþinginu. Sjóræningjaflokkurinn náði sæti á þinginu fyrr í mánuðinum. Flokkurinn vill að höfundarréttur verði styttur og leyfilegt verði að dreifa skrám á netinu til einkanota.

# Óábyrgt að segja nei

**Stríðsástand gæti skapast í efnahagslífinu ef Icesave-ábyrgðinni verður hafnað, segir hagfræðiprófessor. Fjármálaráðherra segist fullviss um að samþykki fáist.**

**EFNAHAGSMÁL** Samþykki Alþingi ekki ríkisábyrgð á Icesave-lánið gæti skapast stríðsástand í efnahagslífinu hérlendis, Ísland fengi hvergi fyrirgreiðslu, fyrirtæki færu unnvörpum í þrot og við yrðum sett á sama stall í samfélagi þjóðanna og Kúba og Norður-Kórea. Þetta segir Þórólfur Matthíasson hagfræðiprófessor sem segist mjög hissa á óábyrgri afstöðu sumra stjórnmálamanna til málsins.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að samþykkt ríkisábyrgðarinnar stendur tæpt. Nær allir þingmenn stjórnarandstöðunnar hyggjast greiða atkvæði gegn henni að óbreyttu og því veltur samþykktin á afstöðu Vinstri grænna.

Nokkrir þeirra hafa hins vegar lýst efasemdum sínum með samninginn, þar á meðal heilbrigðisráðherrann Ögmundur Jónasson. Talið er að ríkisstjórnarsamstarfinu sé sjálfhætt af hálfu Samfylkingarinnar ef samningurinn verður felldur.

„Þetta er alveg hrikalega ljót sviðsmynd sem þá kemur upp,“ segir Þórólfur. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hafi til dæmis sagt að lánin frá Norðurlandaþjóðunum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum velti á samþykktinni.

„Ég þori eiginlega ekki að hugsa þessar hugsanir alveg til enda,“ segir Þórólfur. „Þess vegna er ég mjög hissa á þeirri óábyrgu afstöðu sem stjórnmálamennirnir sýna.“

„Svo er að sjá að Íslendingar eigi engra góðra kosta völ í þessari stöðu og að hugsanlega sé sá kostur að hafna samkomulaginu lakari vegna afleiðinga sem það kann að hafa í för með sér,“ segir Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur við Háskólann í Reykjavík.

„Það stendur hins vegar upp á stjórnvöld að skýra nánar hvernig þrýstingurinn á Íslendinga birtist og hvað það hefði í för með sér ef Alþingi neitar að samþykkja samninginn. Það er ógott að upplifa hversu einangraðir og vinafáir Íslendingar virðast vera í veröldinni um þessar mundir.“

Steingrímur J. Sigfússon segist sannfærður um að meirihlutastuðningur sé fyrir samningunum á Alþingi. Frumvarpið verður líklega ekki lagt fyrir þingið fyrr en eftir helgi, en fjármálaráðherra kom frá útlöndum í gær.

Steingrímur segir að mikilvægt sé að menn virði hina þinglegu meðferð og taki afstöðu til samningsins eftir þeim gögnum sem lögð verða fyrir þingið. „Ég treysti því að menn sjái að þetta er skásta leiðin sem við eigum út úr stöðunni. Þetta er illskásti kosturinn og ég mæli af fullri sannfæringu með því að þingmenn styðji frumvarpið.“

Steingrímur segir að ef menn setji sig inn í allar hliðar málsins sjái þeir að samningaleiðin ein gangi. „Ég fundaði með hollenskum ráðherrum hér ytra og ekki held ég að yrði létt fyrir fæti að fara aftur á byrjunarreit og reyna að ná hagstæðari niðurstöðu ef þessi tilraun rynni út í sandinn.“

stigur@frettabladid.is
kolbeinn@frettabladid.is



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Segist sannfærður um að þingmeirihluti sé fyrir Icesave-samningnum þegar þingmenn hafa kynnt sér allar hliðar málsins. FRÉTTALAÐIÐ/VALLI



**ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON**



**ÓLAFUR ÍSLEIFSSON**

> Þetta er alveg hrikalega ljót sviðsmynd sem þá kemur upp.
>
> **ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON** HAGFRÆÐIPRÓFESSOR

Stór bygging brann:

# Engan sakaði í stórbruna í Ósló

**NOREGUR** Mikill eldsvoði blossaði upp í stórri byggingu við Christian Kroghs-götuna í miðborg Ósló um miðjan dag í gær.

Eldsins varð vart um miðjan dag og teygðu eldtungur sig upp úr þaki hússins. Talið er að um 200 manns hafi verið í byggingunni þegar eldurinn kviknaði. Byggingin var rýmd samstundis og gekk rýmingin vel. Engan sakaði því í eldsvoðanum. Slökkvilið náði tökum á eldinum á skömmum tíma.

Fjölmargir hringdu í neyðarlínu vegna brunans og fengu sumir aðeins svar frá símsvörum. Slökkvilið sagði símkerfið einfaldlega ekki þola svo mikið álag. **- þeb**

Transgender fá skráningu fyrr:

# Sett verði heildarlög um transa

**STJÓRNSÝSLA Kynskipti er nú skráð í Þjóðskrá þó eiginleg kynskiptiaðgerð hafi ekki farið fram. Hægt er að breyta um nafn og kyn í Þjóðskrá við hormónameðferð. Þetta kemur fram í svari frá dómsmálaráðuneytinu við fyrirspurn blaðamanns.**

**Breytingin kemur til þar sem umboðsmaður Alþingis taldi það brjóta í bága við friðhelgi einkalífs að fá ekki að skipta um nafn þrátt fyrir að eiginlegri kynskiptiaðgerð væri ekki lokið.**

**Í svari ráðuneytisins segir jafnframt að þó verklagi hafi verið breytt telji ráðuneytið rétt að skoða að sett verði heildarlöggjöf um málefni þessara einstaklinga. Slíkt sé þó frekar á forræði heilbrigðisráðuneytis eða forsætisráðuneytis. Breyting á lögum um mannanöfn, sem heyrir undir dómsmálaráðuneytið, væri þó hluti af slíkri löggjöf.** **- vsp**






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**GÓÐ HELGARSPÁ**
Í dag hlýnar heldur á landinu en búast má við um 15-20 gráðum víðast hvar. Heldur léttir til vestanlands er líður á daginn. Um helgina verður hægviðri um allt land, hlýtt í veðri og þurrt að mestu. Þó eru horfur á síðdegisskúrum á stöku stað.




**Á MORGUN** Hægviðri eða hafgola.

**SUNNUDAGUR** Hæg breytileg átt um allt land.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Bassel | 28° |
| Berlín | 26° |
| Billund | 22° |
| Eindhoven | 22° |
| Frankfurt | 28° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 24° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 29° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 25° |
| París | 23° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


TAX
FREE
DAGAR
Gelert
AFNEMUM VSK
ALLAR ÚTILEGUVÖRUR ÁN VIRÐISAUKASKATTS
AFNEMUM VSK
ÖLL HJÓL ÁN VIRÐISAUKASKATTS
RALEIGH
www.crosscycle.com
grandhall
living style
AFNEMUM VSK
ÖLL GRILL ÁN VIRÐISAUKASKATTS
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Gildir til 28. júní eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Á Alþingi að samþykkja Icesave-samningana?*

| | |
|---|---|
| Já | 22% |
| Nei | 78% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu bjartsýnni á ástandið eftir undirritun stöðugleikasáttmálans?*

Segðu skoðun þína á Visir.is. vísir

Sextugasta og öðrum fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins lauk á Madeira í gær:

# Málamiðlun var slegið á frest

**SJÁVARÚTVEGUR** Fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins á portúgölsku eyjunni Madeira lauk í gær án þess að sátt næðist milli ríkja sem hlynnt eru hvalveiðum og hinum sem eru þeim andsnúin en markmið fundarins var að marka framtíðarstefnu ráðsins.

Fundurinn samþykkti þó að veita sáttarnefnd, sem Íslendingar eiga fulltrúa í, ár til að vinna að málamiðlun en hún mun þurfa að skila ráðinu skýrslu rúmlega mánuði fyrir næsta fund ráðsins sem er eftir ár. Ástralar, sem eru veiðunum andvígir, og Japanar deildu hart á þessum fundi og var haft eftir formælanda japönsku sendinefndarinnar á Reuters að ef ekki næðist samkomulag á fundinum gæti það leitt til þess að Alþjóðahvalveiðiráðið heyrði sögunni til.

Ekki var tekin endanlega afstaða til málamiðlunartillögu Grænlendinga um að fá að veiða tíu hnúfubaka á næsta ári. Fá þeir nokkurn frest til að afla frekari gagna um málið. „Sum ríki áttu erfitt með að trúa að þeir þyrftu á þessum aukakvóta að halda,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, sem var á fundinum. - jse



**HNÚFUBAKUR** Grænlendingar vilja veiða tíu hnúfubaka á næsta ári en Alþjóðahvalveiðiráðið vill fá að melta það betur áður en ákvörðun um það verður tekin.

Ungur Hrunamaður fyrir rétt:

# Ákærður fyrir árás með flösku

**DÓMSMÁL Tæplega tvítugur maður úr Hrunamannahreppi hefur verið ákærður fyrir alvarlega líkamsárás á Selfossi í nóvember síðastliðnum.**

**Manninum er gefið að sök að hafa ráðist á 26 ára mann með flösku að vopni um miðja nótt fyrir utan skemmtistaðinn Hvíta húsið á Selfossi og slegið hann í höfuðið með flöskunni. Fórnarlambið hlaut talsvert mar af árásinni, kúlu á ofanverðan hnakkann og grunnan skurð á höfuðið.**

**Fórnarlambið krefst um 776 þúsund króna, auk vaxta, í skaðabætur vegna árásarinnar.** - sh

Farrah Fawcett látin:

# Erfið barátta við krabbamein

**FÓLK** Leikkonan Farrah Fawcett lést í Los Angeles í gær 62 ára að aldri eftir erfiða baráttu við krabbamein frá árinu 2006. Hún sló í gegn á áttunda áratugnum í þáttunum Charlie‘s Angels.



**FARRAH FAWCETT**

Farrah var í sambandi með leikaranum og ógæfumanninum Ryan O‘Neal, sem meðal annars lék í „vasaklútamyndinni“ Love Story. Ryan sagði í gær að þrátt fyrir erfiða tíma fyrir fjölskylduna og vini hennar þá þökkuðu þau fyrir þann tíma sem þau áttu með henni.

Snemma árs var sjónvarpsheimildarmynd frumsýnd um baráttu Fawcett við sjúkdóm hennar, sem hét Farrah‘s story. - vsp

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Þjófur með óútskýrt grillkjöt

Lögregla handtók mann á þrítugsaldri í Kópavogi í fyrrinótt fyrir innbrot í tvo bíla. Maðurinn hafði muni á brott úr öðrum bílnum og var færður í fangageymslur. Á honum fundust kynstur af grillkjöti sem hann gat ekki útskýrt hvar hann hafði fengið.

### Verðmætum stolið í Árbæ

Tilkynnt var um innbrot í Árbæ í fyrrinótt. Þar hafði þjófur látið greipar sópa og stolið miklum verðmætum. Karlmaður á fimmtugsaldri var handtekinn vegna málsins og viðurkenndi að hafa verið að verki. Unnið er að því að endurheimta þýfið.

### Dekkjaþjófar á ferð

Nagladekkjum var stolið úr fyrirtæki í Mosfellsbæ og dekkjaþjófar voru einnig á ferð í Hafnarfirði. Vegna síðarnefnda málsins voru tveir menn á þrítugsaldri handteknir.

### Þrír gaskútar hurfu

Lögreglan fékk tilkynningu um það í fyrradag að tveimur gaskútum hefði verið stolið í Grafarvogi. Þá barst einnig tilkynning um gaskútsstuld í Mosfellsbæ.

# Þúsundir ábendinga um klám og ofbeldi

**Barnaheill hafa borist rúmlega 4.000 ábendingar um barnaklám og ofbeldi gegn börnum á netinu. Rúmlega þriðjungur sýndi börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Tilkynningar fara framvegis beint til Ríkislögreglustjóra.**

**FÉLAGASMÁL** Barnaheill og Ríkislögreglustjóri undirrituðu í gær samning þess efnis að ábendingar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á netinu færu framvegis beint til lögreglu. Frá árinu 2001 hefur Barnaheill starfrækt ábendingalínu þar sem fólk getur komið fram með upplýsingar um hugsanlegt ofbeldi á netinu.

„Þetta er góður áfangi og hluti af eðlilegri þróun í þessum málaflokki,“ segir Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheillar. „Þar sem um er að ræða glæpi gegn börnum og óeðlilegt efni sem oft krefst lögreglurannsóknar finnst okkur eðlilegt hjá Barnaheill að skoðun ábendinga sé í höndum Ríkislögreglustjóra,“ segir Petrína.

Frá október 2001 og til loka árs 2008 bárust 4.067 ábendingar til Barnaheillar. Af þessum ábendingum voru 1.376, eða 34 prósent, sem sýndu börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt.

Ábendingalínan hefur verið hluti af stærra verkefni gegn barnaklámi og kynferðisofbeldi. Petrína bendir jafnframt á að mikil sérfræðiþekking sé nú til staðar hjá Ríkislögreglustjóra um málefni barna á netinu. Petrína segir að lögreglan njóti mikils trausts og sé betur til þess fallin að greina þær ábendingar sem berist.

Einnig var undirritað samkomulag milli Barnaheills, Ríkislögreglustjóra og Heimilis og skóla um netöryggi og forvarnir. „Með þessu samkomulagi erum við að sameina krafta okkar og efla forvarnir og fræðslustarf varðandi netöryggi,“ segir Petrína. „Okkur þykir eðlilegt að Barnaheill sinni forvarnastarfi og fræðslu og eftirláti Ríkislögreglustjóraembættinu að rannsaka þær ábendingar sem berast um barnaklám eða ofbeldi gegn börnum á netinu,“ segir Petrína. Hún segir að Barnaheill hafi farið í viðræður við Ríkislögreglustjóra fyrir um tveimur árum og þetta samkomulag sé afrakstur þeirrar vinnu.

Barnaheill, Save the Children, er alþjóðleg samtök sem byggja á fjárframlögum og eru starfrækt í 120 löndum. Barnaheill hefur verið með starfsemi á Íslandi í tuttugu ár. Samtökin voru hins vegar stofnuð fyrir níutíu árum.

bta@frettabladid.is



**SAMKOMULAGIÐ UNDIRRITAÐ** Helgi Ágústsson, formaður Barnaheillar, Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheillar, Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri og Sjöfn Þórðardóttir, formaður Heimilis og skóla, skrifa undir samkomulagið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> „Þetta er góður áfangi og hluti af eðlilegri þróun í þessum málaflokki,“
>
> **PETRÍNA ÁSGEIRSDÓTTIR**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI BARNAHEILLA




**HEITIR POTTAR**

**Rafmagnspottar og hitaveituskeljar Í MIKLU ÚRVALI.**

**VERÐ FRÁ 198.000,-**

Heitir Pottar og Skeljar Kleppsvegi 152 sími 554 7755

**heitirpottar.is**



**RUGLVERÐ Í 2 DAGA!**

GILDIR FÖSTUDAG OG LAUGARDAG!



appliance

Vandaður **stál blástursofn** með ekta heitum blæstri, grilli ásamt undir- og yfirhita
- **7 eldunarkerfi**
- Stafræn **tölvuklukka** með mörgum aðgerðum
- Stór og rúmgóður ofn með skúffu, plötum og grind
- Burstað stál og stálhandfang
- Verð áður kr **79.900**

ÞÚ SPARAR 25.000

Verð nú 54.900

Rafha ehf

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is


**Neytendur:** Er tvöfalt hagkerfi að myndast?

# *Ferðamannahagkerfið og hitt*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Í framhaldi af grein á miðvikudag um verðlagningu í evrum í Kerlingarfjöllum hefur Páll Gíslason, sem rekur ferðaþjónustuna þar, breytt verðlistanum svohljóðandi: *„Í fyrsta lagi tökum við gengisvísitöluna 190 sem sumarvísitöluna, í trausti þess að krónan styrkist. Þannig lækkaði verð almennt. Í öðru lagi þá gerðum við þá breytingu að börn innan 12 ára fá frítt á tjaldstæðið og unglingar í fylgd með foreldrum, 12-14 ára, fá 50% afslátt. Þannig teljum við okkur hafa komið mjög vel til móts við þarfir íslensks fjölskyldufólks.“*

En það er víðar en í Kerlingarfjöllum sem menn eru farnir að „verðleggja Íslendinga út af kortinu“. Síðan í haust hefur Bláa lónið miðað sitt verðlag við evrur. Þar kostar nú 3.400 kr. (20 evrur) ofan í. Elding, hvalaskoðunarfyrirtækið í Reykjavík, rukkar útlendinga í evrum, 45 evrur kostar ferðin, 8.000 kr. Þeir fáu Íslendingar sem leggja leið sína í hvalaskoðun fá hins vegar ferðina á 5.000 krónur, líklega af samúðarástæðum.



Á ónefndum bar var ferðamanni boðið að skipta evrum á genginu 120 kr., sem vitanlega er nokkuð vel í lagt fyrir barinn. Sé fólk með erlenda ferðamenn á sínum snærum er því eiður vegi að vara þá við því ferðamannahagkerfi sem hér virðist vera að myndast í kreppunni. Það er óneitanlega á nokkuð gráu svæði.



# HELGAR BOMBA!

## EGG sófarnir vinsælu loksins komnir aftur

**SÓFA BOMBA**
TAKMARKAÐ MAGN
AÐEINS 30 STK



**AÐEINS 159.900**

TUNGUSÓFI - svart leður, vinstri og hægri tunga
vnr. 4200960-61



**AÐEINS 159.900**

TUNGUSÓFI -hvítt leður, vinstri og hægri tunga
vnr. 4200962-3

**SVAKA SÆTIR SKEMLAR**
TAKMARKAÐ MAGN
AÐEINS 33 STK



SKEMILL - svart leður. 45x40
vnr.4200453

**15.990**

**20%**
AFSLÁTTUR
**AF ÖLLUM ÖÐRUM VÖRUM**
FÖSTUDAG- SUNNUDAG
**EGG SKÚTUVOGI**

**EGG** ER Í VERSLUN BLÓMAVALS SKÚTUVOGI

**OPIÐ TIL KL. 21:00 ALLA DAGA**

EGG SKÚTUVOGI

EGG Skútuvogi Sími 525 3400 www.egg.is Opið virka daga 10:00 - 21:00 Laugardaga 10:00 -21:00 Sunnudaga 11:00 - 21:00

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað heitir fjölþrautarkonan úr Ármanni sem á miðvikudag bætti Íslandsmet í sjöþraut?*
2. *Hver er nýr bæjarstjóri á Seltjarnarnesi?*
3. *Hvar hafa Árni Johnsen og félagar hans komið upp sjö kalkúnum?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Eymundsson tekur við nýlegum vasabrotsbókum í endurvinnsluátaki:

# Borga fyrir vasabrotsbækur

**BÓKMENNTIR** „Við vonumst til að þetta uppátæki okkar lyfti brúnum á brúnaþungri þjóð, og viðskiptavinirnir fari léttir í skapi inn í helgina," segir Bryndís Loftsdóttir, vörustjóri hjá Eymundsson. Í dag byrjar Eymundsson að taka á móti öllum vasabrotsbókum, innlendum og erlendum, sem gefnar hafa verið út árið 2007 eða síðar, og greiða fólki 200 krónur fyrir stykkið í formi inneignar. Inneignina er svo hægt að nota upp í nýjar eða notaðar bækur eða aðrar vörur sem fáanlegar eru í verslunum fyrirtækisins.

Bryndís segir hugmyndina hafa komið frá bóksala innan fyrirtækisins. „Þetta tíðkast víða, er til dæmis mjög vinsælt í Noregi, og svo byggjast vefsíður eins og Amazon og fleiri mikið á þessari hugmynd. Skiptimarkaður með námsbækur hefur fest sig rækilega í sessi hér á landi og okkur fannst upplagt að færa hugmyndina yfir á vasabrotsbækur."



**EYMUNDSSON** Skiptimarkaðir með vasabrotsbækur tíðkast víða erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bryndís trúir því að átakið muni vekja stormandi lukku. „Þessi endurvinnslupæling er mjög í takt við stemninguna í þjóðfélaginu. Það er um að gera að nýta allt sem við eigum til hins ýtrasta."

Að sögn Bryndísar þurfa bækurnar að vera í söluhæfu ástandi. Þær verða svo seldar aftur á 400 krónur stykkið, en jafnframt verður þriðja bókin boðin í kaupbæti. Átakið stendur út júlímánuð. **- kg**

Handtaka og húsleit:

## Kannabisrækt í tveimur húsum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjavík kom upp um kannabisræktun í tveimur heimahúsum í miðborginni á þriðjudag.

Í öðru húsinu var maður handtekinn eftir að munir sem taldir eru þýfi fundust. Við húsleit í hinu húsinu fannst einnig eitthvað af amfetamíni og maríjúana og var maður á þrítugsaldri yfirheyrður vegna málsins.

Lögreglan fann amfetamín og maríjúana í húsi í austurborginni. Í kjölfarið var maður um fimmtugt handtekinn. Þá voru höfð afskipti af tveimur mönnum sem höfðu fíkniefni í fórum sínum og var annar þeirra handtekinn. **- hds**

Öryggi vegabréfa bætt:

## Fingraför í öll vegabréf

**ÖRYGGISMÁL** Fingraför verða í örgjörvum allra nýrra vegabréfa sem koma út eftir 28. júní. Þetta er gert í samræmi við samþykktir Schengen-ríkja á vettvangi ESB. Eldri vegabréf halda gildi sínu út gildistímann, að sögn Þorvarðar Kára Ólafssonar, skilríkja- og öryggissérfræðings hjá Þjóðskrá.

Þorvarður segir þau lönd sem þegar hafi tekið þetta upp nota fingraförin til að flýta fyrir afgreiðslu á landamærastöðvum. Þegar farið verði að nota þetta á Íslandi verði fingralesarar á staðnum og sú mynd sem tekin er af lesurunum er borin saman við vegabréfin, að sögn Þorvarðar.

Tilgangur fingrafaravegabréfa er að fullnægja kröfum um öryggi vegabréfa sem gerðar eru báðum megin Atlantshafsins. **- vsp**

Gönguskáli Orkuveitunnar:

## Rústirnar þrifnar með þyrlu

**BRUNI Starfsfólk OR og Vátryggingafélags Íslands fór í gær að rústum Dalasels, gönguskála Orkuveitu Reykjavíkur í Reykjadal, sem eyðilagðist í bruna um helgina. Farið var til að meta aðstæður og koma í veg fyrir að rusl fyki úr brunarústunum.**

**Hugsanlegt er að notast verði við þyrlu við hreinsun skálans. Þyrla var notuð til að flytja efnivið þegar skálinn var byggður árið 1994 því erfitt er að komast að honum á ökutækjum. Skálinn stóð ofarlega í Reykjadal á Hengilssvæði milli Hveragerðis og Ölkelduháls, þar sem langt er í næsta bílveg.** **- hds**

## KÍNA

### Sex teknir af lífi

Sex manns voru teknir af lífi í Kína í gær fyrir eiturlyfjaframleiðslu og dreifingu. Ekki hefur verið greint nánar frá brotum fólksins. Í gær var alþjóðlegur dagur gegn eiturlyfjamisnotkun og ólöglegri dreifingu. Dagurinn er venjulega notaður til aftakna á eiturlyfjasölum í Kína.



**VIÐ MÚRINN** Ungur drengur seldi flugdreka við aðskilnaðarmúr Ísraela á milli Ramallah og Jerúsalem í gær, á sama tíma og tilkynnt var að palestínskar öryggissveitir myndu taka yfir öryggisgæslu í borgunum og tveimur öðrum borgum á Vesturbakkanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Palestína fær aukna stjórn á Vesturbakka

**Ísraelsk og palestínsk stjórnvöld tilkynntu í gær að Palestínumenn myndu taka yfir öryggisgæslu í fjórum borgum á Vesturbakkanum. Ákvörðunin er talin hafa verið tekin vegna aukins þrýstings frá bandarískum stjórnvöldum.**

**VESTURBAKKINN, AP** Ísraelskar hersveitir munu minnka viðveru sína og fækka hermönnum í borgunum Kalkíla, Ramallah, Betlehem og Jerikó á Vesturbakkanum. Palestínskar öryggissveitir munu taka við stjórninni. Greint var frá þessu í gær.

Bandaríkin hafa þjálfað þúsundir hermanna á Vesturbakkanum til að undirbúa stofnun palestínsks ríkis. Geta Palestínumanna til að halda uppi lögum og reglu er mikilvægur þáttur í friðarviðræðum, því Ísraelar vilja vera þess fullvissir að palestínskt ríki muni ekki ógna öryggi Ísraels.

Talið er að Ísraelar hafi fallist á þetta vegna þrýstings frá Bandaríkjunum. Degi fyrr hafði fundi Benjamins Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, og George Mitchell, erindreka Bandaríkjanna, sem átti að fara fram í París, verið aflýst. Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur krafist þess að Ísraelar hætti að byggja á landtökusvæðum á Vesturbakkanum og í austurhluta Jerúsalem, en Netanyahu hefur sagst vilja halda áfram „eðlilegri uppbyggingu" á svæðunum. Annað merki um árangur þrýstings frá Bandaríkjunum er að nýlega voru hundruð ísraelskra vegatálma tekin niður.

Khaled Meshaal, pólitískur leiðtogi Hamas-samtakanna, kallaði eftir því í gær að Bandaríkin spiluðu stærra hlutverk í friðarviðræðum fyrir botni Miðjarðarhafs. Hann sagði Obama hafa tekið fyrsta skrefið í rétta átt en nauðsynlegt væri að Ísraelar afhentu landtökusvæðin sem fyrst, ef Palestína ætti að styðja við friðarsamning. Meshaal er í útlegð í Sýrlandi.

Í gær voru þrjú ár liðin frá því að palestínskir skæruliðar tengdir Hamas-samtökunum rændu nítján ára gömlum ísraelskum hermanni á Gasasvæðinu. Hermaðurinn Gilad Schalit hefur ekki sést síðan og Rauða krossinum hefur verið meinað að hitta hann. Hamassamtökin hafa á þremur árum sýnt tvær myndbandsupptökur af honum og borið bréf á milli hans og fjölskyldu hans. Fjölskyldan segir þó að ekkert hafi heyrst frá honum síðasta árið. Samningaviðræður milli Ísraels og Hamas vegna hermannsins hafa runnið út í sandinn, en Hamas-liðar krefjast þess að hundruð palestínskra fanga verði látin laus í skiptum fyrir hermanninn.

thorunn@frettabladid.is

Rifist um lífeyrissjóði á þingi:

## Sjóðirnir verði lýðræðislegri

**ALÞINGI Pétur H. Blöndal alþingismaður sagði á Alþingi á mánudag að brýnt væri að lífeyrissjóðsfélagar geti sjálfir kosið sér stjórn. Þannig yrði lýðræði aukið.**

**Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra vísaði orðum Péturs á bug og varaði við því að gera sjóðina tortryggilega. „Engar fjármálastofnanir lúta eins miklu lýðræðislegu aðhaldi og lífeyrissjóðir," sagði Ögmundur.**

**Guðlaugur Þ. Þórðarson alþingismaður sagði að gaman hefði verið að orðum Ögmundar þar sem að hann hefði verið formaður stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.** **- vsp**



**VIÐ LEIT** Nokkurt magn braks hefur verið veitt úr hafinu eftir Airbus-þotuna sem hrapaði í maílok. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Flugslysið í Atlantshafinu:

## Kennsl borin á flugstjóra vélar

**BRASILÍA, AP** Borin hafa verið kennsl á ellefu af þeim fimmtíu líkum sem hafa fundist eftir flugslys í Atlantshafi hinn 31. maí.

Meðal annarra hafa verið borin kennsl á flugstjóra vélarinnar og einn flugþjón, að því er fram kom í tilkynningu frá flugfélaginu Air France. Stéttarfélag flugmannsins hefur sagt frá því að hann hafi heitið Marc Dubois og verið franskur.

Enn er leitað að svörtu kössum vélarinnar til þess að hægt verði að komast að því hvað gerðist við hrap vélarinnar. Kassarnir gefa frá sér hljóð í um 30 daga og því eru aðeins nokkrir dagar þar til þeir þagna. **- þeb**




# Sparaðu ... með okkur!



30% afsláttur

KJÖTSEL

GRILL LAMBAKÓTILETTUR

**1.959** kr/kg

~~2.798~~ kr/kg

KJÖTSEL

GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR

**1.889** kr/kg

~~2.698~~ kr/kg

30% afsláttur



50% afsláttur

BLÁBER
300g



*beint frá USA!*

ÓDÝRT



PASTASÓSA, 500g
með lauk og hvítlauk

**199** kr/stk.




60% afsláttur

GOODFELLA'S PIZZUR, 2stk.

**199** kr/pk.

~~499~~ kr/pk.



SPAGHETTI, 500g

**99** kr/pk.




DANSKAR KJÚKLINGALUNDIR, 700g

**998** kr/pk.



GRILL HAMBORGARAR
10x90g, frosnir

**1.049** kr/pk.

~~1.498~~ kr/pk.

30% afsláttur




DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR, 900g

**1.198** kr/pk.

ÓDÝRT




QI FERSKUR APPELSÍNUSAFI, 1l

**199** kr/stk.

TILBOÐIN GILDA 25. - 28. JÚNÍ EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Birt með fyrirvara um prentvillur.

www.markhonnun.is

www.netto.is

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

netto SPARNAÐUR

## STÖÐUGLEIKASÁTTMÁLINN

# Samningum náð um stöðugleika í samfélaginu

**Skrifað hefur verið undir sáttmálann sem á að vera grundvöllur endurreisnar efnahagslífsins. Kveðið á um verðbólgumarkmið og minni rekstrarhalla hins opinbera. Skera þarf niður um 128 milljarða til ársins 2011.**

Fulltrúar ýmissa launþegahreyfinga, Samtaka atvinnulífsins, ríkisstjórnar og sveitarfélaga skrifuðu undir stöðugleikasáttmálann í gær. Hann er í fjórtán liðum og tekur á ýmsum þáttum, svo sem kjarasamningum, skatthlutfalli, skuldastöðu heimila og endurreisn banka.

Nokkuð hafði gengið á í að koma sáttmálanum á koppinn. Fulltrúar ASÍ og SA vildu setja það inn í samningana að skattar yrði ekki yfir 45 prósentum af hlutfalli aðlögunaraðgerða árin 2009 til 2013. Fulltrúar opinberra starfsmanna vildu ekki setja neina ákveðna tölu á þetta hlutfall. Lendingin varð að miða við árið 2011, þó með þeim fyrirvara að ef aðstæður breyttust yrði að endurskoða forsendur.

Á þeim tíma á að greiða fjárlagahallann niður um 128 milljarða. Samkvæmt sáttmálanum verða skattar lækkandi hlutfall og ekki samtals hærri en 45 prósent, eða 58 milljarðar. Sjötíu milljarða þarf þá að spara með tilfærslum og niðurskurði.

Með sáttmálanum á það markmið að nást að í lok árs 2010 verði verðbólga ekki yfir 2,5 prósentum, halli hins opinbera ekki meiri en 10,5 prósent af vergri landsframleiðslu, dregið hafi úr gengissveiflum og vaxtamunur við evrusvæðið sé innan við fjögur prósent.

Mikil ánægja ríkti með niðurstöðuna og hrósuðu fulltrúarnir ráðherrum fyrir aðkomu sína. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði sáttmálann marka tímamót og hann væri nauðsynleg undirstaða endurreisnar efnahagslífsins.

Aðrir tóku í sama streng og ítrekuðu að mjög mikilvægt væri að halda samráðinu áfram. Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, sagði vissulega margt skilja félögin að og allir hefðu þurft að gefa eitthvað eftir. Horfa ætti þó frekar á samstöðuna. „Sameinumst um það sem við erum sammála um og reynum að hrinda því í framkvæmd.“

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjori Samtaka atvinnulífsins, sagði sáttmálann ekki snúast um stöðnun, heldur framfarir og nýja sókn. Hið raunverulega verkefni snerist um að koma í veg fyrir að spár um hörmungarástand rættust. **kolbeinn@frettabladid.**



**ÁNÆGJA MEÐ UNNIÐ VERK** Mikil gleði var með þann áfanga sem náðist með undirritun stöðugleikasáttmálans og fulltrúar óskuðu hverjir öðrum til hamingju. Hér minnast þau Jóhanna Sigurðardóttir og Gylfi Arnbjörnsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### AÐILAR SAMNINGS

Alþýðusamband Íslands
Bandalag háskólamanna
Bandalag starfsm. ríkis og bæja
Kennarasamband Íslands
Samtök starfsm. fjármálafyrirtækja
Samtök atvinnulífsins
Ríkisstjórn Íslands
Samband íslenskra sveitarfélaga

***Samtals eru yfir 150 þúsund launþegar í þessum samtökum.***

Sigmundur Davíð:

### SÁTTMÁLINN STÓR FRESTUNARAÐGERÐ



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokks, segir sáttmálann vera eina stóra frestunaraðgerð. Mikið sé af orðum eins og að „skoða eigi“ hitt og þetta. „Þarna eru hlutir sem hefði átt að vera búið að leysa í febrúar,“ segir hann og telur einnig skattahækkanirnar miklu stærri hluta en menn hafi gert ráð fyrir. Þær verða 45 prósent af aðgerðunum. „Ég hefði viljað hafa meira vægi sparnaðar. Lagðar eru auknar álögur á heimilin og fyrirtækin sem mörg hver hafa ekki efni á þessu. Þetta leiðir til þess að dregið er úr neyslu í samfélaginu og við megum ekki við því,“ segir Sigmundur. **- vsp**

Þorgerður Katrín:

### SKATTAHÆKKANIR HÆGJA Á HVATA



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, segir stöðugleikasáttmálann mikilvægan áfanga og gott framtak hjá aðilum vinnumarkaðarins. „Ég lýsi þó yfir miklum áhyggjum af því hvað verið er að hlífa ríkisvaldinu mikið við hagræðingu. Svona miklar skattahækkanir eru frekar til þess að hægja á efnahagshvatanum,“ segir hún og hefði viljað að hugmyndir Sjálfstæðisflokksins um skattlagningu inngreiðslna í lífeyrissjóði hefði verið ræddar. „Þær myndu stuðla að því að ekki þyrfti að skattleggja bæði einstaklinga og fyrirtæki,“ segir Þorgerður. Margt jákvætt er þó í sáttmálanum, að mati Þorgerðar, til dæmis að lækkaðir séu vextir og að gjaldeyrishöftin hverfi smám saman. **- vsp**

Birgitta Jónsdóttir:

### HEFÐI VILJAÐ FJÖLBREYTTARI LAUSNIR



Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Borgarahreyfingarinnar, segist hafna rammaáætlun AGS sem felist í stöðugleikasáttmálanum. Hún vilji ekki að AGS vasist í ríkisfjármálum. „Ég vil þó ekki vera með dómsdagsspár. Auðvitað vona ég að þessi markmið náist hjá þeim,“ segir hún, en kveðst óttast að boðaðar skattahækkanirnar kunni að ýta einstaklingum og fyrirtækjum á tæpasta vað. „Þjóðin þolir ekki fleiri gjaldþrot. Ég kalla eftir fjölbreyttari lausnum,“ segir Birgitta. Til dæmis að skera frekar niður í bönkunum en í velferðarkerfinu. „Það hefði líka verið mjög flott að einhverjar lausnir yrðu sýndar sem fyrst í rannsókninni á bankahruninu.“ **- vsp**

Þjóðarsáttarmenn ánægðir með að sátt hafi náðst á vinnumarkaði:

# Skrýtið að semja um launahækkanir

Þórarinn V. Þórarinsson, sem var framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands þegar þjóðarsáttin var gerð, segir skrýtið að samið sé um launahækkanir í stöðugleikasáttmálanum.



**ÞÓRARINN V. ÞÓRARINSSON**

„Ég geng þó út frá því að það sé það gjald sem greiða þurfti til að tryggja frið á vinnumarkaði út 2010,“ segir Þórarinn.

Mikilvægt er að samstaða hafi náðst á takmörkun skattahækkana ríkisstjórnarinnar, að mati Þórarins. Skattahækkanir verða 45 prósent af aðgerðunum. Þrýstingur var að hafa hlutfallið hærra.

Ákveðið öryggi er fólgið í því að kominn sé stuðningur við þær aðgerðir sem styðja þarf við, að sögn Þórarins. Við afnám gjaldeyrishafta skiptir þó máli að búið verði að grípa til ráðstafana sem styðja við gengi krónunnar.



**ARI SKÚLASON**

Spurður um hvort einhverjar hættur séu í sáttmálanum segir Þórarinn Íslendinga eiga mjög mikið undir því að staðinn sé vörður um lífeyrissjóðskerfið. „Það verður mikið verkefni að verja þá stöðu og verja framtíðina í kerfinu,“ segir Þórarinn.

Ari Skúlason, sem var forstöðumaður hagdeildar Alþýðusambandsins á tímum þjóðarsáttar, segir sáttmálann vonandi vera fyrsta jákvæða skrefið af mörgum.

Hann segir hættumerki ekki áberandi í sáttmálanum. Aðallega sé verið að tryggja frið á vinnumarkaði og annað hangi á því. „Það er svo hlutverk stjórnvalda að halda utan um sáttmálann og efna hann,“ segir Ari. **- vsp**



**ÞJÓÐARSÁTTIN** Hún var gerð árið 1990. Hér sjást Ásmundur Stefánsson, Haukur Halldórsson og Einar Oddur Kristjánsson innsigla sáttina.

## STÖÐUGLEIKASÁTTMÁLINN SEM UNDIRRITAÐUR VAR Í GÆR

**1. Kjarasamningar**
Búið að semja á almennum vinnumarkaði. Samið á opinberum vinnumarkaði hið fyrsta. Samningar allra renni út í lok nóvember 2010.

**2. Fyrirliggjandi aðgerðir í ríkisfjármálum**
Skattar ekki meira en 45 prósenta hlutfall aðlögunaraðgerða fyrir árin 2009 til 2011. Verði efnahagsástandið verra en búist er við verði hægt að endurskoða þetta. Fjárlagafrumvarp 2010 í samræmi við framlagða áætlun, samhliða verði eins ítarleg útfærsla á frumvarpinu fyrir 2011 og kostur er.

**3. Bætt staða lántakenda og skuldsettra heimilda**
Vinnu ráðherranefndar hraðað og unnar tillögur í samráði við aðila vinnumarkaðarins um viðbótarúrræði. Lagðar fram tillögur um hvernig styrkja megi stöðu lántakenda.

**4. Framkvæmdir til að stuðla að aukinni atvinnu**
Gata ákveðinna stórframkvæmda samkvæmt þjóðhagsáætlun verði greidd, svo sem vegna álvers í Helguvík og Straumsvík. Ríkisstjórnin gangi til samstarfs við lífeyrissjóði um að fjármagna stórar framkvæmdir.

**5. Endurreisn banka**
Endurskipulagningu lokið fyrir 1. nóvember 2009. Erlendir aðilar geti eignast meirihluta í einhverjum nýju bankanna og jafnvel öðrum fjármálafyrirtækjum.

**6. Endurreisn atvinnulífs og samfélagsleg ábyrgð**
Mótuð verði sameiginleg viðmið sem fylgt verði við endurreisn atvinnulífsins.

**7. Hömlur á gjaldeyrisviðskipti**
Hömlum verði aflétt í áföngum í samræmi við tímasetta áætlun ríkisstjórnar sem verður lögð fram fyrir 1. ágúst 2009. Leitast við að aflétta hömlum á nýrri fjárfestingu fyrir 1. nóvember 2009.

**8. Málefni sveitarfélaga**
Gengið frá útistandandi skuldum ríkis vegna húsaleigubóta. Samstarf eflt á milli ríkis og sveitarfélaga á sviði efnahagsmála og áætlanir og þjóðhagsreikningar hins opinbera búskapar verða samræmd.

**9. Málefni lífeyrissjóða**
Málefni lífeyrissjóða tekin til skoðunar frá grunni í samvinnu aðila. Ráðstafanir gerðar til að unnt sé að fresta ákvörðunum um fjármögnun eða skert réttindi sjóðsfélaga.

**10. Lækkun vaxta**
Sáttmálinn skapi þær aðstæður að stýrivextir Seðlabanka Íslands lækki í eins stafs tölu fyrir 1. nóvember 2009.

**11. Samstarf um eftirlit á vinnumarkaði og vinnustaðaskírteini**
Virkt samstarf tekið upp um eftirlit á vinnustöðum og vinnustaðaskírteini.

**12. Framkvæmd yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 17.2.2008 og tengd atriði**
Ríkisstjórnin beiti sér fyrir lögfestingu gjalds í Starfsendurhæfingarsjóð frá atvinnulífinu á árinu 2009. Sjóðurinn fái 150 milljóna ríkisframlag árið 2010, 250 milljónir árið 2011 og 350 árið 2012.

Skattaleg meðferð greiðslna úr sjúkra- og fræðslusjóðum og greiðslur úr verkfallssjóði endurskoðuð.

Framlög til fullorðinsfræðslu aukin.

**13. Fyrirvari Samtaka atvinnulífsins**
Samtökin viðhalda fyrirvara um að endurskoðun fiskveiðistjórnunar verði í þeim sáttarfarvegi sem lagt var upp með við skipan nefndar til að vinna að því máli.

**14. Allir aðilar samþykkja að vinna að framgangi sáttmálans og annarra brýnna samfélagsverkefna á formlegum samráðsvettvangi, auk Bændasamtakanna, undir forystu forsætisráðherra.** - kóp

# Komdu með gömlu kiljurnar



# Fáðu nýjar í staðinn

**Komdu með kiljur sem eru útgefnar 2007 eða seinna. Þú færð 200 kr. inneign fyrir hverja og getur þannig safnað þér fyrir nýrri!**

**Taktu til í bókaskápnum og gefðu öðrum tækifæri til að kaupa kiljur á gjafverði.**

Gildir út júlímánuð

eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

## „ORÐRÉTT“

*Alveg eins og Árni*

**„Kalkúnar eru duglegir fuglar.“**

ÁRNI JOHNSEN ALÞINGISMAÐUR, SEM BYRJAÐUR ER AÐ RÆKTA KALKÚNA.

Fréttablaðið, 25. júní.

*Byr undir báða?*

**„Þrálátur orðrómur um fjárböðun íslenzkra banka fyrir rússneska auðkýfinga horfir nú öðruvísi við en áður.“**

ÞORVALDUR GYLFASON HAGFRÆÐINGUR UM RANNSÓKN Á EFNAHAGSHRUNINU.

Fréttablaðið, 25. júní.

**tilveran**

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** KRISTINN H. GUNNARSSON, FYRRVERANDI ÞINGMAÐUR:

## *Gott að hafa staðið af sér ofurvaldið*

„Það er allt gott að frétta af mér,“ segir Kristinn H. Gunnarsson, fyrrverandi þingmaður. Hann var staddur í höfuðborginni þegar Fréttablaðið heyrði í honum hljóðið. „Ég hef þó verið mestmegnis fyrir vestan [í Bolungarvík] og er nú að búa mig undir að fara vestur aftur. Reyndar til Bíldudals að þessu sinni en þar er að hefjast hátíðin Bíldudals grænar. Ég hef alltaf reynt að komast á þessa hátíð en það er alveg magnað að verða vitni að því hversu öflugt lista- og menningarlífið er í þessu fámenna þorpi.“

Hann segir heimamenn í Bolungarvík ekkert taka sér öðruvísi nú en þegar hann var þingmaður. „Þeir taka mér eins og stjórnmálamanni enda er ég ekki hættur afskiptum af stjórnmálum svo ég lít sjálfur á mig sem stjórnmálamann.“ Spurður hvað hann lesi og skrifi svarar hann:



„Ég er að rekja mig í gegnum skjöl og gögn sem tengjast Icesave-málinu. Þannig að afstaða mín verður byggð á sterkum grunni þegar hún liggur fyrir.“

Ekki má láta undir höfuð leggjast að spyrja hvort hann sakni síns gamla vinnustaðar. „Já, svona bæði og. En hins vegar er það alveg ljóst að það fylgir því mikill vandi að vera á þingi núna. Nú reynir sem aldrei fyrr á að þingmenn séu tryggir eigin sannfæringu. Þeir þurfa nú ekki aðeins að standast pressuna frá ofurvaldi flokksforingja heldur einnig pressuna frá samfélaginu sem er þyngri en áður.“ Eins og menn muna lét Kristinn ofurvald flokksforingja aldrei beygja sig. „Nei, nei, og það gerir það ekki úr þessu. En ég tel það bara nokkuð gott að hafa staðið það af sér.“

## KALKÚNI:

### NAFNIÐ MISSKILNINGUR

■ Kalkúnar fengu sitt enska heiti, turkey, fyrir misskilning. Þegar Evrópubúar sáu fuglana fyrst á meginlandi Ameríku minntu þeir þá á tyrkneska hænsnfugla oft nefnda tyrkjafugla. Kalkúnar eiga hins vegar ekkert skylt við Tyrkland.

Tveir stofnar af fuglunum eru til og lifa þeir báðir í Norður-Ameríku. Fuglinn er mjög stór, með ríflega 1,5 metra vænghaf. Hann er ekki mikill flugfugl en getur tekið á loft ef hætta steðjar að. Það fer þó eftir þyngd hans. Mikil kalkúnarækt er í Bandaríkjunum og nú eru nokkrir fuglar komnir í Bjarnarey, sem er hluti af Vestmannaeyjunum.

## SJÓNARHÓLL

**DÓMSTÓLALEIÐIN Í ICESAVE-MÁLINU**

### *Lífsspursmál fyrir framtíð þjóðarinnar*



FRIÐJÓN R. FRIÐJÓNSSON

„Það er glæpsamlegt að hafa ekki skoðað dómstólaleiðina,“ segir Friðjón R. Friðjónsson, ráðgjafi í Washington, spurður um skoðun sína á dómstólaleiðinni í Icesave-málinu. Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari viðraði þá skoðun sína í Morgunblaðinu á dögunum að það væri skylda íslenskra ráðamanna að láta reyna á samninginn fyrir dómstólum. Friðjón segist sammála Jóni Steinari Gunnlaugssyni að best sé að reyna á samninginn fyrir dómstólum.

„Auðvitað átti að láta reyna á dómstólaleiðina frá upphafi. Það var ófyrirgefanlegt af fyrrum ráðherrum Sjálfstæðisflokksins að láta undan Samfylkingunni í því máli. Það er lífsspursmál fyrir framtíð þjóðarinnar að Icesave-samningunum verði hafnað og dómstólaleiðin verði reynd,“ segir Friðjón.


**Gefðu vatn**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is


# Völlurinn sem Bretar hættu við að steypa senn tekinn í notkun

**Flugvöllur sem Bretar gerðu skammt frá Höfn er að komast í gagnið. Stefnt er að því að Þristurinn lendi þar innan skamms.**

Flugvöllurinn á Melatanga fyrir utan Höfn í Hornafirði var að mestu horfinn undir jörð þegar Ágúst Þorbjörnsson ásamt starfsmönnum Fjöruferða fóru að vinna að því að gera flugbrautirnar fjórar færar til lendingar. Fyrr í þessum mánuði lenti svo Hörður Guðmundsson, flugstjóri og eigandi Flugfélagsins Ernis, lítilli vél sinni á vellinum. „Það má segja að þetta hafi verið nokkurs konar vígsla,“ segir Ágúst sem sleit barnsskónum við Melatanga.

Flugvöllurinn var gerður árið 1939 og var mikið notaður á stríðsárunum enda voru Bretar með um 300 hermenn á svæðinu þegar mest var. Ágúst segir að Bretar hafi ætlað að steypa völlinn og hafi þegar verið komnir með járn og sement til verksins en þá leið að stríðslokum og ekkert varð úr. Völlurinn var notaður í áætlunarflugi til Hornafjarðar til ársins 1965. Bæði afi og faðir Ágústs voru umsjónarmenn vallarins og var Ágúst því ekki hár í loftinu þegar hann fór að hjálpa til við afgreiðsluna á flugvellinum. Rétt eins og bróðir hans Vignir, sem síðar tók við sem umsjónarmaður flugvallarins á Hornafirði, nýja vellinum, enda hafa menn á orði að starfið gangi í erfðir. Hann vinnur nú fyrir Flugfélagið Erni sem er með áætlunarflug til Hornafjarðar.

Þeim bræðum þætti það því draumi líkast ef þristurinn, DC3 flugvélin, lenti á vellinum líkt og hún gerði svo oft þegar þeir voru pollar að hlaupa undir bagga með föður sínum og afa á Melatangavellinum í þá gömlu góðu daga.

„Við erum alveg til í það, það yrði einnitt tækifæri til að vinna að markmiðum okkar sem eru að halda vélinni í notkun og sýna hana sem mest,“ segir Tómas Dagur Helgason, flugstjóri og formaður Þristavinafélagsins.

Ekki var ekið að vellinum á sínum tíma og segir Vignir að það hafi þótt mikið ævintýri að fara á flugvöllinn með bát frá Höfn sem er rétt hinu megin við fljótið. Hins vegar er hægt að aka þangað nú en mörgum þætti það eflaust langt að aka í klukkustund frá Höfn að Melatanga þegar hægt er að komast sjóleiðina á örskorsstundu.

jse@frettabladid.is



**RELLAN Á VELLINUM** Hörður lendir vélinni sinni á vellinum fyrr í mánuðinum. Hætt var að nota völlinn árið 1965. MYND/JI-RIKIVATNAJOKULS.IS



**KÁTIR KARLAR** Haukur Sveinbjörnsson, eigandi Fjöruferða, tekur hér í hönd Vignis eftir að vélin hafði lent. Á milli þeirra er Ágúst. MYND/JI-RIKIVATNAJOKULS.IS


Smurþjónusta

**Sparaðu, láttu smyrja bílinn hjá Max1**

Innifalið 2 lítrar af Max1 rúðuvökva

**Max1 verðdæmi á ódýrri smurþjónustu**

| | | |
|---|---|---|
| Toyota Yaris | 1,3 | Olía, olíusía og vinna: 9.095 kr. |
| Nissan Almera | 1,5 | Olía, olíusía og vinna: 9.092 kr. |
| Mazda3 | 1,6 | Olía, olíusía og vinna: 9.370 kr. |
| Ford Focus | 1,6 | Olía, olíusía og vinna: 9.688 kr. |

*Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is*

**Reykjavík, sími 515 7190:** Bíldshöfða 5a, Bíldshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogi 2.
**Akureyri, sími 462 2700:** Tryggvabraut 5.
**Skoðaðu www.max1.is**

MAX1 BÍLAVAKTIN


Lionsklúbbur Hafnarfjarðar hefur valið þann sem tekur við af Björgvini Halldórssyni:

# Gaflari ársins kynntur í dag

Tilkynnt verður á Thorsplani klukkan fimm í dag hver hefur verið kosinn gaflari ársins og mun því taka við af Björgvini Halldórssyni söngvara sem varð þessa heiðurs aðnjótandi í fyrra.



GISSUR JÚNÍ KRISTJÁNSSON

„Það er voðalega gaman að þessu, þetta er svolítið krydd í tilveruna, ekki veitir af,“ segir Gissur Júní Kristjánsson úr Lionsklúbbi Hafnarfjarðar sem velur þann gaflara sem hefur með störfum sínum orðið Hafnfirðingum til gæfu og bænum ástkæra til hróðurs. „Annars er það mikill misskilningur að menn þurfi að vera bornir og barnsfæddir Hafnfirðingar til að teljast gaflarar,“ útskýrir hann. „Sá sem flytur til Hafnarfjarðar getur undireins talist gaflari kæri hann sig um það.“ Sjálfur segist hann hafa flutt úr firðinum ástkæra en sé alltaf á leiðinni að flytja heim aftur, áður en hann gangi af göflunum.

- jse

**ÞEIR SAM HAFA VERIÐ GAFLARAR ÁRSINS**

- Sigurbergur Sveinsson í Fjarðarkaupum
- Örn Arnarson sundkappi
- Þórey Edda Elísdóttir stangarstökkvari
- Guðrún Lárusdóttir, útgerðarmaður hjá Stálskipum
- Jóhannes Viðar Bjarnason, kenndur við Fjörukrána
- Lúðvík Geirsson bæjarstjóri
- Hulda Runólfsdóttir, kennari og leikkona



**ÁSTSÆLL SÖNGVARI** Björgvin Halldórsson skilar í dag titlinum „Gaflari ársins“. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




## Ferðafélag Íslands og VISA bjóða til hins árlega Esjudags

Fjölmargt verður í boði, s.s. Esjuhlaupið á Þverfellshorn, skipulagðar gönguferðir með fararstjórum FÍ, spennandi ratleikur fyrir alla fjölskylduna með glæsilegum verðlaunum. Gönguferð í fyrstu „búðir" með börnunum og Kjörís býður upp á Alparós.

Ferðafélag Íslands hefur stofnað Ferðafélag barnanna. Markmið þess er að öll börn kynnist útiveru og náttúru Íslands að eigin raun og á sínum forsendum. Skráning á staðnum.

**Komdu á Esjudaginn og kynnstu töfrum Esjunnar – hlökkum til að sjá þig.**

### Dagskrá Esjudagsins 27. júní

**12.50** Skráning í Esjuhlaupið
**13.00** Sveppi stígur á svið
**13:20** Kynning á ratleiknum
**13.30** Esjudagur settur
**13.35** Esjuhlaup ræst
**13.40** Gönguferð á Þverfellshorn með fararstjórum FÍ
**13.45** Gönguferðir um Mógilsá í umsjón Rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins og Skógræktarfélags Reykjavíkur
**13:50** Gönguferð í fyrstu „búðir" með börnunum
**14.30** Verðlaunaafhending vegna Esjuhlaupsins




ARGUS 08-0133

Skógræktarfélag Reykjavíkur · asics · Kjörís · VALITOR · VISA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS Kjúklingur
Bringur
1498
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR 1498 kr./kg.
BÓNUS Kjúklingur
Kjúklingalundir
1598
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR 1598 kr./kg.
K.S FROSINN LAMBAHRYGGUR
1258 KR./KG.
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI
1078 KR./KG.
1198
GRÍSALUNDIR INNFLUTTAR
(FRYSTIVARA) 1198 kr./kg.
ÍSLANDS NAUT
2698
ÍSLANDSNAUT: GRILLSTEIK INNRALÆRI
(NEW ORLEANS) 2698 kr./kg.
2698
ÍSLANDSNAUT: GRILLSTEIK Í SNEIÐUM
2698 kr./kg.
BÓNUSPYLSA Í BRAUÐI 50 KR.
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK 98 kr
BÓNUS PYLSUR 629 kr/kg.
PYLSA Í BRAUÐI ÁN MEÐLÆTIS CA 50 KR.
Gott á grillið
Kryddlegnar grísakótilettur að hætti grillmeistarans
998
GRILLMEISTARA GRÍSAKÓTILETTUR KRYDDAÐAR 998 kr./kg.
HAMBORGARI Í BRAUÐI 150 KR.
BÓNUS HAMBORGARABRAUÐ XL 4 STK 120 kr
K.F HAMBORGARAR 10 STK- 120G 1199 kr.
Grísaveisla
498
GRÍSAVEISLU GRÍSAHAKK 498 kr./kg.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára
BÓNUS
1989 - 2009
329
PAPRIKA RAUÐ & GRÆN INNFLUTT
329 kr./kg.
179
ICEBERG 179 kr./kg.
198
TÓMATAR Í LAUSU INNFLUTTIR
198 kr./kg.
NÝ UPPSKERA
498
NÝ FERSK JARÐARBER 500G 498 kr.
198
kr./kg.
INNFLUTTAR KARTÖFLUR
498
BLÁBER AMERÍSK 290g
498 kr.
898
ELETESSE SÚKKULAÐIKEX 20 STK
898 kr.
598
BÓNUS FROSTPINNAR 24 STK
598 kr.
NÝTT!
emmessís
998
EMMESS SUMARKASSINN 20 STK 998 kr.
Diletto
298
LÚXSUS DILETTO KAFFI
BAUNIR OG MALAÐ 400g
298 kr.
159
BÓNUS NÝBAKAÐ SNÚÐAR
SÚKKULAÐI OG KARAMELLU
159 kr stk.
179
MYLLU HEILHVEITI-SAMLOKUBRAUÐ
FÍNT 770g 179 kr.
HOMEBLEST
139
HOMEBLEST 300g 139 kr.
FJÓLU WC PAPPÍR 9 RÚLLUR
798 kr.
HÁGÆÐA MJÚKUR ÍSLENSKUR
fjóla
798
ÆÐI BITAR
Prins BITAR
Hraun BITAR
498
GÓU ÞRENNA 3 KASSAR 200g
498 kr.
Coca-Cola light
Coca-Cola
98
98 kr. 1.ltr.
7UP
129
129 kr. 2 ltr.
SÆLGÆTISBARINN
50% AFSLÁTTUR ALLA DAGA
85 kr. pr.100g poki
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

Umhverfis- og framkvæmdasvið Vestmannaeyja:

# Banna lundaveiðar

Umhverfis- og framkvæmdasvið Vestmannaeyjabæjar hefur bannað lundaveiði á skipulagssvæði bæjarins, sem nær til Heimaeyjar, allra úteyja og skerja, um ótilgreindan tíma. Þetta var tilkynnt í fyrradag.

Þetta þýðir þó ekki að loku sé fyrir það skotið að einhver lundaveiði verði í sumar en hefði þetta bann ekki verið gefið út hefði veiði hafist 1. júlí næstkomandi.

Elliði Vignisson bæjarstjóri hefur sagt við Fréttablaðið að líklega verði einhver lundaveiði í sumar. Veiðar eru ekki taldar hafa nein teljanleg áhrif á stofninn en hann á undir högg að sækja. - jse



**LUNDI** Veiðar hefjast ekki 1. júlí eins og í venjulegu árferði.

**FBL-GREINING:** STÝRIVEXTIR

# *Hæstu vextir í heimi hér*

### Hvað eru stýrivextir?

Stýrivextir Seðlabanka eru þeir vextir sem bankinn notar til að hafa áhrif á markaðsvexti. Þeir geta haft áhrif á gengi krónunnar, sem skilar sér í breytingum á vísitölu neysluverðs. Sömuleiðis hafa þeir áhrif á inn- og útlánavexti fjármálafyrirtækja. Með hækkun stýrivaxta má hægja á efnahagslífinu, berjast gegn verðbólgu eða hækka gengi gjaldmiðils.

### Hvar eru hæstu stýrivextirnir?

Stýrivextir hafa um árabil verið hæstir í heiminum hér á landi. Þeir fóru lægst í 5,2 prósent í mars árið 1994 en tóku að rísa hratt um áratug síðar. Stýrivextir hér fóru hæst í átján prósent í lok október á síðasta ári og voru þá hvergi hærri í gervallri veröldinni.

### Hvað með önnur lönd?

Stjórnir og peningastefnunefndir helstu seðlabanka heims tóku að lækka stýrivexti þegar kreppan tók að bíta síðla árs 2007. Nú er svo komið að vextirnir liggja við núll og hafa aldrei verið lægri í helstu löndum. Stýrivextir hér eru nú tólf prósent og eru enn þeir hæstu í heimi.



HUMAR
2.000 KR/KG
GLÆNÝ STÓRLÚÐA
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

Auglýsingasími
512 50 50


– Mest lesið

**FRÉTTASKÝRING:** Fangelsismál




**VIÐ FANGLSISHLIÐIÐ** Ekki eru þeir öfundsverðir sem ganga þurfa í gegnum hlið fangelsisins Litla-Hrauns á Eyrarbakka vitandi að þaðan eigi þeir ekki afturkvæmt næstu mánuði, eða jafnvel ár. Í maí biðu 200 brotamenn þess að vera boðaðir í afplánun. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Virkir brotamenn ganga lausir vegna þrengsla

**Ekki er í öllum tilvikum hægt að taka virka brotamenn til afplánunar í fangelsum landsins þar sem þau eru yfirfull. Þeir ganga því lausir lengur en efni standa til. 200 manns eru á boðunarlista nú.**

Þess eru dæmi að ekki sé unnt að taka inn virka brotamenn vegna plássleysis í fangelsum landsins.

Þetta segir Páll E. Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins.

Í nýrri þarfagreiningu sem Fangelsismálastofnun hefur látið vinna kemur fram kolsvört staða í fangelsismálum á Íslandi. Í maímánuði síðastliðnum voru um 200 brotamenn á boðunarlista óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga. Fangarými í fangelsum landsins eru 133 í dag. Þeim þyrfti að fjölga um 36 til að forða því að boðunarlistinn lengist frá því sem nú er. Til enn frekari aðgerða þyrfti að koma ef vinna ætti á honum.

### Pólitísk ákvörðun

„Í mínum huga er það klárlega hrein og klár pólitísk ákvörðun hvort byggja eigi fangelsi," útskýrir forstjóri Fangelsismálastofnunar. „Verði það ekki gert munu biðlistar fangelsa lengjast og dæmdir brotamenn þurfa að bíða lengur eftir afplánun. Meðal þeirra verða virkir brotamenn sem dæmdir hafa verið fyrir margvísleg brot. Samfélagslegur kostnaður verður mikill af þessu auk þess sem erfiðara verður að tryggja öryggi borgara ef ekki verður mögulegt að taka afbrotamenn sem teljast hættulegir þegar úr umferð. Við munum þá að sjálfsögðu ávallt leitast við að taka inn hættulegustu dómþolana. Þá erum við jafnframt að vinna að tillögum að frekari úrræðum í tengslum við fullnustu utan fangelsa sem sendar verða dómsmálaráðuneytinu innan skamms. Við höfum mætt góðum skilningi þar vegna stöðunnar."

Spðurður um ástæður gerðar þarfagreiningarinnar segir Páll að mörg merki um alvarlega þróun í fangelsismálum hafi verið uppi á síðustu árum.

„Refsingar hafa þyngst verulega milli ára auk þess sem gæsluvarðhaldsúrskurðum hefur jafnframt fjölgað mikið. Þá má ekki gleyma því að útlendingum hefur fjölgað mjög mikið undanfarin ár. Til þess að geta með áreiðanlegum hætti metið alvarleika stöðunnar og hvað við blasir á næstu árum var nauðsynlegt að gera heildstæða þarfagreiningu sem nú liggur fyrir."

Til frekari skýringar segir Páll að Alþingi hafi í vissum málaflokkum hækkað refsiramma laga auk þess sem áhersla lögreglu, ákæruvalds og dómstóla hafi verið að þyngja refsingar. Þá hafi lögregla rannsakað stór mál í mörgum brotaflokkum sem skilað hafi sakfellingum margra einstaklinga. „Við þessu öllu tekur fangelsiskerfið," bætir forstjóri fangelsismála við.

Spurður hvort eitthvað bendi til þess að dómþolum fækki eða að refsingar lækki svarar Páll því til að ljóst sé að ekkert bendi til þess.

### Mjög alvarleg staða

Auk þeirrar þróunar sem verið hafi á liðnum árum eigi afleiðingar kreppunnar eftir að koma fram. „Sett hefur verið á fót öflugt embætti sérstaks saksóknara, stjórnvöld hafa lýst yfir aukinni áherslu að taka á skattaundanskotum auk þess sem sífelldar fréttir berast af mikilli fjölgun brota í tilteknum flokkum samkvæmt tölfræði lögreglu," segir Páll.„Nái úrræði stjórnvalda yfirlýstum tilgangi sínum, það er að sakfella þá sem ábyrgð bera á hruni efnahagslífsins þurfa fangelsi landsins að taka við viðkomandi. Það verður að hugsa öll mál til enda og ef lögð er ríkari áhersla á að upplýsa brot verður vissulega að fjölga fangelsisrýmum í réttu hlutfalli. Verði það ekki gert samhliða mun staðan verða mjög alvarleg á komandi misserum. Þá ber að geta þess að tvö fangelsanna sem nú eru í notkun uppfylla ekki lágmarksskilyrði hvort sem er út frá mannúðarsjónarmiðum eða evrópskum fangelsisreglum."

## KRÖFUR FYRNAST VEGNA SKORTS Á RÝMUM

Fjöldi krafna vegna sekta og sakarkostnaðar fyrnist vegna þess að ekkert pláss er í fangelsum ríkisins til þess að afplána vararefsingu, að sögn Ernu Bjargar Jónmundsdóttur, deildarstjóra Innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar. Vararefsing er úrræði sem á að vera hægt að grípa til þegar einstaklingar greiða ekki sektir eða málskostnað.

Erna segir þess mörg dæmi að sektarþolar hafi verið mættir til afplánunar eða verið handteknir en þurft hafi að sleppa þeim strax eða nokkrum dögum síðar þegar þeir höfðu einungis afplánað hluta vararefsingarinnar.

## FANGELSISMÁLIN TIL SKOÐUNAR Í HEILD



**RAGNA ÁRNADÓTTIR**

„Fangelsismálin eru til skoðunar í heild og verið að athuga hvernig hægt sé að nýta fjármagnið sem best," segir Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra. Hún segir ýmsar hugmyndir í þarfagreiningu Fangelsismálastofnunar verða að skoða í ljósi þeirra fjárheimilda sem fást.

„Vinna við að koma til móts við þennan langa biðlista er hafin," segir Ragna. Hún gerir fastlega ráð fyrir að koma með tillögu þess efnis fyrir Alþingi að auka vægi samfélagsþjónustu auk þess að koma á rafrænu eftirliti. Ekki séu þó hugmyndir um að koma að nýjum brotaflokkum í samfélagsþjónustu þar sem sum brot séu þess eðlis að ekki sé hægt að fullnægja refsingu með samfélagsþjónustu.

„Hugmyndir eru uppi um að lengja hámark samfélagsþjónustu í níu eða tólf mánuði í stað sex mánaða eins og nú er," segir Ragna.

Engar hugmyndir séu uppi um að minnka vægi vararefsingar.

Fréttablaðið sendi Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra fyrirspurn vegna stöðu fangelsismála. Í svari til blaðsins sagði einungis að spurningarnar ættu mun betur heima hjá dómsmálaráðherra en forsætisráðherra. - vsp

## LIÐLEGA 1.600 MANNS NÚ Á BIÐLISTA

„Bráðnauðsynlegt er að fjölga fangelsisrýmum þannig að unnt sé að fullnusta vararefsingu fésekta með fangelsisvist, en eins og staðan er nú eru fá fangelsisrými laus til þeirra nota," segir Ríkisendurskoðun í nýrri skýrslu um eftirlit með innheimtu sekta og sakarkostnaðar.

„Í árslok 2008 voru liðlega 1.600 manns á biðlista um afplánun vararefsingar. Samkvæmt upplýsingum IMST (Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar) á Blönduósi í byrjun júní 2009 er miklum erfiðleikum háð og nánast ekki unnt að fá pláss í fangelsum til að fullnusta vararefsingar. Því eru ekki líkur á að fækki á umræddum biðlista að minnsta kosti í bráð."



FRÉTTASKÝRING
JÓHANNA S. SIGÞÓRSDÓTTIR
jss@frettabladid.is



Gleðilegt sumar
úr kjötborði
Lambaprime
1.898,kr./kg
verð áður 2.298,-/kg
SS Lambatvírifjur
Kryddlegnar
1.910,kr./kg
verð áður 2.388,-/kg
Ali svínakótilettur
Hunangsmarineraðar
1.924,kr./kg
verð áður 2.565,-/kg
Grill lambalærisneiðar
1.897,kr./kg
verð áður 2.476,-/kg
Móa Kjúklingaleggir
569,kr./kg
verð áður 949,-/kg
Móa Kjúklingavængir
285,kr./kg
verð áður 475,-/kg
Hamborgarar
4x80g m/brauði
456,kr./pk.
verð áður 548,-/pk.
10% verðlækkun
Skólaostur í sneiðum
Kókómjólk 6x1/4l
339,kr.
Pagen Kanel Gifler
299,kr.
Brazzi 1l
appelsínu- eða eplasafi
115,kr.
Knorr tilbúin súpa
389,kr./pk.
FrúTína Jógúrt
3 tegundir
96,kr./stk.
Maryland kex
99,kr./pk.
Prins Póló mini
298,kr.
Nú er sumar
í Fjarðarkaupum
Fylltu út þátttökuseðil þegar þú verslar og þú gætir unnið veglega vinninga. Dregið verður úr þátttökuseðlum vikulega á Rás 2. Vinningar frá Ellingsen, Hjólasprett, ÓB, Fjörukránni og Fjarðarkaupum.
Kælibox fylgir með 4x2l Coca Cola
Coca Cola 4x2l
860,kr.
Emmess Topp 5
1.998,kr.
Tilboð gilda til laugardagsins 27. júní
FK FJARÐARKAUP
Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 3 **Velta:** 1,8 milljónir

| | |
|---|---|
| **OMX ÍSLAND 15** | **OMX ÍSLAND 6** |
| 262 **-0,34%** | 729 **-0,42%** |

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **CENTURY AL.** | 9,27% | **FØROYA BANKI** | 1,23% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,20 +0,00% ... Atlantic Airways 164,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 475,00 +0,00% ... Bakkavör 1,17 +0,00% ... Eik Banki 89,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,60 +0,00% ... Føroya Banki 120,50 -1,23% ... Icelandair Group 4,75 +0,00% ... Marel Food Systems 51,40 +0,00% ... Össur 111,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Samningar fram á næsta ár

Bandaríski seðlabankinn framlengdi í gær gjaldeyrisskiptasamninga við þrettán seðlabanka víða um heim fram til febrúar á næsta ári. Samningarnir, sem fyrst voru gerðir síðasta haust í gerningaveðri á fjármagnsmörkuðum, áttu að renna út í október.

Gjaldeyrissamningarnir fela í sér að erlendu seðlabankarnir geta sótt sér Bandaríkjaríkjadali og koma þar með í veg fyrir lausafjárþurrð í erlendri mynt.

Á meðal seðlabankanna þrettán eru norrænu bankarnir allir að Seðlabanka Íslands undanskildum.



**SEÐLABANKASTJÓRINN BERNANKE** Gjaldmiðlaskiptasamningar þrettán seðlabanka við bandaríska seðlabankann áttu með réttu að renna út í október. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríska dagblaðið Washington Post segir þetta auk annarra aðgerða bandaríska seðlabankans vísbendingar um að frosnir fjármálamarkaðirnir séu að þiðna. - jab

# Riftun besti kosturinn

Skilanefnd Glitnis telur að það hafi verið besta lausnin að losa Sjóvá undan greiðsluskyldu vegna fasteignaverkefnis í Macau í Hong Kong þrátt fyrir mikið tap. Í tilkynningu skilanefndarinnar kemur fram að miðað við eðli upphaflegra samninga og mat á framtíðarvirði eigna á svæðinu hafi verið best fyrir félagið að losna undan greiðsluskyldu vegna verkefnisins. Samningurinn sem um ræðir var gerður fyrir tveimur árum og fól í sér kaup á 68 lúxusíbúðum í háhýsi í Macau. Talið er að kostnaður vegna riftunar samningsins hafi numið 3,2 milljörðum króna. - bþa

# Spá óbreyttum stýrivöxtum

Stýrivöxtum verður haldið óbreyttum í tólf prósentum á vaxtaákvörðunarfundi Seðlabankans í næstu viku, samkvæmt spá Greiningar Íslandsbanka.

Greining bankans segir líkur á að peningastefnunefnd Seðlabankans haldi innlánsvöxtum sömuleiðis óbreyttum. Þeir ráði meiru um peningalegt aðhald en stýrivextir nú þegar gnægð lausafjár sé í umferð.

Þó er hófleg lækkun upp á 50 punkta ekki útilokuð.

Greining bankans segir mikilvægt að halda stýrivöxtum háum fyrir fleytingu krónunnar síðar á þessu ári auk þess sem gengi krónunnar hafi lækkað um 3,3 prósent og sé nú töluvert undir því sem peningastefnunefndin telji viðunandi.

Greining Íslandsbanka telur af ýmsum sökum ólíklegt að peningastefnunefnd Seðlabankans lækki vexti svo neinu nemi fyrr en eftir fyrsta ársfjórðung á næsta ári. Þó kunni að fara að vextirnir fari lítillega niður í ágúst. - jab



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Fjármálaráðherra er ánægður að Norðurlöndin hafi samþykkt að lána Íslendingum hundruð milljarða króna til að koma efnahagslífinu hér á réttan kjöl.

# Norrænu milljarðalánin skila sér bráðlega í hús

**Norðurlöndin hafa öll samþykkt að lána Íslendingum hundruð milljarða í erlendri mynt til að stuðla að fjárhagslegum stöðugleika hér. Viðræður standa yfir við Pólverja. Fjármálaráðherra er bjartsýnn á að Rússalán skili sér.**

„Þetta er mjög ánægjulegt," segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, en í gær samþykkti finnska ríkisráðið og sænska ríkisstjórnin að veita Íslendingum tæpa 150 milljarða króna lán í erlendri mynt til að stuðla að fjárhagslegum stöðugleika hér.

Finnar ætla að lána 325 milljónir evra, jafnvirði rúmra 58 milljarða króna á gengi gærdagsins, og Svíar 700 milljónir dala, jafnvirði níutíu milljarða króna. Þetta er hluti af samkomlagi við Norðurlöndin frá í nóvember í fyrra sem hljóðaði upp á 2,5 milljarða evra lán í heildina.

Skrifað verður undir samþykktirnar í næstu viku.

Danir og Norðmenn hafa þegar samþykkt lánveitingu hingað auk Færeyinga.

Norrænu lánin eru öll frá ríki til ríkis nema í tilviki Noregs en lánið þaðan er til Seðlabankans.

Lánin öll koma til viðbótar við 2,1 milljarðs dala lán frá Alþjóðjagjaldeyrissjóðnum (AGS) og eru hluti af samstarfsáætluninni við sjóðinn. Steingrímur segir þau byggjast á því að samstarfið haldi áfram. Ekki stendur til að endurskoða það, að sögn Steingríms, sem býst við að annar hluti AGS-lánsins skili sér í hús um miðjan næsta mánuð.

Spurður hvort deila stjórnvalda hér við Breta vegna Icesave-innlánsreikninganna hafi tafið fyrir norrænu lánunum segir Steingrímur svo ekki vera. „Við höfum litið svo á að deilur okkar við Breta séu tvíhliða. Aðrir kunna að hafa litið öðruvísi á málið og haft tilhneigingu til að tengja þetta saman. Við höfum ekki gert það."

Viðræður standa enn yfir við Pólverja og Rússa um lánveitingar. Steingrímur segir þær ganga ágætlega. Raddir hafa verið uppi um að ólíklegt sé að Rússalánið, sem kom óvænt inn í myndina skömmu eftir bankahrunið í október í fyrra, muni nokkurn tíma skila sér.

Steingrímur telur þvert á móti líklegt að Rússalánið, sem hljóðar upp á hálfan milljarð Bandaríkjadala, muni skila sér. „Rússar hafa ekki viljað slíta viðræðunum. En þær er skammt á veg komnar," segir hann. jonab@markadurinn.is

# Peningamagn í umferð eykst

Peningamagn í umferð hefur aukist um rúmlega 100 milljarða króna frá bankahruninu í haust, samkvæmt hagtölum Seðlabankans.

Með peningamagn í umferð er átt við seðla, mynt og óbundnar innistæður í bönkum sem eru í notkun á landinu hverju sinni.

Í september í fyrra voru tæpir 440 milljarðar króna í umferð. Þegar bankarnir hrundu mánuði síðar fór það í 585 milljarða króna, eða um 145 milljarða þegar landsmenn tóku út innistæður sínar í bönkunum í stríðum straumum.

Seðlabankinn segir magnið hafa minnkað lítið síðan þá. - jab



**KRÓNUR** Peningamagn í umferð er álíka mikið nú og eftir bankahrunið í október, samkvæmt tölum Seðlabankans.

# Ríkiseignafélagið á síðustu metrunum

„Það er verið að undirbúa stofnun félaganna samhliða því sem fjallað er um málið á Alþingi. Félögin verða að taka til starfa sem fyrst," segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra um stofnun eignarhaldsfélags og bankaumsýslu sem halda á utan um hlut ríkisins í bönkunum og veita ráðgjöf um þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki.

Mats Josefsson, ráðgjafi ríkisstjórnarinnar um endurreisn bankakerfisins, gagnrýndi stjórnvöld fyrir seinagang á síðum Fréttablaðsins í gær. Undraðist hann hversu langan tíma það tæki að koma félögunum á koppinn.

„Hvorutveggja eru þetta brýn mál," segir Steingrímur og bætir við að þegar ný ríkisstjórn hafi tekið við hafi ekkert legið fyrir um framtíð bankanna. Reynt hafi verið að hraða málinu eftir því sem hægt var og sé það nú á síðustu metrunum. Reikna megi með því að annað frumvarpanna verði að lögum í næstu viku.

Steingrímur gat ekki sagt til um hvenær auglýst yrði í stöður en



**BANKASÉRFRÆÐINGURINN** Mats Josefsson gagnrýndi í gær hversu langan tíma það hefði tekið að koma eignaumsýslufélagi á laggirnar. Fjármálaráðherra segir unnið hratt í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

reiknaði með að það yrði fljótlega eftir að málin væru í höfn. „Það verða gerðar stífar menntunar- og hæfniskröfur," segir hann. - jab

# H&M hristi kreppuna af sér

Sænska verslanakeðjan H&M hagnaðist um 4,19 milljarða sænskra króna, jafnvirði rúmra 83 milljarða íslenskra, á öðrum ársfjórðungi. Þetta er 6,3 prósenta aukning frá í fyrra og þykir skjóta nokkuð skökku við í þeim efnahagsþrengingum sem plagað hafa heiminn.

Rekstrarhagnaður nam tæpum 5,6 milljörðum sænskra króna, sem er aukning um tæp tíu prósent.

Bandaríska dagblaðið Wall Street Journal hefur eftir sænskum markaðssérfræðingi í gær að verslunin, sem er Íslendingum að góðu kunn, sé sterk þrátt fyrir erfiðar aðstæður á norrænu mörkuðunum og í Þýskalandi. Þá muni um að öll innkaup H&M séu í Bandaríkjadölum. Dollarinn seig mjög gagnvart sænsku krónunni á fyrri hluta árs og hagnaðist verslunin vel á því.

Tímamót verða í rekstri H&M á næstu dögum en þá tekur Karl-Johan Persson, barnabarn Erlings Persson, sem stofnaði H&M árið 1947, við forstjórastólnum. Faðir Karls-Johans, Stefan, vermir hann nú. - jab




**EIN VERSLANA H&M** Innkaup í Bandaríkjadölum bættu hag sænsku verslanakeðjunnar H&M.

# Seðlabanki sakaður um að þvinga banka saman

Bandaríski seðlabankinn er sakaður um að hafa setið á upplýsingum um bága fjárhagsstöðu bandaríska fjárfestingarbankans Merrill Lynch þegar samþykkt var að selja hann í miklum hremmingum á fjármálamörkuðum til Bank of America í september á síðasta ári.

Bankastjórn seðlabankans er sömuleiðis sökuð um að hafa ekki upplýst fjármálaeftirlitið um gang og stöðu mála.

Bandaríska dagblaðið Washington Post segir að þegar viðskiptin voru við það að ganga í gegn í fyrrahaust hafi taprekstur Merrill Lynch komið bankastjórn Bank of America á óvart. Þá segist blaðið hafa heimildir fyrir því að Kenneth Lewis, forstjóri Bank of America, hafi viljað rifta samningum en Ben Bernanke og Henry Paulson, þáverandi fjármálaráðherra, þrýst á að þau gengju í gegn, jafnvel hótað því að Lewis yrði sparkað.

Sömu helgi og viðskiptin voru samþykkt neituðu stjórnvöld vestanhafs að styðja við bakið á fjárfestingarbankanum Lehman Brothers. Hann varð gjaldþrota og dró fjármálakerfi heimsins með sér í fallinu, þar á meðal hér.

Bank of America fékk gríðarháa meðgjöf með bankakaupunum en varð að leita í neyðarsjóði hins opinbera þegar eitureignir og taprekstur Merrill Lynch tóku að smita út frá sér á undir lok síðasta árs.

Bernanke var kallaður fyrir þingnefnd neðri deildar bandaríska þingsins vegna málsins í gær. Hann sagðist hafa unnið að sameiningu bankanna af heilindum og þverneitaði að hafa beitt þrýstingi í málinu.

Henry Paulson, þáverandi fjármálaráðherra, sem stýrði bankasamrunanum í fyrravetur, hefur verið boðaður fyrir þingnefndina í næstu viku. - jab



**BANKASTJÓRINN** Kenneth Lewis, bankastjóri Bank of America, lýsti sinni hlið málsins er varða kaupin á Merrill Lynch fyrir eftirlitsnefndinni fyrr í mánuðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**NÝ STJÓRN TEKUR VIÐ** Efnahagslíf Simbabve hefur tekið stórstígum framförum síðan samsteypustjórn Morgans Tsvangirai og Roberts Mugabe tók við í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Efnahagsbati í Simbabve

Hagkerfi Simbabve hefur snúið aftur úr táradal síðustu ára. Dregið hefur hratt úr atvinnuleysi, sem mældist 94 prósent í febrúar, og framleiðni hefur tvöfaldast. Þá hafa stjórnvöld náð taki á verðbólgudraugnum og er stefnt að því að snúa hann niður. Þetta segir Elton Mangoma, viðskiptaráðherra Simbabve.

Efnahagsbatinn hvílir á dollaravæðingu hagkerfisins en vonast er til að í kjölfarið muni erlendir fjárfestar streyma til landsins.

Mangoma segir nýja ríkisstjórn landsins sem tók við í febrúar hafa lyft grettistaki. Atvinnuþátttaka sé nú fimmtán prósent og megi reikna með að allt að þrjátíu prósenta markinu verði náð innan skamms.

Efnahagslíf Simbabve hefur verið í molum um árabil og verðbólga staðið í 200 milljón prósentum. Reiknað er með allt að fimm prósenta hagvexti á þessu ári, að sögn Mangoma. - jab



**Á17. JÚNÍ** Hagsjá Landsbankans segir að aukinn jöfnuð í tekjum kynja megi rekja til minnkandi vinnuframlags. FRÉTTABLIÐIÐ/DANÍEL

## Launabilið dregst saman

Meðaltekjur karla eru 6,2 prósentum lægri fyrstu fjóra mánuði þessa árs en á sama tímabil fyrir ári. Meðaltekjur kvenna hafa hins vegar hækkað um 8,2 prósent á þessu tímabili. Þetta kemur fram í Hagsjá Landsbankans.

Einnig kemur fram að skýringuna á auknum jöfnuði í meðaltekjum kynjanna megi að hluta rekja til minna vinnuframlags. Mismunandi útkoma kynjanna gæti einnig stafað af því að hærri laun hafa lækkað hlutfallslega mest og fyrri kannanir hafa leitt í ljós að launamunur er enn körlum í hag. - bþa


Viðarvörn nr. 1 á Íslandi




Notaðu sumarið til að verja viðinn!

Verið viðbúin vetrarhörkum

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

Kjörvari - fyrir íslenskar aðstæður

málning
- það segir sig sjálft -

Útsölustaðir Málningar:
BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kauptúni • BYKO Akranesi • Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Snæþvottur, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur, byggingavöruverslun, Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði BYKO Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin, Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • Öxull, Grindavík

# SUMARHÁTÍÐ Á GRANDA!






## BJÓÐUM UPP Á PYLSUR & KÓK MILLI KL. 15:00 - 18:00





- **Frír ís fyrir alla**
- Hoppkastali fyrir börnin

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl EXPO • www.expo.is

**KRÓNAN** Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

# KRÓNAN

fyrir ferðalagið




KRÓNAN www.kronan.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stöðugleikasáttmálinn boðar samstöðu:

## Dýrmæt skilaboð

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Undirskrift stöðugleikasáttmálans í gær er dýrmætur sigur fyrir alla sem að honum koma. Fyrir ríkisstjórnina var þessi áfangi mikilvæg staðfesting á einbeittum vilja hennar til að ná breiðri samstöðu um áætlun við endurreisn efnahagslífsins. Það tókst og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hafði því ríka ástæðu til að brosa breitt í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Þessi stund var ekki síst persónulegur sigur fyrir hana.

Umfram allt er þó stöðugleikasáttmálinn sigur þeirra hreyfinga á vinnumarkaði, sem höfðu frumkvæði að honum. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, og aðrir forystumenn atvinnurekenda og launafólks hafa sýnt að það er hægt að ná samstöðu ef menn kæra sig um.

Þrekminni menn og konur hefðu hæglega getað guggnað, en sem betur fer áttuðu sig allir á því að það hefði verið til stórfenglegs tjóns. Þetta var þó langt í frá sjálfgefin niðurstaða á þeim miklu umbrotatímum sem við lifum.

Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, fangaði inntak stöðugleikasáttarinnar í hnotskurn á blaðamannafundi í gær. „Við sameinumst um það sem við erum sammála um og reynum að hrinda því í framkvæmd. Hættum að horfa á neikvæðu atriðin. Það er nóg af neikvæðum fréttum og vandamálum í kringum okkur en það er líka fullt af atriðum sem við erum sammála um," sagði Eiríkur.

Mikilvægustu skilaboð stöðugleikasáttmálans eru einmitt samstaðan. Hún er grunnur þess að mögulegt sé að þoka málum af stað og koma í veg fyrir stöðnun eða afturfarir, eins og er raunveruleg hætta á.

Vonandi nær sá ábyrgi og óeigingjarni andi, sem einkennir niðurstöðu þessarar nýju þjóðarsáttar, að komast inn fyrir þykka grágrýtisveggina við Austurvöll. Þar bíða krefjandi verkefni úrlausnar. Efst á blaði er samningurinn um Icesave.

Ríkisstjórnin gerði afdrifarík mistök við kynningu á samkomulaginu um Icesave við Breta og Hollendinga. Það var mikill misskilningur að hægt væri að ljúka svo stóru máli án þess að upplýsa um alla anga þess.

Ríkisstjórnin hefur í hendi sér að lagfæra vinnulag sitt hið snarasta og bæta þar með vinnufrið sinn. Það er sjálfsögð krafa að störf þeirra þingnefnda, sem munu fjalla um Icesave, verði unnin fyrir opnum tjöldum. Á þann veg getur fólkið í landinu vegið og metið milliliðalaust orð sérfræðinga og annarra sem koma fyrir nefndirnar.

Þegar upp er staðið verður ríkisstjórnin að treysta á sjálfa sig við að ljúka afgreiðslu Icesave-samningsins. Vissulega verður það Sjálfstæðisflokknum til háðungar ef þingmenn hans greiða atkvæði gegn samningnum þegar til kastanna kemur. Það dregur þó á engan hátt úr ábyrgð ríkisstjórnarinnar á málinu.

Ef afgreiðsla samningsins bregst liggur fyrir að ríkisstjórn veldur ekki hlutverki sínu. Aðrir þyrftu að taka við stjórnartaumunum og allt tal um stöðugleika orðin tóm.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn… …góðar fréttir fyrir umhverfið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Stefnt að umfjöllun**

Fulltrúar ýmissa launþegahreyfinga, Samtaka atvinnulífsins, ríkisstjórnar og sveitarfélaga skrifuðu undir stöðugleikasáttmála í gær. Sáttmálinn er í 14 liðum. Í þeim 9. er fjallað um lífeyrissjóðina. Þar segir: „Ríkisstjórn, sveitarfélög og aðilar vinnumarkaðarins munu í sameiningu taka lífeyrismál og málefni lífeyrissjóða til umfjöllunar. Farið verður yfir málið án skuldbindinga og fjallað um framtíðarsýn í þessum málaflokki." Eins gott að eiga svona yfirlýsingar skjalfestar.



**Ekkert um Icesave**

Athygli vekur hins vegar að ekki er vikið einu orði að Icesave-samningunum í stöðugleikasáttmálanum. Enn fremur má spyrja hvort ekki hefði verið skynsamlegra að gera stöðugleikasáttmála að Icesave-samningunum frágengnum; það gefur jú auga leið að verði þeir felldir hljóti forsendur sáttmálans að vera brostnar. Eða getur verið að VG hafi gefið þeim sem komu að gerð sáttmálans vilyrði sitt fyrir að samningarnir verði staðfestir á þingi?

**Staða Steingríms**

Verði Icesave-samningarnir hins vegar felldir má fastlega búast við því að úti sé um ríkisstjórnina. Sú niðurstaða myndi eflaust ekki síður hafa mikil áhrif á stöðu Steingríms J. Sigfússonar innan VG en Icesave-samningarnir hafa fyrst og fremst verið á hans könnu. Steingrímur hefur einatt notið óskoraðs stuðnings flokkssystkina sinna en nú ber svo við að innan ríkisstjórnarinnar er mesta andstaðan við samningana í röðum VG. Fari svo að þingmenn VG greiði atkvæði gegn frumvarpinu með þeim afleiðingum að það verði fellt, mætti álíta það sem alvarlega vantrauststillögu þingmanna VG á hendur formanns síns.



**bergsteinn@frettabladid.is**

# Umbúðalaust um stráka



**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR**

**Í DAG** | Kynjahlutfall í skólum

Drengir eru að dragast aftur úr. Það var heldur betur staðfest í frétt í Fréttablaðinu í vikunni. Þar kom fram að mun færri piltar verða teknir inn í MR (43% piltar, 57% stúlkur) og VÍ (37% piltar, 63% stúlkur) í haust. Á mannamáli þýðir þetta að tveir vinsælustu framhaldsskólarnir taka nú inn 50% fleiri stúlkur. Í okkar annars ágæta skólakerfi hefur það gerst undanfarin ár að piltar hafa kerfisbundið dregist aftur úr stúlkum. Þrátt fyrir að fleiri drengir séu í hverjum árgangi í grunnskólum hafa á undanförnum árum 50% fleiri stúlkur brautskráðst úr framhaldsskólum en drengir. Það er sláandi munur.

Niðurstöður síðustu PISA-rannsóknar frá 2003, alþjóðlegrar könnunar á þekkingu og hæfni 15 ára nemenda, sýna að í engu þátttökulandi er samanburður kynjanna jafn hagstæður konum og á Íslandi. Þetta á við um allar námsgreinar sem mældar voru; stærðfræði, lestur, náttúrufræði og þrautalausnir. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður samræmdra prófa undanfarin ár.

Í flestum námsgreinum bæta stúlkur árangur sinn en drengir standa í stað. Munurinn er mestur í tungumálum. Drengjum líður oftar verr í grunnskóla. Þeir lenda frekar í útistöðum við aðra og þjást frekar af námsleiða. Drengir fá ekki eins mikinn stuðning heima fyrir og fleiri unglingsdrengir telja námið tilgangslaust. Brottfall drengja er meira en stúlkna í framhaldsskólum. Stúlkur eru í meirihluta í háskólanámi.

Staðreyndirnar skýra umbúðalaust að drengir eru að dragast aftur úr. Þeim mun með þessu áframhaldi fækka áfram í framhaldsskólum og háskólum og við munum áfram sjá stúlkur í auknum meirihluta. Einkunnir stúlkna munu áfram verða hærri en drengja og tryggja þeim aðgang að skólum að þeirra ósk.

Vandamálið hefur ekki verið tekið alvarlega, hvorki af menntamálayfirvöldum né sveitarstjórnum. Lítið sem ekkert hefur verið skoðað hvaða aðgerðir valda þessari þróun. Örfáir fræðimenn, Ingólfur Gíslason öðrum fremur, hafa ljáð þessu máls. Engin sérstök átök eru í gangi hjá yfirvöldum, ekkert mat á kennsluaðferðum sem margir telja stelpumiðaðar, engin skoðun á því hvort aukið vægi vinnueinkunnar hafi neikvæð áhrif á stráka. Getur verið að afnám samræmdra prófa skekki stöðu drengja beint? Eru einstaklingsmiðaðir kennsluhættir stelpumiðaðir? Hefur okkur tekist á síðustu árum að breyta umhverfi skóla og kennslu þannig að stúlkur fá að njóta sín á kostnað drengja?

Hversu langt þarf þessi þróun að ganga til að samfélagið líti á þetta sem vandamál? Ég er viss um að mæður drengja og fjölmargir kennarar hljóti að spyrja sig að því en það virðist ekki fara fram upphátt. Umræða um jafnrétti kynja hefur einskorðast við stöðu kvenna á sama tíma og það virðist síður viðeigandi að fjalla um jafnrétti út frá þeirri hugmynd að drengir skuli njóta jafnréttis.

Þegar vakin er athygli á stöðu drengja draga jafnréttissinnar úr vandanum. Rökin eru að konur hafi í fjöldamörg ár háð baráttu við karla um jafnrétti og því þurfi enn sértækar aðgerðir til handa konum. Enn eru skökk hlutföll milli kynja í stjórnunarstöðum og enn er launamunur staðreynd. Það breytir þó ekki því að á sama tíma eru fyrrgreindar staðreyndir um stöðu drengja skýrar og því verður að breyta. Auðvitað á árangur drengja og stúlkna að vera sambærilegur. Auðvitað eiga að útskrifast jafnmargir drengir og stúlkur með framhaldsskólapróf. Annars gætum við ekki réttlætt neinar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna. Jafnrétti á ekki að bitna á „hinum" hópnum.

Menntamálaráðherra sagði aðspurð um skökk hlutföll kynja í MR og VÍ að „drengir séu kannski að sækja í eitthvað annað nám frekar en bóklegt". Ráðherra verður að taka málinu alvarlegar en þetta. Mér er til efs að menntamálaráðherra hefði svarað spurningunni á sama hátt ef hallað hefði á stúlkur. Ef hún er jafnréttissinni ætti hún að hafa verulegar áhyggjur af 50% fleiri stúlkum útskrifuðum úr framhaldsskólum en strákum.

Aðalatriðið er að í samfélaginu og skólaumhverfinu séu í boði ólíkar leiðir fyrir alla. Leiðir að settu markmiði fyrir stúlkur mega ekki vera á kostnað drengja. Ræðum stöðu beggja kynja – samtímis og á jafnréttisgrundvelli.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

# Það sem sameinar

**UMRÆÐAN**

Ögmundur Jónasson svarar Þorsteini Pálssyni



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

Við Þorsteinn Pálsson, fyrrum ritstjóri, höfum skipst á skoðunum í Fréttablaðinu um það hvort skoðanamunur í ríkisstjórn sé veikleikamerki eða hvort hann vitni um gott pólitískt heilsufar. Tilefnið er gagnrýni mín á Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og þá stefnu sem hann vill að ríkisstjórnin fylgi. Þorsteinn gefur sér í svari sínu til mín að stefna ríkisstjórnarinnar í efnahags- og ríkisfjármálum sé einvörðungu reist á áherslum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Vissulega setur AGS ríkisstjórninni strangar skorður en þar með er ekki sagt að við séum honum undirseld í einu og öllu. Í kosningabaráttunni og í aðdraganda þess að ríkisstjórnin varð til gekk hvorki ég né aðrir sem sæti eiga í ríkisstjórninni AGS á hönd.

Á táknrænan hátt héldu formenn ríkisstjórnarflokkanna fundi sína í Norræna húsinu, þeir halda fréttamannafundi í Þjóðmenningarhúsinu og stjórnarflokkarnir héldu sameiginlegan þingflokksfund í Þjóðminjasafninu. Skilaboðin eru: Þetta er ríkisstjórn sem vill vera þjóðleg norræn velferðarstjórn. Ef stjórnarflokkarnir hefðu viljað senda frá sér boð um annað hefðu þeir sett fundi sína niður við Sæbraut, eða Borgartún.

Þeir sem þekkja til norræna velferðarsamfélagsins annars vegar og stefnu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hins vegar vita að þegar þetta tvennt á að fara saman verður úr togstreita. Það er staðreynd að ekki er meirihluti fyrir því að vísa AGS frá þegar í stað. Við þær aðstæður lít ég á það sem mitt hlutverk og ríkisstjórnarinnar að gera allt sem í okkar valdi stendur til að halda uppi merki velferðarsamfélagsins. Þetta er sá „pólitíski veruleiki," svo notað sé orðfæri Þorsteins Pálssonar, sem ég vil horfast í augu við. Það er hann sem sameinar ríkisstjórnina og gerir hana frábrugðna frjálshyggjustjórn. Mismunandi áherslur um hve langt skuli gengið í tilteknum málum veikja ekki ríkisstjórn heldur styrkja eins og jafnan gerist þegar opinská og heiðarleg umræða fer fram. Þá verður lýðræðið lifandi.

Eða telur Þorsteinn Pálsson að ráðherrar eigi að skipta sjálfkrafa um skoðun af því að þeir verða ráðherrar? Röksemdir eiga að fá okkur til að skipta um skoðun, ekki félagsleg staða. Opin lýðræðisleg umræða, skoðanaskipti, sem byggjast á upplýsingum, ekki hagsmunum, á Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, á kjarasamningsgerð og Icesave-samningsdrögunum gera íslensk stjórnmál og íslenskt þjóðfélag sterkara og betra og eru eina leiðin sem okkur er fær upp úr því kviksyndi frjálshyggjunnar sem við lentum í.

*Höfundur er heilbrigðisráðherra.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**SUMARSÝNING** LISTASAFNS ASÍ samanstendur af verkum eftir listamennina Jón Stefánsson, Jóhannes Sveinsson Kjarval og Svavar Guðnason. Meðal verkanna á sýningunni eru þekktustu perlur íslenskrar myndlistar, svo sem Fjallamjólk Kjarvals og Einræðisherra Svavars Guðnasonar.



FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447




4ra rétta tilboð
og nýr A la Carte

· **Reykt önd** með fíkjum, valhnetum og rauðvínsgljáa ·
· **Humarsúpa** rjómalöguð með grilluðum humarhölum ·
· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·
* EÐA *
· **Fiskur dagsins** útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar ·
· **Skyr "Tonka crème brûlée"** með karamelluís ·

6.890 kr.

*Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 10.990 kr.*

Glas af eðalvíni

**Barolo „Ornato“ 2004** | Ítalía.
**Chablis Grand Cru „Les Clos“ 2005** | Frakkland

Nú hefur veitingahúsið Perlan bætt við möguleikanum að velja sér glas af **16 eðalvínum** með mat. Verð frá 1.050-3.700 kr.
*Sjá nánar á perlan.is.*

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is




Snæfríður eldar oft gúrkusúpu sem hún fékk hjá mömmu sinni í æsku en dóttir hennar, Ragnheiður Inga, er líka hrifin af agúrkum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Súpa gerð úr afgöngum

**Snæfríði Ingadóttur finnst gott að nýta afgangsgrænmeti úr ísskápnum í súpur enda er hún mikil súpukona. Hún gefur lesendum Fréttablaðsins uppskrift að gúrkusúpu sem mamma hennar eldaði oft.**

„Þegar ég var lítil eldaði mamma oft þessa gúrkusúpu og ég hef haldið því áfram á mínu heimili,“ segir Snæfríður Ingadóttir, blaðakona og leiðsögumaður. „Ég hef alltaf verið hrifin af þessari súpu. Hún er einföld og ódýr.“

Þegar Snæfríður er innt eftir því hvort henni finnist almennt gaman að elda segir hún áhugann hafa aukist með árunum. „Það er orðið skemmtilegra að elda og ég hef orðið flinkari með árunum.“

Snæfríður segist vera mikil súpukona. „Það er sniðugt að gera súpur úr afgöngum af grænmeti. Ég kaupi oft of mikið af grænmeti og þegar það er að komast á síðasta söludag þá er mjög gott að skella í súpu til að bjarga því,“ segir hún hlæjandi. „Þannig að ég geri oft súpur á mínu heimili.“

Aðspurð segist Snæfríður nota gúrkur mikið. „Ég á litla dóttur sem er mjög hrifin af því að naga agúrkur. Málið með gúrkur er að það er grænmeti sem maður notar eiginlega ekki nema ofan á brauð og í salat. Stundum kaupi ég heila gúrku og nota hluta hennar á brauð en þegar er hún við það að skemmast í ísskápnum er sniðugt að skella í gúrkusúpu. Svo er gúrkan náttúrlega full af C-vítamíni og hægt er að fá ferskar, íslenskar gúrkur allt árið.“

Íslenskur matur hefur verið ofarlega í huga Snæfríðar að undanförnu því nýlega gaf hún út bók sem fjallar um séríslenska matarmenningu og heitir 50 crazy things to TASTE in Iceland. „Í bókinni tíni ég til fimmtíu hluti sem ferðamenn geta smakkað hér á landi en bókin er partur af þriggja bóka seríu.“

martaf@frettabladid.is

## GÚRKUSÚPA AÐ HÆTTI SNÆFRÍÐAR

**Fyrir 6**

1 stór gúrka
2 tómatar
2 laukar
graslaukur (má sleppa)
12 dl vatn
salt og pipar
grænmetiskraftur
grænmetiskrydd
hveiti



*Leysið grænmetiskraftinn upp í vatni. Skerið grænmetið í smáa bita og sjóðið í vatninu. Hristið saman hveitið og vatnið í sósuhristara og þykkið súpuna með því eftir þörfum. Kryddið súpuna með salti, pipar og grænmetiskryddi eftir smekk.*



Við drögum á föstudögum í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni
15.000 kr. matarkarfa frá Bónus, 3 mánaða kort í World Class, 10.000 kr. bensín úttekt frá Olís, gos frá Ölgerðinni, Tempur heilsukodda frá Betra bak, frítt í Laugarásbíó í allt sumar og frítt frelsi frá Tal í allt sumar.
Tal · olís · Betra BAK · World Class Laugar · Laugarás Bíó · Kristall · BÓNUS · BYLGJAN 989
Sumarleikur NINGS
Sumartilboð
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Heimalagaðar vorrúllur með grænmeti
Kjúklingur og grænmeti með pandasósu
Stökkt svínakjöt „Thai Sesam“
ásamt hrísgrjónum og soya.
krónur 2790 fyrir tvo
krónur 1395 á mann
ATH! SUMARTILBOÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI
Íris Arna Geirsdóttir Íslandsmeistari í Model fitness elskar heilsurétti Nings
SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI: 588 9899



**SÓLSETURSHÁTÍÐIN Í GARÐI** verður haldin dagana 26. til 28. júní. Hátíðarhöldin fara fram á Garðskaga en þar er góð aðstaða fyrir tjaldbúa, tjaldvagna og húsbíla. Snyrting, rennandi vatn og rafmagn er til staðar.






Dóra og Gunnbjörn eru afar lukkuleg með ákvörðunina um að gifta sig á hátíðinni enda hefur það alltaf verið draumur þeirra að gifta sig undir berum himni. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Brúðkaup á bæjarhátíð

**Ragnheiður Dóra Ásgeirsdóttir og Gunnbjörn Steinarsson ætla að ganga í það heilaga á morgun við heldur óvenjulegar aðstæður þar sem athöfnin fer fram á garðyrkju- og blómasýningunni Blóm í bæ.**

„Við vorum búin að ákveða að gifta okkur og þá bauðst okkur þetta. Fyrirvarinn var því skammur en þetta er allt að gerast,“ segir Ragnheiður Dóra Ásgeirsdóttir, sem mun á morgun ganga að eiga Gunnbjörn Steinarsson á sýningunni Blóm í bæ í Hveragerði, en það er fáheyrt að brúðhjón séu gefin saman á bæjarhátíð hér á landi.

„Fólki finnst þetta sérstakt og sumum finnst þetta skrýtið. Þetta er okkar stund og okkur er alveg sama hvort við höfum þetta meira út af fyrir okkur eða ekki,“ segir Dóra, eins og hún er kölluð, og er pollróleg yfir öllu saman. Fjölskyldan hefur tekið vel í uppátækið og munu synir brúðhjónanna tilvonandi verða hringberar við athöfnina sem fer fram í skrúðgarðinum á bökkum Varmár með Reykjafoss í baksýn. Þar ætlar Ása Björk Ólafsdóttir, héraðsprestur í Kjalarnesprófastsdæmi, að gefa þau saman.

Brúðhjónin hafði alltaf dreymt um að gifta sig undir berum himni en ætluðu ekki að láta verða af því fyrr en í ágúst. Breyting varð á þegar vinur Dóru í bæjarstjórn komst að áformum brúðhjónanna og lagði til að sameina brúðkaupið við hátíðina. Vegna lítils fyrirvara fengu brúðhjónin töluverða aðstoð frá fyrirtækjum í bænum. Þannig mun Hótel Örk hýsa veisluna, Miss Klipper sjá um hár brúðhjónanna og blómaframleiðendur svo gefa brúðarvöndinn.

„Þetta er í fyrsta skipti sem við höldum brúðkaup við svona aðstæður. Ég held að þetta eigi bara eftir að slá í gegn. Það stóð alltaf til að gera þetta. Svo fréttum við af því að þau Dóra og Gunnbjörn væru að fara að gifta sig þannig að þeim var boðið að hafa athöfnina þarna við svona allt öðruvísi aðstæður, nánast í miðri ánni,“ segir Elfa Dögg Þórðardóttir, verkefnastjóri hátíðarinnar Blóm í bæ. Hún bætir við að umgjörðin verði öll höfð sem náttúrulegust. Altarið verður þannig gert úr upphækkuðu torfi og byggt á rústum gömlu spunaverksmiðjunnar. Blómasúlur verða hjá altarinu og allt skreytt með blómum, en blómaskreytinganemar frá Landbúnaðarháskóla Íslands sjá um skreytingarnar.

*heidur@frettabladid.is*











Sigrid og Valgerður vilja gefa fólki kost á að njóta alþjóðlegrar grafíklistar eftir nokkra fremstu grafíklistamenn heimsins í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

# Möppur meistaranna

**Grafíklistakonurnar Sigrid Valtingojer og Valgerður Hauksdóttir hafa báðar tekið þátt í alþjóðlegum grafíkmöppum sem þær hafa nú opnað sýningu á í Ráðhúsi Reykjavíkur og stendur til 12. júlí.**

„Verkin eru eftir listamenn úr öllum heimshornum. Í mínum möppum eru til dæmis verk frá Japan, Suður-Afríku, Bandaríkjunum og Póllandi. Þetta er allt í bland og það er svo spennandi,“ segir Sigrid þegar hún er innt eftir uppruna grafíkverkanna sem til sýnis eru í Tjarnarsal Ráðhússins.

Valgerður tekur undir það og segir marga úr fremstu röð grafíklistamanna í heiminum í dag eiga þar verk. „Grafíkmöppur eru sterkt listform sem hefur tíðkast frá fornu fari meðal listamanna á borð við Picasso, Rembrandt og Dürer. Hér á landi hafa sýningar á þeim verið fremur sjaldgæfar til þessa,“ segir hún og lýsir forminu nánar. „Ég þrykki eitt verk í kannski 25 eintökum og skila bunkanum til einhvers listamanns eða safns sem ákveður að búa til möppu. Hið sama gera aðrir þátttakendur.



Möppurnar sjálfar eru listaverk út af fyrir sig.

Möppurnar eru sýndar á nokkrum stöðum í stórborgum og hver og einn þátttakandi fær eina með mynd eftir sjálfan sig og alla hina. Það er alltaf gaman að vera boðið að vera með í svona möppu og þær eru góð leið til að sýna víða. Stundum er maður beðinn um að taka þátt til að styrkja góð málefni. Þá getur maður látið gott af sér leiða því selt er inn á sýningarnar og safnað fé. Þessi aðferð við að skiptast á verkum hefur líka gert listamönnum kleift að eignast mikilvæg og alþjóðleg söfn grafíkverka.“

Hver mappa inniheldur frá 20 til 40 verk eftir jafnmarga listamenn. Þær eru ólíkar að stærð en allar vandaðar að gerð. Listakonurnar segja hefð fyrir að tæta þær ekki sundur heldur geyma hverja og eina sem heild. „Þetta er eins og verðmæt bók,“ segir Valgerður. „Maður rífur ekki eina blaðsíðu úr.“

Í Ráðhúsinu er dreift úr möppunum á borð og gler lagt yfir. Sýningin er opin öllum endurgjaldslaust. „Þetta er ekki sölusýning,“ segir Sigrid. „Okkur langaði bara að hafa möppurnar ekki lengur einungis í eigin hirslum heldur leyfa fólki að skoða þær.“

*gun@frettabladid.is*



SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
**SENDUM Í PÓSTKRÖFU.**

**Gullkistan** - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.





41223 51052


41213 55739


41203 55183


41203 55571

ecco SKÓBÚÐIN KRINGLUNNI Sími: 553 8050
ecco SKÓBÚÐIN LAUGAVEGI Sími: 551 0765
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN SMÁRALIND Sími: 551 8519

Sumarsprengja!



40%
afsláttur af öllum vörum

COSMO
Kringlunni

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 26. júní 2009



# Sækja sér orku í náttúruna

**Katrín Alda og Rebekka Rafnsdætur byrjuðu að keyra bíl og munda skotvopn í kringum sjö ára aldur. Þær trúa að almættið og orkan frá landinu geti fleytt þeim hvert sem þær óska sér.**

## LOUNGE-BAR OPNAÐUR

Arnar Gunnlaugsson opnar stað fyrir ofan Domo

## NOSTALGÍSKT TEKNÓ

Fyrirtækið Thule Records endurvakið


**FRYSTIKISTUTILBOÐ** AÐEINS Í ÖRFÁA DAGA



| | | | |
|---|---|---|---|
| 105 lítra | Kr. 59.995 | Tilboð 49.995 | Afsláttur 10.000 |
| 265 lítra | Kr. 89.995 | Tilboð 74.995 | Afsláttur 15.000 |
| 327 lítra | Kr. 99.995 | Tilboð 79.995 | Afsláttur 20.000 |
| 510 lítra | Kr. 129.995 | Tilboð 99.995 | Afsláttur 30.000 |

FLEIRI STÆRÐIR ERU Í BOÐI

Whirlpool

TILBOÐIÐ GILDIR TIL 1. JÚLÍ EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Heimilistæki ht.is

EYRARVEGI 21 SELFOSSI SÍMI 480 3700 - GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK SÍMI 464 1600 - GLERÁRGÖTU 36 AKUREYRI SÍMI 460 3380 - SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK SÍMI 569 1500

# núna
✻ hvað er að gerast?

## BERGLIND HÄSLER TÓNLISTARKONA

Þema helgarinnar er HITABYLGJA. Í kvöld ætlum við hjónin að grilla með vinum okkar frá Hollandi. Á morgun koma mínir ástkæru tengdaforeldrar í heimsókn til okkar á Seyðisfjörð. Við ætlum að reima á okkur gönguskóna og arka um Mjóafjörð, gæða okkur á kræklingi og hvítvíni og skoða myndlistarsýningu Unnars Arnar í Dalatangavita. Á sunnudaginn ætla ég svo að flatmaga í sólinni, þetta verður næs.

helgin MÍN





### Fjölgun í miðbænum

Sagt er að barneignum fjölgi ávallt á krepputímum hver svo sem ástæðan er. Menningar- og tónlistarsena 101 Reykjavíkur er þar engin undantekning en þar er mikil fjölgun í gangi. Meðal þeirra sem eiga von á erfingjum innan skamms er listamaðurinn Sigtryggur Berg Sigmarsson en hann á eina dóttur fyrir úr fyrra sambandi. Frank Murder mun einnig eiga von á barni með kærustu sinni sem er komin fimm mánuði á leið og þess má einnig geta að hinn geðþekki Nói úr hljómsveitinni Leaves á von á sínu fyrsta barni í haust. Plötusnúðurinn Gísli Galdur eignast svo erfingja í október og plötusnúðurinn Benni B Ruff eignaðist lítinn og fagran son í síðustu viku.



### Brúðkaup í vændum?



Kjaftasögurnar fóru í gang þegar sjónvarpskonan Þóra Tómasdóttir auglýsti eftir ljósmyndara í litla veislu í lok júlí á Facebook. Margir spurðu hvort þar væri í raun og veru á ferðinni brúðkaup í dulargervi „lítillar veislu“.

Nýr bar á efri hæð Domo

# KOKKTEILAR OG ÞÆGILEGT ANDRÚMSLOFT

Í kvöld verður lokað opnunarteiti á nýjum bar á efri hæð veitingastaðarins Domo í Þingholtsstræti. „Okkur langaði að skapa stað með þægilegu andrúmslofti þar sem hægt er að sitja og spjalla saman áður en haldið er út á næturbröltið,“ segir eigandinn Arnar Gunnlaugsson. „Svöl tónlist og okkar margrómaði kokteillisti munu sjá um að skapa stemninguna sem upphitun fyrir næturlíf borgarinnar.“ Þess má geta að Mojito-kokkteilar eru til í miklu úrvali og hafa notið mikilla vinsælda á staðnum. Arnar segist stefna á að stíla inn á heimsborgaralegan fíling á efri hæðinni sem mun verða opin frá kl. 22 öll kvöld. „Veitingastaðurinn verður svo opinn eins og venjulega en það ætti bara að skapa meiri stemningu meðal þeirra matargesta sem kjósa að borða seint.“ Efri hæð Domo verður svo opnuð fyrir almenningi á laugardagskvöldið og má búast við fínandi stemningu. *- amb*

þetta HELST





**Svöl tónlist og góðir kokteilar á efri hæðinni** Arnar Gunnlaugsson, eigandi Domo og leikmaður ÍA, opnar efri hæð Domo á laugardagskvöldið þar sem fólk getur notið þess að slaka á áður en haldið er út á næturlífið.

## Nostalgía teknótónlistarinnar

Útgáfufyrirtækið Thule Records hefur verið endurvakið og hyggst endurútgefa allar plötur sem komið hafa út á vegum þess, nú með örlítið breyttu sniði. „Við förum af stað með endurútgáfurnar fyrst og fremst vegna mikils áhuga erlendis frá á íslenskri danstónlist. Útgáfurnar verða í digital-formi og hægt er að nálgast tónlistina á vefsíðunni www.beatport.com, sem er ein stærsta tónlistarsíða í heimi. Þangað sækja til dæmis flestir, ef ekki allir, plötusnúðar heims tónlist sína,“ segir Þórhallur Skúlason, eigandi Thule Records. Þórhallur segir að endurvakning hafi orðið og að það hafi færst í aukana að erlend útgáfufyrirtæki endurútgefi gamlar dansplötur. Hann segist jafnframt stefna að því að koma Thule Records aftur á laggirnar með breyttu sniði. „Við ætlum að reyna að koma Thule aftur á fót og hlúa að íslenskum tónlistarmönnum og aðstoða þá við að koma sér á framfæri. “ Sérstakt útgáfukvöld verður haldið á skemmtistaðnum Jakobsen í kvöld og munu plötusnúðar leika fyrir dansi. Meðal þeirra sem munu skemmta gestum eru Dj Thor, Dj Ozy, Hunk of a man og Dj A.T.L. Skemmtunin hefst klukkan 23.00 og er aðgangseyrir 500 krónur. *- sm*



**Thule Records** hefur verið endurvakið, þó með örlítið breyttu sniði.
MYND/ÞÓRHALLUR SKÚLASON

✻ augnablikið



**KISULEG** Mest selda flíkin hjá agent provocateur er nú hlébarðasamfellan sem Daisy Lowe klæddist eftirminnilega bæði á tískusýningu og á næturlífinu í vor. Sexí og „sixtís“.


LYFJA
- Lífið heil
www.lyfja.is
Gildir 26. júní – 3. júlí á meðan birgðir endast.




20% afsláttur
CLINIQUE. Vertu brún án þess að brenna, notaðu sólarvörn frá Clinique. Ofnæmisprófuð, ilmefnalaus og hönnuð af húðlækni.


Gogoyoko og Grassroots kynna:

## Stelpukvöld á Hemma og Valda

Í kvöld verður sannkallað stelpukvöld í Nýlenduvöruverslun Hemma og Valda á Laugaveginum. Þar býður Gogoyoko og Grapevine Grassroots-tónleikaröðin upp á söngkonuna Lydíu Grétarsdóttur ásamt söngfuglinum Öddu og blús-rokkgellunni Elínu Ey. Poppsveitin Pascal Pignon mun einnig stíga á svið og sjarmera áhorfendur. Ekki skemmir fyrir að tónleikarnir eru ókeypis. *- amb*



**Söngfuglar koma fram** Það verður stemning á Laugaveginum í kvöld.

föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Stefán Karlsson **Ritstjórn** Anna M.Björnsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


Við erum ódýrari
VEIÐIPORTIÐ
Mán. - föst. 9 -18
laugard. 9 - 16
sunnudag. 10 - 14
Veiðiportið • Grandagarði 3 • Sími 552 9940
JAXON
JAXON ANDETURE AM
3 legu hjól með auka spólu
2.950 KR.
Sterkar Oxford Nylon vöðlur
Með alvöru stígvéli. Frábærar vöðlur í slarkið og veiðina.
10.950 kr
JAXON
JAXON ARNAS 500
Frábært 6 legu stórt kast hjól sem tekur mikiðmagn af 25- 30 punda linu 2 auka spólur fylgja 2 ára ábyrgð.
7.950 kr.
TILBOÐ föstud.- sunnudag
LIBRA sjóhjól
Gott sjóhjól m/ línu, raðara & teljara, 4 legur
Tilboð 8.900 kr
Orginal Balance lippa
10 gr. 690 kr.
14 gr. 790 kr
ATH.
Varist lélegar eftrlíkingar sem fást í úthverfum borgarinnar og veiða ekki bein
JAXON
Jaxon rúlluhjol
gott rúllu hjól með 4 legum .
fínnt í rennslið.
9.450 kr.
ÓDÝRAST Í BÆNUM
ÓDÝRAST Í BÆNUM
Adventure Spinning veiðistöng
Góðar stangir í lax & silung
1.990 kr – 2.990 kr
STANGARHALDARAR
original Vac rac made in UK.
SEGULL 10.950 kr
I.G SEGULHALDARAR 6.950 kr
Allar helstu túpurnar á 395 kr
Silungaflugur - 220 kr.
Sraumflugur - 295 kr.
laxaflugur - 350 kr.
20 ára reynsla í fluguhnýtingum tryggir gæðin á flugunum hjá okkur
TILBOÐ
LOOP
Tvihendu tilboð
Jaxon - stöng ,hjól.hólkur,undirlína ,rennilína og hægsökkvandi loop skothaus
43.900 kr
Jaxon eternium laxastöng
10 feta alvöru laxastöng 10-40 gr kastgeta
Verð 12.950 kr
Einnig fáanleg í 13 - 14 fet.
verð 14.950 kr.
Veiðivesti
Flott veiðivesti, margar gerðir.
verð frá 3.950 kr.
Besta verðið í bænum
Öndunar vöðlusett
Skór + vöðlur.
29.900 kr

# ENGIN FELUFÖT TIL SÖLU

**_Katrín Alda og Rebekka Rafnsdætur_ deila öllu eins og sönnum systrum sæmir – meira að segja fataskápnum. En þær eru ekki bara systur heldur líka sambýlingar og bestu vinkonur. Saman hanna þær föt og reka tískuverslunina Einveru á Laugaveginum.**

*Viðtal:* **Hólmfríður Helga Sigurðard.**
*Ljósmyndir:* **Stefán Karlsson**

Einvera bættist við flóru tískuverslana á Laugaveginum um síðustu áramót. Henni var strax vel tekið og áttu fjaðrakragar, sérvaldar flíkur og ljúft andrúmsloft þátt í að byggja upp vænan fastakúnnahóp á stuttum tíma.

Systurnar Katrín Alda og Rebekka eru heilinn og hjartað að baki búðarinnar. Margir halda að þær séu tvíburar, eins og sítt ljóst hárið, stóru grænu kattaraugun og samstæðar flíkur benda til. Fjögur ár eru þó á milli þeirra. Katrín Alda er að verða 26 ára en Rebekka er 22 ára. Aldursmunurinn er eiginlega það eina sem gerir þær ekki að tvíburum. Þær eyða flestum sínum vökustundum saman, eiga sömu vini, búa saman og deila flestum hlutum. Meira að segja fataskápnum. Það hafa þær alltaf gert, alveg frá því þær voru litlar stelpur á Þórshöfn, þar sem þær ólust upp.

Ræturnar norður eru djúpar og þangað fara systurnar eins oft og tími gefst til. „Þá förum við oftar en ekki að veiða. Það voru engir bræður í okkar uppvexti. Við eigum tvö eldri hálfsystkini en þau ólust ekki upp með okkur. Þannig að pabbi var ekkert að gúddera það að við værum bara inni í barbí. Við vorum farnar að halda á byssu um leið og við höfðum aldur til og veiðum fisk á sumrin og rjúpu á veturna,“ segir eldri systirin, Katrín Alda, og Rebekka skýtur inn í: „Við vorum nú reyndar ekki orðnar nógu gamlar til þess. Svona var þetta að alast upp í sveitinni. Við byrjuðum líka að keyra bíl sjö ára og svona. Pabbi sat reyndar við hliðina á okkur í farþegasætinu en þetta var voðalega frjálslegt og allt öðruvísi líf en að alast upp í bænum.“



**Katrín Alda og Rebekka** Systurnar láta sig dreyma um frekari sigra í tískuheiminum. Þær segjast passa sig á að dreyma nógu stóra drauma um framtíðina. Þannig verði bara skemmtilegt þótt einungis helmingur draumanna verði að veruleika.

> *„Það voru engir bræður í okkar uppvexti. Þannig að pabbi var ekkert að gúddera það að við værum bara inni í barbí. Við vorum farnar að halda á byssu um leið og við höfðum aldur til og veiðum fisk á sumrin og rjúpu á veturna.“*

## ÞÓRSHÖFN Í FÆREYJUM?

Katrín Alda flutti frá Þórshöfn til Reykjavíkur þegar hún var sextán ára og tími til kominn að fara í menntaskóla. Tæpum tveimur árum síðar fylgdi Rebekka henni eftir og flutti þá inn til stóru systur sinnar. Síðan hafa þær búið saman, að undanskildum þeim árum þegar Katrín Alda bjó í London. Þær eru sammála um að það hafi verið frábært að alast upp á Þórshöfn, þótt þær séu hvorugar tilbúnar til að búa þar núna. „Reykjavík er svo skemmtileg, við myndum ekki vilja missa af henni,“ segir Katrín Alda. „En það er furðulegt þegar fólk virðist ekki langa til að þekkja landið sitt. Þegar við komum í bæinn og sögðumst vera frá Þórshöfn kom fólk af fjöllum eða hélt að við værum frá Færeyjum. Það vissi enginn hvar Þórshöfn var.“

Flest er ólíkt með lífinu fyrir norðan og í bænum, að mati þeirra systra. „Fólk hugsar allt öðruvísi úti á landi og lifir meira einn dag í einu,“ segir Katrín Alda. „Það er líka inni í sínum þægindaramma, þekkir allt og alla og þarf aldrei að stíga út fyrir hann. Þetta hefur bæði sína kosti og galla. Það er þægilegt en maður verður að stíga út úr þessum ramma til að stækka hann. Þetta er svo gjörólíkt því sem er hér í bænum. Mér finnst í raun meiri viðbrigði að fara heim á Þórshöfn heldur en að fara út til London eða New York.“

## NEW YORK OG LONDON

Talandi um New York og London. Þangað fara þær systur mjög reglulega til að versla inn fyrir Einveru. „Við erum alltaf í útlöndum, sem er góður vítahringur fyrir okkur þar sem við elskum að ferðast. Við kaupum alltaf lítið í einu því við viljum bara hafa fáar flíkur af sömu tegund. Við handpikkum allt sem við seljum, bæði second hand-flíkurnar og það nýja. Við kaupum ekkert í heildsölu heldur bara á mörkuðum og öðrum stöðum þar sem við vitum að leynast fjársjóðir.“

Vinsældir Einveru koma ekki síst til vegna hönnunar systranna, sem þær selja undir nafninu Kalda. „Við hönnum flíkurnar í sameiningu en það er ég sem skokka á milli efnabúða, vinn með saumakonunni og geri prótótýpurnar,“ segir Katrín Alda, sem er meira við í búðinni þar sem Rebekka er í fullu námi við Háskóla Íslands í ritlist og heimspeki. Á milli þess sem hún veltir fyrir sér málefnum verslunarinnar lætur hún sig dreyma um að kollvarpa skólakerfinu og stofna nýjan skóla. „Mér finnst svo margt að skólakerfinu eins og það er núna. Til dæmis finnst mér að það ætti að hjálpa einstaklingnum að rækta hjá sér þá hæfileika sem hann hefur, í stað þess að troða endalaust ofan í hann einhverju sem hann langar ekki til þess að læra.“

Katrín Alda er hins vegar búin með sitt nám en hún lærði tískustjórnun í London. Eftir námið fékk hún lærlingsstöðu hjá ungum hönnuði, þar sem hún áttaði sig á að hana langaði sjálfa til að fara út í hönnun.

Áhuginn á fötum er systrunum því sem næst í blóð borinn, en hann fengu þær beint frá mömmu sinni. „Mamma fór alltaf með okkur tvisvar á ári í Evu, þar sem hún hafði verið að vinna áður en hún flutti á Þórshöfn. Við komum alltaf heim með eitthvað sem var engan veginn í tísku,“ segir Rebekka. Þær misstu því alfarið af Buffalo-æðinu og öðrum misfínum tískusveiflum sem margar stelpur á svipuðum aldri vildu helst gleyma.

## ÞÆGILEGT ANDRÚMSLOFT

Í Einveru er þægilegt andrúmsloft. Þær systur leggja mikið upp úr því að kúnnanum líði eins og hann sé bara einn með sjálfum sér þar inni. „Mér finnst skipta rosalega miklu máli að fólki líði vel inni í búðinni,“ segir Rebekka. Katrín hlær og bætir við: „Hún er sko ótrúleg, suma hluti má ég ekki koma með inn í búðina því hún segir að það sé slæm orka í þeim. En þetta skiptir ofsalega miklu máli, það er alveg rétt hjá henni. Við viljum ekki að það sé ógnandi að labba inn hjá okkur heldur bara kósí og að fólk finni að það er velkomið. Við leggjum líka mikið upp úr því að vera í góðum tengslum við kúnnana okkar. Ég sauma til dæmis alltaf bara einn til tvo kjóla og læt þá í búðina, bíð svo eftir viðbrögðum og laga þá svo eftir þeim. Það er ótrúlega skemmtilegt að sjá þegar fólk er ánægt með eitthvað nýtt af nálinni.“

## HVÍLD FRÁ HUGSUNUM

Systurnar segjast eiga erfitt með að henda reiður á hvaðan þær sæki sinn innblástur. Hann komi helst yfir þær þegar hugurinn fái hvíld frá stöðugum hugsunum, á stöðum sem gefur þeim orku. „Það er til dæmis staður sem heitir Sandur fyrir norðan. Við förum oft þangað í kuldagallanum og bara liggjum í sandinum í marga klukkutíma. Þegar maður gefur sér tíma til að liggja úti í náttúrunni finnur maður hvað hún vinnur vel með manni,“ segir Rebekka. Þær eru líka báðar trúaðar og til í að prófa eitt og annað á andlega sviðinu. „Við trúum því að okkur sé beint áfram að einhverju æðra. Þess vegna förum við reglulega á fundi andlega sinnaðs fólks. Ég fór meira að segja einu sinni á transhugleiðslunámskeið þar sem kennt var að tengja sig við liðna listamenn og fá innblástur frá þeim. Það gaf mér eitthvað, þó ég sé ekki að fullyrða að ég geti leitað beint til Coco Chanel eða eitthvað svoleiðis,“ segir hún og hlær. Rebekka bætir við að allt sem maður upplifi geti verið manni innblástur án þess að maður viti það endilega sjálfur. Þar sjái undirmeðvitundin um sitt. „Og ef þú ert með hreina hugsun á bakvið hlutina geturðu hvað sem er. En maður á aldrei að svíkja sjálfan sig. Ef maður gerir það koma hinir þarna og rústa öllu dæminu,“ segir hún sposk á svip, án þess að fara frekar út í hverjir „þeir“ eru.

## NÓGU STÓRIR DRAUMAR

Það er sniðugt að vera í viðskiptum með systur sinni, að minnsta kosti ef samkomulagið er eins og hjá þeim Katrínu Öldu og Rebekku. „Það reynir á að vera í svona nánum samskiptum. En ég held að maður geti aldrei verið alveg jafn hreinskilinn við neinn eins og systur sína. Þegar mikið er í húfi er gott að þurfa ekki að halda aftur af sér,“ segir Katrín Alda og Rebekka kinkar kolli. „Við höfum alveg rifist yfir einhverju sem skiptir engu máli. En við sættumst alltaf strax aftur. Svo

FRAMHALD Á SÍÐU 6



Fiji hönnun í hæsta gæðaflokki
Borð, tveir stólar og bekkur var 99.900,-
nú 49.950,-
Fiji húsgögn 50 % afsláttur
nestiskarfa 30 % afsláttur
KERTASTJAKAR blóm
290,-
sólhlíf 30 % afsláttur
NESTISKARFA
áður 4.990
3.493,-
OLÍULUKT
1.190,-
SÓLHLÍF
verð fyrir utan fót
áður 7.990
5.593,-
LUKT litil græn
1.490,-
LUKT litil gul
1.490,-
allir blómapottar 40 % afsláttur
STÓLL
7.990,-
KINDLAR
490,-
GARÐFÍLL
1.490,-
MÓSAÍKBORÐ
16.900,-
the PIER
Sumartilboð
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870



## Rebekka

**Stjörnumerki:**
Krabbi.

**Fyndnust eða fyndnastur:**
Andri Viskí Árnason.

**Fallegasti staðurinn:**
Íslenskir móar og berjalyng og Langanes sem allir verða að sjá.

**Skemmtilegast að gera:**
Hugsa, skapa, elska, læra, gera, vera.

**Leiðinlegast að gera:**
Tapa.

**Besti tími dagsins:**
Eldsnemma á morgnana þegar enginn er vaknaður nema ég.

**Fyrirmyndir í lífinu:**
Ég á sjö átrúnaðargoð, foreldrar mínir eru meðal þeirra.





## Katrín Alda

**Stjörnumerki:**
Ljón.

**Fyndnust eða fyndnastur:**
Jóhann, Hreggviður og Rafn Jónssynir.

**Fallegasti staðurinn:**
Fjörur allra heimsins hafa.

**Skemmtilegast að gera:**
Að breyta hugmyndum í föt og safna stimplum í vegabréfið.

**Leiðinlegast að gera:**
Að færa fórnarkostnað.

**Besti tími dagsins:**

Þær örfáu stundir sem maður kemst í hugsanaþögn eru bestar á hverjum degi.

**Fyrirmyndir í lífinu:**
Elsa Schiaparelli fyrir að synda á móti meginstraumnum!











FRAMHALD AF SÍÐU 4

erum við rosalega líkar og höfum svipaðan smekk. Þegar við kaupum inn erum við eiginlega alltaf sammála," segir hún.

Systrunum finnst of margir klæða sig til að fela sig. „Við skiljum þetta ekki. Þú þarft hvort sem er að klæða þig á hverjum degi. Því þá ekki að njóta þess?" spyr Rebekka og bætir við: „Við erum ekki með nein feluföt til sölu, ég held það sjáist vel á vöruúrvalinu að okkur þykir gaman að fötum."

Þær stefna á frekari sigra og eru nú að vinna að opnun vefverslunar, svo að þær geti selt hönnun sína víðar en á Íslandi. „Við látum okkur dreyma um ýmislegt og pössum okkur að hafa draumana nógu stóra. Þá er bara gaman þótt bara helmingurinn af draumunum verði að veruleika. Annars vitum við ekkert hvað framtíðin ber í skauti sér. Það er rosalega gott að vita ekkert um það," segir Rebekka og eins og með svo margt annað er Katrín Alda sammála og segir: „Já, mér finnst það líka."









**Sniðug smelliaðferð** Handhægar snyrtivörur frá Bobbi Brown.

## Praktískar lausnir

# Litapallettur sem smella saman

„Customise"-vörurnar frá snyrtivörufyrirtækinu bandaríska Bobbi Brown eru sérlega handhægar. Þar er hægt að velja um litapallettur fyrir kinnar, augu og varir sem smella í þartilgerð box sem er þægilegt að hafa í töskunni. Nú í fyrsta sinn er hægt að fá hið frábæra Bobbi Brown Foundation stick meik í „kompakt" formi, það er að segja í litlu þar til gerðu boxi sem er frábært í snyrtibudduna. Þá er hægt að draga það fram til að lagfæra andlitið síðla dags og það er líka sniðugt ef maður vill bara farða sig lítið, eins og á nefið og undir augun. Í sumar eru varapalletturnar frá Bobbi Brown í náttúrulegum rósrauðum og karamellulituðum tónum og kinnalitur-inn Shimmer Blush er nú fáanlegur í tveimur nýjum rósrauðum litum. *- amb*



**Gloss** Rósrauðir náttúrulegir tónar.

**Glimmer** Falleg áferð á nýjum „shimmer" kinnalit.

**Foundation Stick meik** Nú í handhægum litlum kassa.


purelogicol

# Collagen til inntöku

Undraverður árangur fyrir húð og líkama




Endurvekur unglega yfirbragð, húðin verður mýkri og stinnari á öllum líkamanum og andliti

Árangur sést eftir aðeins 3 vikur

Gott fyrir liðina, aukinn liðugleiki og betri líðan



Valið „favorite age-defying" af tímaritinu MS London

**Fæst í apótekum og Fríhöfninni**

Collagen er öflugasta byggingarprótín líkamans, 75% af húðinni er collagen en framleiðsla líkamans minnkar með aldrinum. Afleiðingar af collagenskorti er m.a slakari húð, hrukkur og stirðleiki í liðamótum og baki. Rannsóknir sýna að PureLogicol collagen stuðlar að endurnýjun og uppbyggingu á brjóski, sinum, liðum og stoðvefjum húðarinnar. Inntaka stuðlar einnig að betri svefni. Gefur fljótt betri líðan í liðamótum, líkaminn og húðin verður fjaðurmagnaðri aukin mýkt, unglegri og stinnari. Styrkir hár og neglur. Framleitt eftir: Edible Food Regulation nr. 1999/724 EC. GMP staðall.






**REYKJAVÍK STORE,** LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

operated by v8 ehf

G-STAR RAW DENIM · RAW DENIM 3301 BY G-STAR · 3301 RECORDS · RAW · g-star.com

© 2009 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.

# tíska

✻ sumarið er komið

**NÝJAR SUMARVÖRUR FRÁ LAUDER** Ef þig langar í létta og mjög raunverulega brúnku sem verður aldrei appelsínugul þá er bronze goddess frá Estée Lauder svarið. Kremið virkar einnig stinnandi fyrir líkamann. Í sömu línu er dásamlegur kókosilmur sem minnir á sólarstrendur.



## ✻ algjört möst



1 **Að skreppa í heitu pottana og láta streitu dagsins líða úr sér.**



2 **Heimadekur. Lakkaðu neglurnar með eldrauðu naglalakki en mundu að hafa þær stuttar. Mjög Chanel!**

3 **Út að borða. Prófið hinn dásamlega plokkara á Boston undir þúsundkalli. Namm!**



4 **Kósíkvöld. Gerðu eitthvað annað en að horfa á sjónvarpið með kærastanum og eigið sexí stundir.**



5 **Frisbí. Skelltu þér í Hljómskálagarðinn eða út á Miklatún í þetta unaðslega sumarsport.**



**Rautt** Flottur chiffonkjóll við eldrauðar sokkabuxur.



**Glæsilegt** Prjónadress í svörtu og hvítu.



**Þriðji áratugurinn** Falleg svarthvít tweed-dragt í anda þriðja áratugarins.

**Feneyjasumar**

# Cruise-lína Chanel vakti mikla aðdáun

Sumarleyfis- eða „cruise"-lína meistara Lagerfelds fyrir sumarið 2010 fékk mikið lof en sýningin átti sér stað í Feneyjum. „Feneyjar búa yfir dökkri og leyndardómsfullri hlið sem veitti mér innblástur," sagði Lagerfeld sem notaðist við litapallettu sem var dregin af húsþökum og skreytingum borgarinnar. „Coco Chanel var alltaf mjög hrifin af Feneyjum og bjó þar í tíu ár á þriðja áratugnum," bætti hann við. *- amb*



**Skrautlegt** Smart samfestingur sem minnir á hefðbundin Feneyjaklæði.



**Skikkja** Gamaldags yfirhöfn við barðastóran Feneyjahatt.




www.ellingsen.is

# HAGSTÆÐ GISTING

## í Montana-tjaldvagni

**Með fortjaldi og yfirbreiðslu**



Þú greiðir
445.000
og skiptir
445.000
í vaxtalausar léttgr.
í 12 mán eða
37.084 pr/mán

# 890.000 kr.

MONTANA









## Tækniupplýsingar

| | |
|---|---|
| Heildarlengd | 3,3 m |
| Heildarbreidd | 1,6 m |
| Lengd að innan | 2,4 m |
| Hæð að innan | 1,9 m minnsta hæð |
| Breidd að innan | 1,9 m |
| Eigin þyngd | 270 kg |
| Heildarþyngd | 395 kg |
| Burðargeta | 125 kg |
| Þykkt á veggjum | Tjalddúkur: Ten Cate 280 gr/m2 |
| Þykkt á gólfi | Tjalddúkur: Ten Cate 320 gr/m2 |
| Dekkjastærð | 13 tommur |

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16

**Ellingsen**
*– fullt hús ævintýra*

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

# tíðin

✻ heimili og hönnun

**KLÚTAR Í CRYMOGEU** Guðný Hrönn Antonsdóttir selur þessa dásamlegu hringlaga klúta í Gallerí Crymogeu á Laugaveginum og eru þeir fáanlegir í svörtu, hvítu, bláu og fjólubláu. Æðisleg leið til að hressa upp á fataskápinn.









Nýtt danskt hönnunarteymi:

## SPOON DIOGO

Parið Mia Lisa Spoon og Rui Andersen Rodrigues Diogo hafa unnið saman undanfarin fjögur ár og settu á fót merkið Spon Diogo árið 2008. Mia hefur unnið sem klæðskeri í mörg ár en Rui rak gallerí í Reykjavík á sínum tíma með Önnu Maríu Helgadóttur sem nefndist Gallerí 101. „Ég ber enn sterkar tilfinningar til Íslands og á góða vini þar,“ segir Rui. „Við Mia unnum saman fyrir nokkur fyrirtæki í Kaupmannahöfn og gerðum meðal annars skartgripi og töskur. Okkur langaði að skapa merki fyrir konur með áherslu á einfaldleika og skarpa hönnun og munaðarfull efni. Spoon Diogo-konan á að vera sjálfsörugg borgardama.“ Fyrsta lína Spoon Diogo leit dagsins ljós síðastliðið haust og var seld í versluninni ParisTexas í Kaupmannahöfn. Vetrar- og haustlínan fyrir 2009 inniheldur 36 „capsule“-stykki og kallast Facets. „Við höldum okkar fyrstu tískusýningu á tískuvikunni í Kaupmannahöfn hinn 5. ágúst og í kjölfarið förum við á tískuvikuna í París og við erum ofsalega spennt fyrir því.“ www.spondiogo.com *- amb*



**Búa saman og vinna saman** Mia Spoon og Rui Diogo hanna fyrir sjálfstæðar konur.








**Lampar og púðar** Smáatriðin setja skemmtilegan svip á herbergi.

Rómantísk svefnherbergi

## Búðu til fallegt ástarhreiður á heimilinu



**Veggfóður** Prufaðu dökkan lit á einn vegg.

**Það er alltaf gott að breyta til heima hjá sér og ekkert notalegra en að eiga afdrep frá skarkala umheimsins í svefnherberginu. Þessi herbergi verða oft út undan hjá okkur þegar við fegrum heimilið vegna þess að gestir sjá þau sjaldan en það er auðvitað full ástæða til að gæða þau notalegheitum og rómantík. Hvernig væri til dæmis að veggfóðra einn vegg, kaupa munúðarfullar rauðar gardínur í anda David Lynch eða skella litríkum púðum í fallegum efnum á rúmið? Fallega spegla má grafa upp í antíkverslunum og gera líka mikið fyrir andrúmsloftið. Svo er auðvitað skemmtilegt að leyfa bókum og fallegum klæðum að vera til sýnis því að mínimalisminn þarf ekkert að vera allsráðandi í herberginu þar sem við elskumst og sofum.**


SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is
Meistaraverk!
Þegar þú skiptir við meistara eða fagmann með tilskilin réttindi geturðu verið viss um að verkefnið verður unnið af fagmennsku sem er grunnurinn að vönduðu og vel unnu verki. Innan raða Samtaka iðnaðarins eru starfandi meistarafélög sem hafa á að skipa löggiltum fagmönnum til hvers kyns verkefna. Ekki sætta þig við fúsk þegar þú getur tryggt þér meistaraverk.
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 09-0762



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Erna Bergmann þáttastjórnandi/fatahönnuður**



**1**

**Fara í jóga í morgunsárið. En eftir tímann færi ég í spadekur með gufu.**



**2**

**Næst myndi ég kaupa mér fabjúlös dress fyrir kvöldið og hitta allar vinkonurnar í hádegismat.**

**3**

**Síðan myndi ég keyra aðeins út fyrir borgina, labba með hundana mína í góða verðinu og sóla mig í pikknikk.**

**4**

**Eftir sveitasæluna kæmi ég heim í tandurhreinu íbúðina mína og myndi undirbúa gúrmei grillveislu fyrir alla uppáhalds vini mína.**



**5**

**Kvöldið myndi enda í eintómri hamingju í karíókí og kokteilum jafnvel á brjáluðum tónleikum og með dansi fram á rauða nótt.**





Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



HUSABERG 650FE. Árgerð 2008. Rnr.102404



Yamaha R6 '08 ek. 1500km. Verð 1200þ. Ísl. lán 600þ. 15þ. á mán. Er til í að skoða fellihýsi, tjaldvagn, hjól eða eitthvað leiktæki sem milligjöf. S. 899 5922.

**!!! TILBOÐ - TILBOÐ!!!**
Yamaha YZ 85cc árg. '08. Lítur mjög vel út. Lítið notað. Tilboðsverð aðeins 290þús. stgr. Uppl. í s. 695 9696.

## Fjórhjól



GÓÐAR VESPUR Á GÓÐU VERÐI. MARGIR LITIR Í BOÐI. VERÐ AÐEINS 199.999. HAGKAUP GARÐABÆ 563 5000.

## Hjólhýsi



T.E.C Hjólhýsi árg. 2007 til sölu. Nánast ónotað. Mikið af aukahlutum. Uppl. í síma 856 6766



**2.199** kr/kg.
Merkt verð 2.599.-

**Nauta rumpsteikur**
frosnar, 6 x 180 g steikur




*Ora ástríða í grillsósum...*




EGILS MIX
2 LÍTRA
**179** kr/stk.




NÓA
KROPP 200G
**299** kr/pk.



VASAKLÚTAR
15 PAKKAR
**208** kr/pk.

EURO SHOPPER

*ferskt með flugi!*



NÝ UPPSKERA FRÁ USA!
**FERSKJUR & PLÓMUR**




SÚKKULAÐI
RÚSÍNUR 500G
**389** kr/pk.




A&W
RÓTARBJÓR
**189** kr/stk.

Gildir til 28. júní á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

# Spennandi á grillið
## *á betra verði!*

OPIÐ til 20 alla daga



ÓDÝRT Í HAGKAUP

**NEW ORLEANS BBQ SVÍNARIF**
**1.026** kr/kg.
Merkt verð 1.579.-



ÓDÝRT Í HAGKAUP

| Vara | Verð |
|---|---|
| **Hamborgarar** 4 stk. x 80g hamborgarar | 499 kr/pk. |
| **Nautavöðvi** kryddleginn | 1.494 kr/kg. Merkt verð 2.298.- |
| **SS helgarsteik** bláberjalegin | 1.731 kr/kg. Merkt verð 2.308.- |
| **Kjúklingagrillpinnar** 2 tegundir | 2.398 kr/kg. Merkt verð 2.998.- |

## *spennandi á grillið!*



NÝTT Bökunarkartöflur
Beikonfylltar kartöflur
NÝTT Maísstönglar
Balsamikmarineráð grænmeti
Berjabomba m/kókosbollum
Sveppir með ostafyllingu



ÓDÝRT Í HAGKAUP

RISA SAMLOKUBRAUÐ 199 kr/stk.

VÍNARBRAUÐS LENGJA 399 kr/stk.

LAKKRÍS KONFEKT 269 kr/pk.

GRILLKOL 4,08 KG 689 kr/pk.

EURO SHOPPER



BBQ SÓSUR Í ÚRVALI

ÓDÝRT Í HAGKAUP

FJALLABRAUÐ 249 kr/stk.

PAGEN KANILSNÚÐAR 299 kr/pk.

ÓDÝRT Í HAGKAUP

GRILLBAKKAR 5 STK. 199 kr/pk.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**! kl. 21**

*Hljómsveitin Árstíðir og trúbadorarnir Svavar Knútur og Helgi Valur fara nú um landið og verða á Selfossi í kvöld á 800 Bar. Þeir spila í Stykkishólmskirkju á morgun kl. 15 og í Ólafsvíkurkirkju þá um kvöldið kl. 21. Þaðan fara þeir í Flatey og spila þar á sunnudag kl. 20.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Gamlar værur rifjaðar upp

„Íslandsbankahneykslið endurtekið“ var fyrirsögn í Verkalýðsblaðinu í byrjun mars 1932. Hljómar kunnuglega, en það er líka margt annað sem kemur augum okkar daga kunnuglega fyrir sjónir á sýningu í Þjóðarbókhlöðunni sem hófst í gær. Þar er dvalið við minningar og minningamörk úr kreppunni miklu sem svo er kölluð: „Sturlungar“ fyrr og nú. Hvað getum við lært af frelsismissi Íslands 1262? var þá spurt.

Á sýningunni eru greinar og brot úr greinum úr dagblöðum og tímaritum sem gefin voru út á kreppuárunum á fjórða áratug síðustu aldar, ýmsar bækur og bæklingar og einnig persónulegir munir ungs manns sem reyndi að sjá fyrir sér, móður sinni og systkinum í kreppunni með ýmsum ráðum og ekki öllum löglegum. Í kreppunni urðu pólitískar andstæður mjög skarpar og langt var á milli þeirra sem voru lengst til vinstri í Kommúnistaflokki Íslands og þeirra sem voru lengst til hægri og aðhylltust nasisma.

Sýningin er opin á afgreiðslutíma safnsins sem er kl. 9-17 á virkum dögum og kl. 10-14 á laugardögum. Allir eru velkomnir á sýningar í Þjóðarbókhlöðunni og aðgangur er ókeypis.



**> Ekki missa af**

fimmtu Grasrótartónleikum gogoyoko og Reykjavík Grapevine í Nýlenduvöruverzlun Hemma og Valda á Laugavegi. Að þessu sinni er lögð áhersla á kvenkyns listamenn sem eru að gera það gott um þessar mundir, en fram koma hljómsveitin Pascal Pinon og tónlistarkonurnar Adda, Lydía og Elín Ey. Gamanið hefst kl. 21.

# Býttiátak hjá Eymundsson

„Þetta er ekkert aprílgabb, við ætlum að byrja í dag að taka á móti öllum íslenskum og erlendum vasabrotsbókum sem gefnar hafa verið út árið 2007 eða síðar og greiða fólki 200 kr. fyrir stykkið í formi inneignarnótu,“ segir Bryndís Loftsdóttir, vörustjóri hjá Eymundsson. „Inneignarnótuna er svo hægt að nota upp í nýjar eða notaðar bækur eða aðrar vörur sem fáanlegar eru í verslunum okkar. Hugmyndin kom frá mætum bóksala úr okkar röðum en líkt og kaffihús og langur afgreiðslutími bókaverslana hefur þetta auðvitað þegar verið reynt erlendis.“

Í framkvæmd er þetta keimlíkt skiptibókamarkaði námsbóka sem hefur tíðkast hér um áratugaskeið. „Við lágum lengi yfir þessu en sáum ekkert nema jákvæða vinkla á hugmyndinni. Auralitlir lesendur þurfa ekki að örvænta lestrarlaust sumar, þeir geta einfaldlega komið eldri bókum sínum í verð og keypt aðrar í þeirra stað og við fáum líf og fjör í verslanir okkar. Bókaútgefendur hræðast ef til vill að þetta dragi úr sölu á nýjum bókum en það tel ég vera ástæðulausan ótta því fólk getur einmitt komið með gömlu kiljurnar sínar og keypt splunkunýjar bækur í staðinn,“ segir Bryndís og er brött að vanda. Eina skilyrðið sem Eymundsson setur er að bækurnar séu í kiljuformi, í sölulegu ástandi og útgefnar á árunum 2007 til 2009. Bækurnar munu þeir hjá Eymundsson svo selja aftur á 400 krónur stykkið en jafnframt bjóða þriðju bókina fría svo hægt verður að kaupa þrjár kiljur fyrir 800 krónur, sem er vel boðið og í anda okkar tíma. Býttiátakið mun standa allan júlí. - pbb



**BÆKUR** Bryndís Loftsdóttir vörustjóri.

# Kling og Bang í New York

**Á þriðjudagskvöld hófst sýningarhald í New York á vegum samtaka sjálfstæðra gallería og samtaka sem starfa að list án hagnaðarávinnings. Sýningin nefnist No Soul for Sale. Meðal nær þrjátíu aðila á sýningunni eru fulltrúar Kling og Bang.**

Sýningin er til húsa á 548 Vestur og 22. stræti, í Chelsea gallerí-hverfinu, á stað er kallast X Initiative, sem er stórt húsnæði er hýsti áður DIA Center. X Initative er einmitt rekið í dag af þekktum sýningarstjórum, galleríistum og listamönnum sem hafa valið á sýninguna staði sem þykja hafa skarað fram úr í hinum alþjóðlega listheimi. Húsið var tekið yfir en það er niðurníðslu og er ætlunin að X-frumkvæði verði þar í ár.

Kling & Bang gallerí í Reykjavík var valið til að taka þátt og kynnir þarna um fjörutíu íslenska listamenn en aðrir þátttakendurnir á þessari sýningu koma hvaðanæva að úr heiminum. Reykjavík og íslenskir listamenn lenda þarna á korti með helstu listastöðum, svo sem Hong Kong, Shanghai, París, Berlín, Mílanó, New York og fleirum.

Hekla Dögg Jónsdóttir myndlistarmaður var á opnuninni og var ánægð með áhuga og aðsókn; sýningin væri mikil kynning á þeim hópi myndlistarmanna sem á sínum tíma kom saman í kringum lítið gallerí á Laugaveginum og nú sýnir á Hverfisgötu. Fram undan er sýningahald í nafni Kling og Bang í Hannover í Þýskalandi, auk smærri sýninga einstakra listamanna. Hefur sýningarinnar verið að góðu getið í fjölmiðlum í New York og er hlutur Klingara talinn með því betra sem þar er í boði. Sýningin stendur til 28. júní og er opið frá klukkan 13-21 alla daga og frítt inn. pbb@frettabladid.is



**MYNDLIST** Táknmynd sýningar sjálfstæðra myndlistarsamtaka í New York þar sem Kling og Bang-liðar eru í góðum hópi. MYND/X INITIATIVE.






# Fjallabyggðarblús

Jassklúbbur Ólafsfjarðar efnir enn til hátíðahalds á Ólafsfirði undir stríðum hljómum og bláum. Er þetta í tíunda sinn sem blásið er til Blúshátíðar á Ólafsfirði.

Í kvöld hefst dagskráin með hljómleikum í Tjarnarborg þar sem fram kemur sveitin Roðlaust og beinlaust, Manhattan, Guido Thomas Band og Tregasveitin með þá feðga Guðmund Pétursson og Pétur Tyrfingsson í broddi fylkingar.

Á morgun, laugardag, verður Ragnheiður Gröndal með tónleika í kirkjunni en Guðmundur Pétursson leikur undir. Um kvöldið heldur tónleikahald áfram í Tjarnarborg þar sem JJ Soul Band kemur saman á yfirreið sinni um landið. Bandið skipa þeir Ingvi Þór Kormáksson, Steingrímur Óli, Stefán Ingólfsson, Eðvarð Lárusson og Agnar Már Magnússon. Johnny and the Rest taka svo næsta sett en síðast spilar landsliðið: Halldór Bragason, Ragnheiður Gröndal, Guðmundur Pétursson, Jón Ólafsson og Birgir Baldursson.

Þegar prógrammið er úti tekur Akút-bandið við og leikur fyrir dansi, eins og sagt var fyrr á tíð. Nánari upplýsingar má finna á vef hátíðarinnar: http://blues.fjallabyggd.is/forsida/ - pbb

# Þriðji í djasshátíð

Það var heitt í kolunum í Valaskjálf í gærkvöld þar sem annar í Djasshátíð Austurlands var að kveldi kominn. Í boði var bjartsýnisblús þar sem blúsband Guðgeirs, Garðar Harðar og fylgisveinar, Þorleifur Guðjóns og Björgvin Gíslason lögðu í seyðinn. Djasshátíðin á Austurlandi er elsta hátíð sinnar tegundar á Íslandi og leggur sig jafnan skömmu eftir sumarsólstöður. Hátíðahaldið teygir anga sína af Héraði niður á firði því forsvarsmenn hennar blása á fornan hrepparíg.

Í kvöld heldur hátíðin áfram með tónleikum í Valaskjálf með JHK Band og Tómasi R. Einarssyni og Trúnóbandinu. Á laugardag verður spilað í Egilsbúð þar sem Mighty Marith and the MeanMan og BT Power trio koma fram en lokahnykkinn taka Eskfirðingar á sig á sunnudag þar sem

Andreas Dreier Quartett spilar í Kirkju- og menningarmiðstöðinni. Andreas er menntaður í Árósum, hjá Banff og í Haag. Hann starfaði veturlangt í Los Angeles og hefur seinni ár farið víða og spilað: Svíþjóð, Finnland, Færeyjar, Skotland, Írland, Kanada, Bandaríkin, Holland, Þýskaland og Spán hefur hann sótt heim, auk spilamennsku í Danmörku og Noregi þar sem hann býr nú. - pbb




# HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

-félag allra hundaeigenda – stofnað 1969-

*STÆRSTA SUMARSÝNING HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS - MET ÞÁTTTAKA Á SUMARSÝNINGU*

## Sumarsýning Hundaræktarfélags Íslands
## 27. -28. júní í reiðhöllinni Víðidal, Reykjavík

*YFIR 600 HUNDAR AF MEIRA EN 80 TEGUNDUM VERÐA SÝNDIR AUK 31 UNGRA SÝNENDA.*

Dómarar sýningar eru frá Kanada, Noregi, Sviss og Ungverjalandi
Sýningin stendur frá kl. 9-16 laugardag og sunnudag

## Meðal viðburða:

645 hundar af 82 hundategund verða sýndir • Hvolpar setja skemmtilegan svip á sýninguna • Virðulegir öldungar láta ljós sitt skína • Fallegustu hundar sýningar valdir • Keppni ungra sýnenda fer fram föstudaginn 26. júní kl. 17:00 • Viðamikil starfsemi félagsins kynnt • Kynning á hundategundum • Sölu- og kynningarbásar – ýmis sértilboð • Veitingasala

Sjá dagskrá sýningar á www.hrfi.is

Aðgangseyrir er 500 kr. fyrir fullorðna.
Börn yngri en 12 ára í fylgd með fullorðnum fá frítt inn, annars 300 kr.

Samstarfsaðili Agria

Pedigree

## > KLÁR LEIKKONA

Leikkonan **Emma Watson**, sem er þekktust fyrir leik sinn í Harry Potter-myndunum, hyggst liggja yfir skólabókum í haust. Leikkonan sótti um í nokkra háskóla í Bandaríkjunum og komst meðal annars inn í Yale, Brown og Harvard. Hún kaus þó að stunda nám við Columbia-háskólann í New York.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# The Killers undirbýr nýja plötu

Hljómsveitin The Killers frá Las Vegas ætlar að ljúka við nýja plötu með lögum eftir aðra tónlistarmenn á þessu ári.

„Þetta er eitthvað sem við höfum lengi talað um að gera og erum enn að tala um það," sagði söngvarinn Brandon Flowers. „Okkur finnst erfitt að velja lög sem skilgreina hvern og einn okkar sem einstakling. Ég er til dæmis margslunginn persónuleiki sjálfur. Ég fíla alls konar tónlist, þar á meðal Neil Diamond og The Cars."

Trommarinn Ronnie Vanucci vill sjálfur hafa lög eftir Genesis, Tom Waits, Cyndi Lauper og Iggy Pop á plötunni. Hann er einnig að velta fyrir sér nokkrum lögum með hinni vinsælu Fleet Foxes. Vanucci segir að The Killers ætli að vinna að plötunni á tónleikaferð sinni um heiminn sem stendur nú yfir. Þeir félagar tóku upptökugræjur með sér í ferðalagið og ætla að vera duglegir að taka upp um leið og þeim gefst frítími frá tónleikahaldinu.

The Killers verða annars önnum kafnir í sumar því á meðal tónlistarhátíða sem hún ætlar að heimsækja eru Rock Werchter-hátíðin í Belgíu, T in the Park í Bretlandi og Lollapalooza í Bandaríkjunum. Í haust tekur síðan við umfangsmikil tónleikaferð um Bandaríkin.



**THE KILLERS** Hljómsveitin The Killers frá Las Vegas er að undirbúa nýja plötu sem er væntanleg á þessu ári.

# Lou Diamond sigraði í raunveruleikaþætti

Leikarinn Lou Diamond Phillips stóð uppi sem sigurvegari í bandaríska raunveruleikaþættinum „I'm a Celebrity ... Get Me Out of Here!" á miðvikudagskvöld. Lou Diamond, sem er 47 ára gamall, bar sigurorð af glímukonunni Torrie Wilson og körfuboltahetjunni fyrrverandi John Salley.

Sjónvarpsþættirnir „I'm a Celebrity ..." eru teknir upp á Kosta Ríka og líkjast Survivor talsvert. Sérkenni þáttanna er hins vegar að þar eru útbrunnar kvikmynda- og tónlistarstjörnur áberandi, sem og fólk sem er frægt fyrir eitt og annað. Frægustu myndir Lous Diamond Phillips eru La Bamba og Young Guns.

Lou Diamond eyddi þremur vikum í að berjast við skordýrabit og snáka og stóð sig eins og hetja. Hann var með friðhelgi mest allan tímann sem keppnin stóð yfir vegna sigra sinna í ýmsum þrautum. Sigurlaunin gaf hann til Art Has Heart-stofnunarinnar.

„Þetta er það svakalegasta sem ég hef nokkurn tímann gert. Engar kvikmyndatökur jafnast á við þetta – þetta er alvöru og hefur verið frábær tími," sagði Diamond eftir sigurinn. Fjöldi þátttakenda í raunveruleikaþættinum gafst upp á miðri leið, meðal annars leikarinn Stephen Baldwin sem uppgötvaði að skordýr höfðu tekið sér búsetu undir húð hans.



**SIGURVEGARI** Lou Diamond Phillips sigraði í raunveruleikaþáttunum „I'm a Celebrity ... Get Me Out of Here!"






# Timberlake og Lohan rífast

**Lífið og tilveran er ekki einföld í heimi hinna ríku og frægu. Og hún er ansi flókin, sagan af Justin Timberlake og Lindsay Lohan í New York.**

New York Post, eitt helsta stjörnublað New York-borgar, greindi frá því á miðvikudaginn að Justin hefði neitað að dansa við Lindsay Lohan á skemmtistaðnum Avenue sem er í miðju Chelsea-hverfinu. Sjónarvottar sögðu við blaðið að vandræðagripurinn hefði reynt að stíga í vænginn við söngvarann en hann hefði verið snöggur til og afþakkað boð um stuttan dans ansi hastarlega. Enda hefði það eflaust litið illa út ef unnusta hans, leikkonan Jessica Biel, hefði frétt af slíku uppátæki því fjölmiðlar þar vestra hefðu ekki verið lengi að þefa slíkt upp.

Líkt og Hallgerður launaði Gunnari kinnhestinn ákvað Lindsay að gera Justin töluverðan grikk. Því samkvæmt fyrstu fréttum fór Lindsay rakleiðis inn á Twitter-síðu sína eftir skemmtistaðarferðina og gerði það að umtalsefni að Justin hefði gert sér dælt við nokkrar stúlkur inni á barnum með ágætis árangri. Og fjölmiðlar þar vestra voru ekki lengi að gera þessa færslu að fréttamat og reyndu að hafa uppi á Justin til að spyrja hann hvort þetta væri satt; að hann hefði gerst sekur um framhjáhald inni á bar í New York.

Fréttin tók nokkra snúninga, meðal annars kom eigandi Avenue, Noah Tepperpberg, Justin til varnar í samtali við vefsíðuna Page Six og vísaði Twitter-fullyrðingum Lohan á bug. „Ég var með honum allt kvöldið og ég get fullvissað ykkur um að hann gerði ekkert af sér. Ég er meira að segja með öryggismyndavélar sem sanna mál mitt," sagði Noah. Lindsay sendi í kjölfarið frá sér yfirlýsingu þar sem hún sagðist ekkert hafa með þessa færslu að gera, einhver hefði brotist inn á síðuna hennar og skrifað þessa lygi í hennar nafni. Menn geta síðan velt vöngum yfir því hvaða tölvunjörður var staddur í sömu veislu og Lindsay Lohan og Justin Timberlake.



**ÁVÍSUN Á VANDRÆÐI**

Það virðist vera ávísun á vandræði að vera inni á sama stað og **Lindsay Lohan**. **Justin Timberlake** fékk að kynnast því. Eftir að hann neitaði Lindsay um stuttan dans skrifaði leikkonan að tónlistarmaðurinn hefði verið á fullu við að reyna við ókunnugar stúlkur.

# Ætla sér að mála bæinn rauðan

Sérstakt útileikhús á vegum Vodafone mun gleðja landsmenn með ýmsum skemmtilegum uppákomum í sumar. „Við erum götulistahópur og ætlum einfaldlega að mála bæinn rauðan í sumar. Hópurinn samanstendur af ungmennum á aldrinum 17 til 24 ára og þetta eru allt mjög hressir og skemmtilegir krakkar sem gaman er að vinna með," segir Bjarni Snæbjörnsson, leikstjóri Útileikhússins. Hálfgerður sirkusbragur er yfir leikhópnum en auk tíu leikara eru fimm Parkour-listamenn sem munu leika listir sínar fyrir gesti og gangandi. Hópurinn hyggst fara á stúfana hverja helgi í sumar og segir Bjarni að fólk megi búast við því að hann skjóti upp kollinum hvar og hvenær sem er. „Við ætlum að koma fólki að óvörum og dúkka upp hér og þar. Við ætlum ekki að einskorða okkur við miðbæinn heldur munum við einnig fara út á land og taka þátt í ýmsum hátíðarhöldum þar. Við munum æfa ný atriði í hverri viku þannig að þeir sem hafa séð okkur einu sinni geta séð okkur aftur án þess að vera að horfa alltaf á sama atriðið," segir Bjarni að lokum. - sm



**KRAKKARNIR Í ÚTILEIKHÚSINU** Þessi hressi hópur mun skjóta upp kollinum víðs vegar um landið í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Pfeiffer vill leika Kattarkonu aftur

**Michelle Pfeiffer hefur mikinn áhuga á að leika Kattarkonuna á nýjan leik. Hún klæddist kattarbúningnum síðast árið 1992 í Batman Returns og leið greinilega vel í hlutverkinu. „Það yrði virkilega gaman," sagði hún. „Það var mjög skemmtilegt að leika í myndinni." Hún viðurkennir samt að framleiðendur Batman hafi líklega meiri áhuga á nýrri leikkonu í hlutverkið ef þeir ákveða að draga Kattarkonuna fram í sviðsljósið á nýjan leik. Hin 51 árs Pfeiffer segist alveg vera til í að miðla reynslu sinni til nýrrar leikkonu. „Ég gæti veitt einhverja ráðgjöf, til dæmis kennt henni á svipuna," sagði hún. Bæði Angelina Jolie og Rachel Weisz hafa verið nefndar sem næsta Kattarkona og vill Pfeiffer alls ekki gera upp á milli þeirra. Hún segir þær báðar afar frambærilegar með svipuna.**



**SPENNT** Pfeiffer skemmti sér vel sem Kattarkonan í Batman Returns árið 1992.

# Ákærð fyrir manndráp



Amanda Brumfield, dóttir leikarans Billys Bobs Thornton, hefur verið ákærð fyrir manndráp eftir að barn sem hún var að passa lét lífið. Atvikið átti sér stað í október í fyrra þegar eins árs gömul stúlka sem Amanda átti að gæta datt úr leikgrind og lenti á höfðinu.

Thornton átti hina 29 ára Amöndu með fyrstu eiginkonu sinni, Melissu Gatlin. Feðginin hafa ekki verið í neinu sambandi í nokkur ár. Verði Amanda fundin sek í dómsmálinu á hún yfir höfði sér margra ára fangelsi.

**BILLY BOB THORNTON** Hefur ekki verið í sambandi við dóttur sína í nokkur ár.


2 0 0 9

ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR HALLGRÍMSKIRKJU

THE INTERNATIONAL ORGAN SUMMER HALLGRÍMSKIRKJA

28. júní - 16. ágúst · June 28 - August 16
sunnudaga kl. 17 · Sundays at 5 PM









28. júní kl. 17 — Björn Steinar Sólbergsson, *Iceland*
5. júlí kl. 17 — Pétur Sakari, *Finland*
12. júlí kl. 17 — Christof Pülsch, *Germany*
19. júlí kl. 17 — Andreas Sieling, *Germany*
26. júlí kl. 17 — Douglas Cleveland, *USA*
2. ágúst kl. 17 — Eyþór Ingi Jónsson, *Iceland*
9. ágúst kl. 17 — Roger Sayer, *UK*
16. ágúst kl. 17 — Susan Landale, *France*





Kammerkórinn Schola Cantorum
Schola Cantorum Chamber Choir
HÁDEGISTÓNLEIKAR Í HALLGRÍMSKIRKJU Á MIÐVIKUDÖGUM KL. 12:00
LUNCHTIME CONCERTS ON WEDNESDAYS IN HALLGRÍMSKIRKJA AT 12 NOON





HÁDEGISTÓNLEIKAR Í DÓMKIRKJUNNI Á FIMMTUDÖGUM KL. 12:15
LUNCHTIME CONCERTS ON THURSDAYS IN REYKJAVÍK CATHEDRAL AT 12:15 NOON

**2. júlí:** Tómas Guðni Eggertsson & Sif Tulinius
**9. júlí:** Jörg Sondermann & Halla Dröfn Jónsdóttir
**16. júlí:** Douglas Brotchie & Einar Clausen
**23. júlí:** Guðný Einarsdóttir
**30. júlí:** Marteinn H Friðriksson
**6. ágúst:** Steingrímur Þórhallsson & Pamela de Sensi

ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR / INTERNATIONAL ORGAN SUMMER Hallgrímskirkja, Reykjavík, tel. 510 1000 *www.listvinafelag.is*

Stuðningsaðilar / Sponsors:
Lækjarbrekka er veitingahús Alþjóðlegs orgelsumars í Hallgrímskirkju 2009
Sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi / U.S. Embassy in Iceland
Tónlistarsjóður Menntamálaráðuneytisins
Kulturfonden Island - Finland
Þýska sendiráðið / Embassy of the Federal Republic of Germany
Reykjavíkurborg



# BRÚ TIL BORGAR

## BORG, GRÍMSNESI, 27.–28. júní 2009

**27. júní**

kl. 12:00 **Íþróttahús**
**Ávarp:** Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu.
**Handverkssýning:** Handverksfólk úr héraðinu, um þrjátíu karlar og konur, vinna við og sýna handverk sitt á staðnum.

kl. 12:05–17:00 **Íþróttahús**
**Tískusýning:** Icewear sýnir eigin hönnun og framleiðslu á útivistarfatnaði. Endurtekin á klukkustundar fresti.

kl. 12:05 **Íþróttavöllur**
Búvélar á öllum aldri frá 1950 til þessa dags

kl. 13:00 **Gamla Borg**
**Móttaka:** Grímsnesingar taka á móti forseta Íslands.

kl. 14:00 **Félagsheimilið Borg**
Á æskuslóðum borgarskáldsins Tómasar Guðmundssonar frá Efri-Brú
- **Ávarp:** Forseti Íslands herra Ólafur Ragnar Grímsson.
- **Grímsnesingurinn, Tómas Guðmundsson skáld:** Anna S. Óskarsdóttir Kaldárhöfða.
- **Sveitin í ljóðum borgarskáldsins:** Pjetur Hafstein Lárusson skáld.
- **Skáldið og félaginn:** Matthías Johannessen skáld og fyrrv. ritstjóri.
- **Minningarljóð um Stubb eftir Tómas Guðmundsson:** Frumflutningur Kammerkórs Suðurlands á nýju tónverki Björgvins P. Valdimarssonar. Bergþór Pálsson einsöngvari og hljóðfæraleikarar.
- **Uppáhalds ljóðskáldið mitt:** Elísa Schram grunnskólanemi.
- **Kammerkórinn flytur lög við ljóð Tómasar.** Stjórnandi Magnús Ragnarsson.

kl. 16:00 **Gamla Borg**
- Skáldið og sveitin hans í myndum og munum.
- **Ljósmyndasýning:** Veiðar Grímsnesinga á síðustu öld.

kl. 20:00 **Gamla Borg**
**Sveitaball.** Hljómsveit Hjördísar Geirs og Örvars Kristjáns.

**Forsala aðgöngumiða á Tómasardagskrá verður í afgreiðslu sundlaugarinnar kr. 1.000 en kr. 1.250 við innganginn.**

**28. júní**

12:00–17:00 **DAGSKRÁ Á ÞREMUR SVÆÐUM**

kl. 12:00 **Íþróttahús**
**Handverkssýning:** Framhald frá laugardeginum. Sýning á íslenska þjóðbúningnum.

kl. 12:00 **Íþróttavöllur**
**Fornbílasýning:** Jeppar frá 1945–1975. „Kókómjólk" Gísla G. Jónssonar verður á staðnum.

kl. 12:00 **Gamla Borg**
**Ljósmyndasýningar:** Sýningar frá laugardegi.

Stjórnandi dagskrárinnar og kynnir er Björn Ó. Björgvinsson.
**Upplýsingar veita:** Guðmundur Guðmundsson sími 899 3267, Laufey Böðvarsdóttir sími 863 0163, Magnús Björgvinsson sími 894 1780, Sundlaugin sími 482 4482.

**www.hollvinir.blog.is**

HOLLVINIR GRÍMSNESS







| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 | kl. 5D - 8D - 11D POWER | 10 |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 5 - 8 - 11 | VIP |
| HANGOVER | 3:40 - 5:50 - 8 - 8:10 - 8:30 - 10:20 - 10:30 - 11 | 12 |
| MANAGEMENT | kl. 5:50 - 8 | 10 |
| ADVENTURELAND | kl. 3:40 - 5:50 | 12 |
| STAR TREK XI | kl. 10:20 | 10 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 4 - 6 | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 3:40 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 | kl. 4D - 7D POWER - 10D | 10 |
| THE HANGOVER | kl. 4 - 6D - 7 - 8D - 9:10 - 10:20D | 12 |
| CORALINE 3D m/ísl.tali | kl. 4 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 | kl. 5 - 8 - 11 POWER | 12 |
| HANGOVER | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |

KYNNTU ÞÉR SÝNINGARTÍMA Á SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK Á WWW.SAMBIO.IS

NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 | kl. 5 - 8 - 11 D | 10 |
| TRANSFORMERS 2 LÚXUS | kl. 5 - 8 - 11 D | 10 |
| LESBIAN VAMPIRE KILLERS | kl. 8 - 10 | 16 |
| YEAR ONE | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 5.45 - 8 | 7 |
| GULLBRÁ | kl. 3.10 750 KR. FULLORÐNIR 600 KR. BÖRN | L |
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 10.30 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 3.30 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5 | 14 |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| TYSON | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| YEAR ONE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 8 - 10.15 | 7 |
| GULLBRÁ 750 KR. FULLORÐNIR 600 KR. BÖRN | kl. 6 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 - 9 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| LESBIAN VAMPIRE KILLERS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| YEAR ONE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| TERMINATOR | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5.30 - 8.30 | 14 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| YEAR ONE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 5.50 | 7 |
| KILLSHOT | kl. 8 - 10 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 - POWER | kl. 4, 7 og 10 | 10 |
| YEAR ONE | kl. 4, 6, 8 og 10 | 7 |
| GHOSTS OF GIRLFRIENDS PAST | kl. 6 og 8 | 7 |
| GULLBRÁ | kl. 4 - Ísl. tal | L |
| TERMINATOR SALVATION | kl. 10 | 14 |


# Liam neitar kvikmyndahlutverki

Liam Gallagher, söngvari bresku rokksveitarinnar Oasis, neitar fréttum þess efnis að hann hafi tekið að sér hlutverk í kvikmynd. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær var Liam orðaður við hlutverk í myndinni Powder, sem byggð er á samnefndri bók Kevins Sampson. Í henni segir af hljómsveit sem slær í gegn og lendir í óreglu.


**LIAM GALLAGHER** Vill ekki á hvíta tjaldið.

„Liam hefur engin áform um að koma nálægt þessu verkefni. Þetta er einfaldlega ósatt,“ segir fjölmiðlafulltrúi söngvarans mislynda.

# Óútgefið lag með Buckley

**Óútgefið lag með hinum sáluga Jeff Buckley verður að finna í nýjustu kvikmynd Cameron Diaz, My Sister‘s Keeper. Um er að ræða útgáfu Buckley á We All Fall in Love Sometimes með Elton John. Lagið, sem var tekið upp árið 1992, hefur hingað til verið vinsælt á meðal aðdáenda Buckleys en aldrei hefur það þó verið gefið út opinberlega. Myndin My Sister‘s Keeper fjallar um tvær systur sem hjálpa yngstu systur sinni í baráttunni við hvítblæði og verður hún frumsýnd í Bandaríkjunum á næstunni.**

# Fær stuðning frá Microsoft

**Fyrirtækið Microsoft býður almenningi upp á frítt niðurhal á lagi Þórs Breiðfjörð Kristinssonar, Sunny Day. Í hópi með Þór eru flytjendur á borð við Warren G og The Lemonheads.**

„Þetta er meiri háttar. Ég er ofboðslega spenntur,“ segir Þór Breiðfjörð Kristinsson. Stórfyrirtækið Microsoft býður almenningi upp á frítt niðurhal af nýjasta smáskífulagi hans, Sunny Day, á heimasíðu sinni, Myspace.com/windows. „Þetta er enginn milljónasamningur sem ég fæ í vasann en þeir eru að setja helling að peningum í að kynna þetta.“

Þór var valinn ásamt eitt þúsund öðrum flytjendum víðs vegar úr heiminum til að taka þátt í nýju markaðsátaki á netinu. Samkvæmt samningi Microsoft verður tugum milljóna eytt í að kynna tónlist þeirra og vekja um leið athygli á auknum áhuga fyrirtækisins á tónlist. Boðið verður upp á ókeypis niðurhal á einu lagi frá hverjum listamanni í 120 daga en þrátt fyrir það fá þeir greitt fyrir hvert niðurhal. Á meðal annarra flytjenda sem voru valdir í verkefnið eru rapparinn Warren G og hljómsveitin The Lemonheads.

„Ég er alveg himinlifandi yfir þessu og þetta er vonandi eitt af skrefunum í að koma tónlistinni minni út í heiminn. Það er ekki verra að byrja með svona sumarlagi,“ segir Þór. Hann veit ekki hvernig Microsoft hafði uppi á sér en grunar þó að vera hans á síðunni Reverbnation.com hafi haft eitthvað um það að segja. „Þetta er ekki slæmt. Maður situr hérna og er að vinna í netkynningu og ýmsum málum. Maður er að ýta boltanum hægt af stað og svo dettur eitthvað svona inn.“

Þór er búsettur í Nova Scotia í Kanada en lék áður í söngleikjum á West End í London. Hann gaf á síðasta ári út sína fyrstu sólóplötu, Running Naked, og er Sunny Day annað smáskífulagið af henni. Hann býst ekki við því að halda tónleika hér á landi á þessu ári en eitthvað tónleikahald er fyrirhugað í Kanada. Nánari upplýsingar um Þór má sjá á heimasíðu hans Thorkristinsson.com.


**ÞÓR KRISTINSSON** Microsoft býður almenningi upp á ókeypis niðurhal af nýjasta lagið Þórs, Sunny Day.

freyr@frettabladid.is

# Skoða líf á öðrum hnöttum

„Ég held að flestir gætu haft gaman af þessu. Þetta fjallar um viðfangsefni sem eru mjög spennandi; líf í geimnum, vatn og þessar stóru spurningar,“ segir stjörnuáhugamaðurinn Sævar Helgi Bragason.

Þrír erlendir vísindamenn flytja fyrirlestra um reikistjörnuna Mars, ístungl ytra sólkerfisins og halastjörnur á fræðslukvöldi fyrir almenning í Háskólabíói á mánudaginn. Að fyrirlestrunum loknum verður sýnd stutt fræðslumynd frá SETI-stofnunni í Bandaríkjunum um leit að lífi á Suðurheimskautinu og á Mars. „Þarna verða vísindamenn sem eru fremstir á þessu sviði. Þarna verður greint frá nýjum niðurstöðum sem aldrei hafa birst áður,“ segir Sævar.

Fræðslukvöldið er haldið í tilefni af ári stjörnufræðinnar og alþjóðlegs sumarskóla í stjörnulíffræði sem er haldinn hér á landi 29. júní til 13. júlí á vegum NASA, Nord-Forsk, Hawaii-háskóla og Háskóla Íslands. 43 framhaldsnemar frá Bandaríkjunum, Evrópu og Ástralíu taka þátt í skólanum, sem ber heitið Vatn, ís og uppruni lífs í alheimi. „Þau ætla meðal annars að fara upp á jökla og heimsækja háhitasvæði og safna sýnum,“ segir Sævar. „Það er engin tilviljun að það sé valið að halda skólann hérna. Hérna er margt líkt því sem við teljum að sé úti í sólkerfinu þannig að Ísland hefur upp á margt að bjóða í þessum rannsóknum.“ Sjálfur trúir hann því að líf sé til á öðrum hnöttum. „Mér finnst það ólíklegt að það sé ekki til en maður veit það ekki. Maður vill fyrst fá sönnunargögnin.“

Fyrirlesturinn á mánudaginn hefst klukkan 18.30 og fer fram í Sal 1 í Háskólabíói.


**SÆVAR HELGI BRAGASON** Sævar Helgi lofar skemmtilegum fyrirlestri í Háskólabíói á mánudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

- fb

# Snorri tekur upp fyrstu sólóplötuna

Snorri Helgason úr Sprengjuhöllinni er að undirbúa sína fyrstu sólóplötu, sem er væntanleg með haustinu. Hann gefur í dag út sitt fyrsta lag, Freeze-Out!, án endurgjalds á bloggsíðunni www.breidholt.blogspot.com.

Snorri byrjaði að huga að sólóplötunni í desember síðastliðnum eftir að Sprengjuhöllin ákvað að gefa ekkert út á þessu ári. „Þetta var hálfgerð tilviljun. Ég samdi fullt af þjóðlagatónlist fyrir sjálfan mig og svo var bara tími fyrir þetta núna,“ segir Snorri, sem er mikill aðdáandi bandarískrar þjóðlaga- og blústónlistar. Nefnir hann Bob Dylan sem einn af uppáhaldstónlistarmönnum sínum.

Upptökur á plötunni standa nú yfir og situr tónlistarmaðurinn Kristinn Gunnar Blöndal þar við stjórnvölinn.

Fyrstu sólótónleikar Snorra verða haldnir á sunnudaginn klukkan 21 á skemmtistaðnum Karamba þar sem lög af væntanlegri plötu verða leikin. Hann er hvergi smeykur við þessa frumraun sína, enda öllu vanur úr Sprengjuhöllinni. „Það verður ekkert mál. Ég er orðinn frekar vel æfður,“ segir hann og hlakkar mikið til. - fb



**SNORRI HELGASON** Tónlistarmaðurinn Snorri Helgason er að undirbúa sína fyrstu sólóplötu.

# Tíu kvikmyndir keppa um Óskarinn

Tíu kvikmyndir verða tilnefndar sem besta myndin á Óskarsverðlaunahátíðinni á næsta ári í stað fimm eins og venjan hefur verið. Með þessu vilja skipuleggjendurnir auka fjölbreytni myndanna sem keppa um þennan eftirsótta titil og gefa fleiri vinsælum myndum tækifæri til að láta ljós sitt skína. Þetta verður í fyrsta sinn síðan 1943 sem tíu myndir keppa í þessum flokki. Margir voru óánægðir með að hin vinsæla The Dark Knight skyldi ekki hafa verið tilnefnd sem besta myndin á síðustu Óskarsverðlaunum. Ástæðan fyrir breytingunum er þó fyrst og fremst dvínandi áhorf á hátíðina. Upp kom sú hugmynd um að skipta myndunum tíu í tvo flokka; drama- og gamanmyndir eins og á Golden Globe-verðlaununum, en því var hafnað.



**BREYTINGAR Á ÓSKARSVERÐLAUNUNUM** Slumdog Millionaire var kjörin besta myndin á síðustu Óskarshátíð.







### > Pattstaða hjá Ólafi Hauki

Enn hefur engin lausn fengist í málum markvarðarins Ólafs Hauks Gíslasonar. Hann átti að svara norska liðinu Haugaland fyrir rúmri viku hvort hann væri að koma eður ei. Félagið gat útvegað Ólafi og konu hans vinnu með handboltanum en Ólafur hefur ekki fengið vinnu hér á landi. Stefán Karlsson, framkvæmdastjóri Vals, sagðist ekki svo mikið sem hafa fengið tölvupóst frá félaginu og því væri Ólafur enn leikmaður Vals enda samningsbundinn. Ekki hefur náðst í Ólaf Hauk í síma svo dögum skiptir.



**sport**

sport@frettabladid.is

**KÁRI ÁRNASON: VILL FARA FRÁ DANSKA ÚRVALSDEILDARFÉLAGINU AGF**

# *Efast um að ég sé velkominn hjá þjálfaranum*



Knattspyrnumaðurinn Kári Árnason segist vilja losna frá danska úrvalsdeildarfélaginu AGF. Þetta sagði hann í samtali við Fréttablaðið. Hann var í láni á síðari hluta síðasta tímabils hjá Esbjerg sem leikur í sömu deild en gat lítið beitt sér þar vegna meiðsla. Það er því útlit fyrir að hann snúi aftur til AGF þegar sumarleyfinu lýkur.

„Ég á eitt ár eftir af samningi mínum við AGF og fer því aftur þangað í sumar, sem ætti að vera nokkuð sérstakt," sagði Kári. „Það er ástæða fyrir því að ég fór á sínum tíma. Ég og þjálfarinn deilum ekki sömu sýn á fótbolta og fór ég til Esbjerg í þeirri von að ég fengi að spila og yrði svo seldur í kjölfarið. En þá meiddist ég og þurfti að fara í tvær aðgerðir. Ég gat því lítið spilað. Ég er þó allur að koma til og er hættur að finna fyrir meiðslunum."

Hann segir að hann hafi ekki skilið við þjálfara sinn hjá AGF á góðum nótum. „Það voru ákveðnir hlutir sagðir og ég veit ekki hvort við getum átt samleið aftur. Ég ber engar slæmar tilfinningar í hans garð en ég efast um að ég sé velkominn aftur hjá honum. Við erum ekki bestu vinir."

Það var núverandi þjálfari Esbjerg sem keypti Kára til AGF frá Djurgården í Svíþjóð á sínum tíma. Hann efast þó um að Esbjerg geti keypt sig nú. „Það kom til greina en ég held að fjárhagsstaða félagsins sé ekki það góð að það sé mögulegt. Ég efast um að það sé í spilunum lengur."

Kári er þó ekki að stressa sig um of á öllu saman. „Ég er með umboðsmenn sem eru að vinna í því að finna félög sem hefðu hugsanlega áhuga og ég er opinn fyrir öllu. Ég hefði auðvitað mestan áhuga á því að komast að í bestu deildunum en það er oft spurning um heppni. Ég væri líka til í að prófa að fara til annars lands þó svo að Danmerkurdvölin hafi verið mjög góð. Það tekur auðvitað sinn tíma að aðlagast nýju landi en fyrir utan meiðslin hefur mér gengið mjög vel."

Ef Kára bjóðast engir aðrir möguleikar verður hann væntanlega áfram í herbúðum AGF. „Ég er á fínum launum í eitt ár til viðbótar en auðvitað vil ég helst fá að spila."



**JEFF JORDAN** Fékk ekki alla hæfileika föður síns í vöggugjöf. NORDIC PHOTOS/AFP

Eggið ekki líkt hænunni:

## Sonur Jordans gafst upp

**KÖRFUBOLTI** Það er ekki auðvelt að vera sonur besta körfuboltamanns allra tíma, Michaels Jordan, og reyna síðan sjálfur að stunda íþróttina. Það reyndi þó Jeff Jordan, tuttugu ára, en hann hefur nú gefist upp á því að reyna að feta í fótspor föður sins.

Jordan var að leika með Illinois-háskóla en hafði hingað til aðeins leikið sem varamaður hjá skólanum.

Hann hefur nú ákveðið að leggja skóna á hilluna enda þykir hann ekki hafa það sem til þarf. Hann ætlar þess í stað að einbeita sér að náminu og verður áfram í Illinois-háskólanum.

Þess má geta að Jeff lék í treyju númer 13 en ekki númer 23 eins og faðir hans gerði.

Yngri sonur Jordans, Marcus, átján ára, leikur með Flórída-háskóla og þykir betri en Jeff. - hbg

# Hef aldrei spilað betur á ferlinum

**Þóra B. Helgadóttir er að taka þátt í sannkölluðu öskubuskuævintýri með norska liðinu Kolbotn. Hún segist aldrei hafa spilað betur og verður því að óbreyttu í sínu besta formi þegar EM í Finnlandi hefst í ágúst.**

**FÓTBOLTI** Öllum að óvörum trónir Kolbotn nú á toppi norsku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu þegar tímabilið er rúmlega hálfnað. Þóra Björg Helgadóttir landsliðsmarkvörður hefur farið á kostum með liðinu en því var spáð sæti um miðja deild fyrir tímabilið.

„Þetta hefur verið algert ævintýri," sagði Þóra í samtali við Fréttablaðið. Kolbotn er í efsta sæti deildarinnar og hefur tapað aðeins einum leik af fjórtán til þessa. Liðið er einu stigi á undan Roa og fimm á undan Stabæk sem á þó leik til góða. Síðarnefnda liðinu var spáð titlinum fyrir tímabilið enda liðið skipað mörgum sterkum leikmönnum, til að mynda úr norska landsliðinu.

Stabæk hefur tapað einum leik til þessa á tímabilinu en það var fyrir Kolbotn. Þóra og félagar unnu leikinn, 3-1, og það var ekki síst vegna stórbrotinnar frammistöðu Þóru í marki Kolbotn eftir því sem fram kom í norskum fjölmiðlum eftir leikinn.

„Jú, það hefur gengið mjög vel hjá mér. Þetta er örugglega mitt besta tímabil á ferlinum til þessa og ég hef sennilega aldrei spilað betur. En við erum þó ekki að stinga af. Það eru allir leikir erfiðir og alltaf nóg að gera hjá mér."

Kolbotn missti fjóra norska landsliðsmenn fyrir tímabilið og segir Þóra að liðið hafi ekki sett sér nein sérstök markmið fyrir tímabilið.

„Ég tel það mikið afrek að við séum að gera tilkall til titilsins. Liðið missti mikilvæga leikmenn fyrir tímabilið og fékk ekki marga á móti. Við settum okkur því engin markmið fyrir tímabilið heldum ætluðum að reyna að vinna hvern leik sem við förum í. En við vitum þó að það er stutt í næstu lið og við þurfum að halda einbeitingunni góðri áfram."



**ÞÓRA BJÖRG** Hér í landsliðsklæðnaði en hún fær nóg að gera í marki íslenska landsliðsins á EM í Finnlandi í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sjálf á Þóra í mikilli samkeppni við annan leikmann í liðinu um sæti í byrjunarliðinu. Sú átti við meiðsli að stríða í vetur en hefur ekki tekist að ýta Þóru úr byrjunarliðinu eftir að hún byrjaði að æfa á ný. „Hún var valin í landsliðshóp Noregs fyrir EM í Finnlandi og þetta er því hörkusamkeppni sem ég fæ hér. En svo lengi sem ég stend mig áfram þá sé ég ekki ástæðu fyrir því að skipta mér út."

Kolbotn leikur tvo leiki í deildinni í næstu viku en þá verður gert rúmlega tveggja mánaða hlé vegna úrslitakeppni Evrópumeistaramótsins sem haldið verður í Finnlandi í ágúst. Ísland og Noregur verða þar einmitt saman í riðli ásamt Þjóðverjum og Frökkum.

Þóra segist afar ánægð með þá ákvörðun að spila í Noregi enda muni dvölin þar undirbúa hana vel fyrir átökin í Finnlandi. „Ég var í Belgíu í tvö ár þar sem fótboltinn var settur í annað sætið hjá mér. Ég vildi ekki fara á EM undir þeim kringumstæðum og því er ég gríðarlega ánægð með að hafa komið til Noregs."

Hún er nú í fyrsta sinn að einbeita sér fyllilega að knattspyrnunni og ber hún lífi atvinnumannsins góða söguna.

„Svona á maður að lifa. Það er kannski ekki mikill peningur í þessu en hvað eru peningar í dag, sérstaklega þegar það er kreppa heima. Hér er frábært að vera og nýt ég mín vel." eirikur@frettabladid.is






Cleveland komið með alvöru mann undir körfuna:

## Shaquille á leiðinni til LeBron James



**KÖRFUBOLTI** Cleveland Cavaliers ætlar ekki að láta Dwight Howard taka sig í bólinu undir körfunni næsta vetur því félagið hefur ákveðið að semja við tröllið Shaquille O'Neal.

Cleveland sendi Ben Wallace og Sasha Pavlovic til Phoenix í skiptum fyrir Shaq. Phoenix fær einnig valrétt í annarri umferð nýliðavalsins og peninga frá Cleveland.

O'Neal var næstum farinn til Cleveland í febrúar en félagið hefur ákveðið að ganga alla leið núna. Ástæðan er ekki síst hvernig Cleveland féll úr leik í úrslitakeppninni gegn Orlando.

Cavaliers tekur nokkra áhættu með þessum skiptum enda er Shaq orðinn 37 ára gamall. Hann sýndi þó síðasta vetur að hann er ekki dauður úr öllum æðum enda skoraði hann 17,8 stig að meðaltali í leik ásamt því að rífa niður 8,4 fráköst. Hann spilaði einnig eina 75 leiki, sem er það mesta sem hann hefur gert síðan leiktíðina 1999-2000.

Shaq myndaði frábært tvíeyki með Kobe Bryant hjá LA Lakers og á þeim tíma vann Lakers þrjá meistaratitla. Verður spennandi að sjá hvernig honum farnast í Cleveland með LeBron James. - hbg



**FÖGNUÐUR** Daniel Alves hafði ríka ástæðu til þess að fagna glæsilegu sigurmarki. NORDIC PHOTOS/GETTY

Álfukeppnin í Suður-Afríku:

## Alves skaut Brasilíu í úrslit

**FÓTBOLTI** Varamaðurinn Daniel Alves reyndist hetja Brasilíu þegar hann skoraði sigurmarkið í 1-0 sigri liðsins gegn Suður-Afríku í seinni undanúrslitaleik Álfukeppninnar í gærkvöld.

Alves skoraði með skoti beint úr aukaspyrnu rétt fyrir lok venjulegs leiktíma og tryggði þar með farseðilinn í úrslitaleikinn.

Brasilíumenn mæta Bandaríkjamönnum í úrslitaleiknum. - óþ

# Nýtt í Hagkaup!



## *Paparnir árita...*

**í dag kl. 17:00 í Hagkaup Smáralind**

MEST SELDA PLATA LANDSINS!




GOTT VERÐ!
KR. 2.199

**PAPAR**

ÉG VERÐ AÐ DANSA

Lög og textar
Gylfa Ægissonar

1. Ég hvísla yfir hafið
2. Helgarfrí
3. Út á hafið bláa
4. Jibbý jei
5. Gústi guðsmaður
6. Út á gólfið
7. Minning um mann
8. Stolt siglir fleyið mitt
9. Á leið í land
10. Kalli kvennagull
11. Í sól og sumaryl
12. Fallerí fallera
13. Sjúddirarírei
14. Hinsta bón blökkukonunnar
15. Móðurminning

3 VIKUR Á TOPPNUM!



Lög eftir Gylfa Ægisson

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KR 2-0 Grindavík**

KR-völlur, áhorf.: 1.011 — Örvar Sær Gíslason (5)

*1-0 Baldur Sigurðsson (31.)*
*2-0 Baldur Sigurðsson (36.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 19-16 (11-3) |
| Varin skot | Stefán Logi 3 – Óskar 9 |
| Horn | 16-2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14-10 |
| Rangstöður | 1-2 |

| KR 4–4–2 | | GRINDAV. 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Stefán Logi Magnús. | 5 | Óskar Pétursson | 8 |
| Skúli Jón Friðgeirs. | 6 | Ray Anthony Jóns. | 3 |
| Grétar S. Sigurðs. | 6 | Zoran Stamenic | 6 |
| Mark Rutgers | 6 | Bogi Rafn Einarsson | 6 |
| Jordao Diogo | 7 | Jósef Kristinn Jósefs. | 4 |
| Óskar Örn Hauks. | 3 | Orri Freyr Hjaltalín | 4 |
| (74., Atli Jóhannsson | -) | Jóhann Helgason | 3 |
| Jónas Guðni Sævars. | 6 | Óli Baldur Bjarnason | 2 |
| Bjarni Guðjónsson | 7 | (77., Eysteinn Hauks. | -) |
| ***Baldur Sigurðs.** | **8** | Sylvain Soumare | 3 |
| (70., Guðm. Péturs. | 4) | (77., Þórarinn Kristj. | -) |
| Guðmundur Ben. | 5 | Scott Ramsay | 4 |
| (81.,Prince Rajcomar | -) | Gilles Mbang Ondo | 5 |
| Gunnar Örn Jóns. | 6 | | |

**Maður leiksins*

Baldur Sigurðsson skoraði tvö keimlík mörk er KR lagði Grindavík að velli á KR-vellinum í gærkvöld:

# Smalinn rak Grindvíkinga heim til sín

**FÓTBOLTI** Baldur Sigurðsson, sem er oft kallaður Smalinn, sá til þess að KR-ingar kæmust aftur á beinu brautina í gær. Hann skoraði þá bæði mörk KR í 2-0 sigri á Grindavík. Hann fékk síðar höfuðhögg og þurfti að fara upp á sjúkrahús vegna meiðslanna.

Leikurinn byrjaði mjög fjörlega og Grindvíkingar grimmir að sækja með Ondo stórhættulegan í fremstu víglínu. KR-ingar tóku þó völdin hægt og bítandi. Sóknarþungi þeirra jókst eftir því sem leið á hálfleikinn og þeir fengu ótrúlegan fjölda af hornspyrnum.

Úr þeirri áttundu stangaði Baldur Sigurðsson boltann í markið af stuttu færi. Góð spyrna frá Guðmundi og sanngjörn staða. Aðeins fimm mínútum síðar endurtóku þeir félagar leikinn. Guðmundur með spyrnu lengra út í teiginn að þessu sinni og Baldur skallaði boltann laglega í netið.

KR-ingar spiluðu á köflum magnaðan fótbolta í hálfleiknum. Hraður bolti, fáar snertingar hjá mönnum og kantarnir nýttir vel og sérstaklega sá vinstri þar sem Diogo var ódrepandi í hlaupum sínum upp kantinn. Hann átti þess utan nokkrar hættulegar sendingar í teiginn sem margar hverjar höfnuðu hjá Baldri en Grindvíkingar réðu lítið við hann í hálfleiknum.

KR-ingar féllu aðeins til baka í síðari hálfleik og freistuðu þess að halda góðri stöðu. Það gekk vel hjá þeim þar sem Grindavík skapaði sér ekki eitt einasta alvöru færi í hálfleiknum. KR-ingar lönduðu því góðum sigri og mikilvægum þremur stigum.

„Þetta var vel spilaður leikur af okkar hálfu og þá sérstaklega fyrri hálfleikur. Menn voru kannski aðeins of værukærir í síðari hálfleik en vörnin hélt og þeir fengu varla færi,“ sagði sigurreifur þjálfari KR, Logi Ólafsson.

„Það dugar ekki að mæta illa stemmdir til leiks eins og gegn Fram en í þessum leik mættu menn rétt stemmdir. Við vissum að Ondo og Ramsay mættu ekki leika lausum hala og okkur gekk vel að stöðva þá. Ef menn ætla að ná stöðugleika þá mega þeir ekki velja sér verkefni til þess að vera klárir í. Menn verða að vera rétt stemmdir í alla leiki og það á að vera nóg hvatning fyrir hvern leikmann að spila í Pepsi-deildinni,“ bætti Logi við.

Hinn tvítugi Óskar Pétursson hafði nóg að gera í marki Grindvíkinga og varði vel fyrir utan hornin tvö sem enduðu á skallanum á Baldri og í netinu.

„Bjarni var að dekkja í fyrra markinu. Það var minn bolti en ég komst ekki að honum. Seinni boltinn var út í teig og ég gat ekkert gert við því,“ sagði Óskar svekktur sem var samt ánægður með sína frammistöðu. **- hbg**



**SMALINN** Mývetningurinn Baldur Sigurðsson skoraði bæði mörkin í 2-0 sigri gegn Grindavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Fram 0-2 FH**

Laugardalsv., áhorf.: 903 — Einar Örn Daníelsson (3)

*0-1 Tryggvi Guðmundsson (48.)*
*0-2 Tryggvi Guðmundsson (51.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 8-22 (2-15) |
| Varin skot | Hannes Þór 12 – Daði 2 |
| Horn | 3-7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12-6 |
| Rangstöður | 1-1 |

| FRAM 4–4–2 | | FH 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Hannes Þ. Halldórs. | 8 | Daði Lárusson | 7 |
| Daði Guðmundsson | 5 | Guðmundur Sævars. | 8 |
| Auðun Helgason | 7 | Pétur Viðarsson | 7 |
| Kristján Hauksson | 7 | Tommy Nielsen | 8 |
| Sam Tillen | 5 | Hjörtur L. Valgarðs. | 7 |
| Heiðar G. Júlíusson | 6 | Davíð Þ. Viðarsson | 6 |
| (76., Joseph Tillen | -) | Matthías Vilhjálms. | 7 |
| Halldór H. Jónsson | 5 | Ásgeir G. Ásgeirsson | 6 |
| Ingvar Þ. Ólason | 5 | Atli Guðnason | 7 |
| (62., Jón Ólafsson | 5) | Alexander Söderlund | - |
| Paul McShane | 4 | ***(9., Tryggvi G.** | **8)** |
| Almarr Ormarsson | 4 | Atli Viðar Björnsson | 5 |
| (62., Ívar Björnsson | 6) | (72., Matthías Guðm. | -) |
| Hjálmar Þórarinsson | 6 | | |

**Maður leiksins*

# Tryggvi reyndist bjargvættur FH

**Tryggvi Guðmundsson skoraði bæði mörk FH í 2-0 sigri á Fram í Laugardalnum í gær. Mörkin komu snemma í síðari hálfleik eftir að Framarar stóðu af sér stórskotahríð Íslandsmeistaranna í þeim fyrri.**

**FÓTBOLTI** FH vann í gær sinn áttunda sigur í röð í Pepsi-deild karla og trónir því enn á toppi deildarinnar með fimm stiga forystu á næsta lið. FH hélt einnig marki sínu hreinu í fjórða leiknum í röð.

Það var Tryggvi Guðmundsson sem reyndist hetja FH-inga. Hann skoraði bæði mörk liðsins snemma í síðari hálfleik en hann kom inn á sem varamaður á upphafsmínútum leiksins vegna meiðsla Alexanders Söderlund.

FH-ingar fengu hvert færið á fætur öðru í fyrri hálfleik, sérstaklega eftir að þeir töku öll völd á vellinum eftir fyrsta stundarfjórðunginn. Hvað eftir annað varði hins vegar Hannes með glæsilegum tilþrifum í marki heimamanna og sá til þess að staðan væri enn markalaus í hálfleik. Lánleysið var algert hjá Íslandsmeisturunum en Ásgeir Gunnar Ásgeirsson átti til að mynda skot sem hafnaði í slánni.

Stíflan brást svo snemma í síðari hálfleik. Tryggvi skoraði tvö mörk með skömmu millibili. Mörkin voru keimlík, hann skoraði stuttu færi á fjærstöng eftir sendingu frá hægri.

Leikurinn var nokkuð rólegur eftir mörkin miðað við það sem á undan gekk. Framarar komu sér ágætlega inn í leikinn en flestar sóknaraðgerðir þeirra ströndudu á traustri vörn FH-inga.

FH-ingar spiluðu oft glimrandi góða knattspyrnu og hefði hæglega getað unnið mun stærri sigur. Hannes hafði þó ekki eins mikið að gera í síðari hálfleik og í þeim fyrri en óhætt er að segja að hann hafi komist vel frá sínu þrátt fyrir mörkin tvö.

### Góð innkoma Tryggva

„Það var sætt að skora en þó enn skemmtilegra að hafa fengið að koma inn á svo snemma,“ sagði Tryggvi eftir leik. „Ég komst strax í takt við leikinn og náði að leggja upp fullt af færum fyrir félagana. Það var í raun fáránlegt að hafa ekki skorað í fyrri hálfleik. En svo komu mörkin loksins.“

Hann sagði þó að FH-ingar hefðu aldrei orðið stressaðir.

„Við erum orðnir sjóaðir í því að stjórna leikjum og skapa okkur færi. Við vorum bara þolinmóðir. Á meðan við héldum áfram að sækja þá hlaut markið að koma fyrir rest.“ Heiðar Geir Júlíusson, leikmaður Fram, var allt annað en ánægður með frammistöðu sinna manna. „Við vorum heppnir að fá ekki á okkur mark í fyrri hálfleik og svo fáum við á okkur vægast sagt skítamörk. Það er gjörsamlega óskiljanlegt og ófyrirgefanlegt að fá þessi mörk á okkur. En við eigum meira inni. Við stefnum hærra og ætlum að enda ofar en töflunni en við erum nú.“

**eirikur@frettabladid.is**



**Á FLUGI** Það virðist fátt geta stoppað FH-inga þessa dagana og þeir fljúga hátt á toppi deildarinnar eftir áttunda sigurleikinn í röð í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**STAL SENUNNI** Tryggvi Guðmundsson skoraði bæði mörk FH. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Stjarnan 3-0 Valur**

Stjörnuvöllur, áhorf.: 1.084 — Erlendur Eiríksson (7)

*1-0 Ellert Hreinsson (8.)*
*2-0 Arnar Már Björgvinsson (42.)*
*3-0 Ellert Hreinsson (58.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 14-5 (8-1) |
| Varin skot | Bjarni Þórður 1 – Haraldur 8 |
| Horn | 5-3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9-7 |
| Rangstöður | 2-6 |

| STJARN. 4–4–2 | | VALUR 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Bjarni Þórður Halld. | 5 | Haraldur Björnsson | 7 |
| Guðni Rúnar Helgas. | 6 | Reynir Leósson | 4 |
| (73., Bjarki Eysteins. | -) | Atli Sveinn Þórarins. | 4 |
| Daníel Laxdal | 6 | Guðmundur Mete | 4 |
| Tryggvi Bjarnason | 6 | Bjarni Ólafur Eiríks. | 3 |
| Hafsteinn R. Helgas. | 6 | Pétur Georg Markan | 4 |
| (80., Jóhann Laxdal | -) | (52., Baldur Aðalst. | 4) |
| Björn Pálsson | 7 | Ian Jeffs | 4 |
| Birgir Hrafn Birgis. | 6 | (62., Guðm. Hafst. | 4) |
| Steindór F. Þorsteins. | 7 | Baldur Bett | 4 |
| Arnar Már Björgvins. | 8 | Ólafur Páll Snorras. | 4 |
| (84., Richard Hurlin | -) | Helgi Sigurðsson | 5 |
| Halldór Orri Björns. | 7 | Marel Baldvinsson | 6 |
| Ellert Hreinsson | 8 | | |

**Maður leiksins*

*Pepsi-deild karla:*

**Keflavík-Þróttur 3-2**

1-0 Stefán Örn Arnarson (48.), 2-0 Magnús S. Þorsteinsson (70.), 2-1 Magnús Lúðvíks. (87.), 3-1 Hörður Sveins. (90.), 3-2 Andrés Vilhj. (91.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **9** | **8** | **0** | **1** | **24-6** | **24** |
| Stjarnan | 9 | 6 | 1 | 2 | 24-11 | 19 |
| **KR** | **9** | **5** | **2** | **2** | **16-9** | **17** |
| Keflavík | 9 | 5 | 2 | 2 | 17-14 | 17 |
| **Valur** | **9** | **5** | **1** | **3** | **11-11** | **16** |
| Fylkir | 8 | 4 | 2 | 2 | 14-9 | 14 |
| **Breiðablik** | **8** | **3** | **2** | **3** | **13-14** | **11** |
| Fram | 9 | 2 | 2 | 5 | 9-12 | 8 |
| **Grindavík** | **8** | **2** | **1** | **5** | **10-20** | **7** |
| ÍBV | 8 | 2 | 0 | 6 | 7-13 | 6 |
| **Þróttur** | **9** | **1** | **2** | **6** | **8-21** | **5** |
| Fjölnir | 8 | 1 | 1 | 6 | 9-20 | 4 |

Nýliðar Stjörnunnar halda áfram að hrella andstæðinga sína í Pepsi-deildinni og unnu Valsmenn í gærkvöld:

# Stjörnumenn slátruðu slökum Völsurum

**FÓTBOLTI** Stjarnan styrkti stöðu sína í öðru sæti Pepsi-deildarinnar með 3-0 sigri gegn Val í gærkvöldi.

Liðin sátu í öðru og þriðja sæti með jafn mörg stig. Valsmenn voru aldrei inni í leiknum og voru heppnir að tapa ekki stærra. Stjarnan sýndi enn einu sinni að þeir eru með eitt skemmtilegasta lið deildarinnar.

Fyrsta markið kom strax á áttundu mínútu en það var Ellert Hreinsson sem skoraði eftir fyrirgjöf frá Guðna Rúnari Helgasyni. Ellert var illa dekkaður á fjærstönginni og kláraði færið stöngin inn.

Stjarnan var gjörsamlega með undirtökin eftir markið og Valsmenn náðu aldrei að ógna. Pétur Markan átti þó fínt færi en Guðni Rúnar komst fyrir boltann. Atli Sveinn átti svo sláarskot af um fjörutíu metra færi og það var það sem stóð upp úr hjá Val í leiknum.

Arnar Már Björgvinsson skoraði síðan á 42. mínútu og staðan því 2-0 í hálfleik. Sanngjarnt. Margir bjuggust við Valsmönnum grimmari, því mikið vantaði upp á. Sóknarleikur liðsins var í molum og Stjörnumenn gerðu það sem þeir vildu allan leikinn.

Ellert Hreinsson skoraði síðan þriðja markið á 58. mínútu með skalla, glæsilegt mark og algjörlega verðskuldað. Eftir þetta var sem Valsmenn gæfust upp og var lánleysið að narta í hælana á þeim það sem eftir lifði leiks. Stjörnumenn héldu enn undirtökunum og kláruðu leikinn nokkuð öruggt.

Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar, var ánægður í leikslok. „Við mættum þeim eins og alvöru karlmenn í kvöld og vorum ótrúlega til í þetta. Við vorum kjarkaðir fram á við og áttum ósköpin öll af marktilraununum og góðum færum.“

Bjarni sagðist hafa horft á Valsmenn í sumar og þeir hefðu ekki verið að gera neitt nýtt í leiknum.

„Spilamennska þeirra var í stíl við það sem við höfum séð hjá þeim. Það sem við gerðum kannski öðruvísi var að við fórum bara á þá. Það var farið í þetta af miklum krafti og við reyndum að gera þeim lífið leitt þarna aftast, það tókst vel.“

Þorgrímur Þráinsson stjórnaði liði Vals annan leikinn í röð í gær og viðurkenndi vel að Stjarnan hefði verið betra liðið í leiknum.

„Við stóðum okkur ekki eins vel og við var búist. Stjarnan var með hungrið og löngunina. Samtakamáttur þeirra var mun meiri en okkar. Við vorum ekki að dekka nógu vel og vorum að missa boltann á skrýtnum stöðum. Þeir fengu að leika lausum hala og því fór sem fór.“

**- bre, log**



**YFIRBURÐIR** Stjörnumenn unnu sannfærandi sigur gegn Valsmönnum í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


SUMAR
TILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
EEEPC
FARTÖLVA Á TILBOÐI
Byltingarkennd ný hönnun frá Asus. sem hefur fengið viðurnefnið skelin, þynnri og léttari en allar sambærilegar vélar hingað til.
• Intel Atom N280 1.66Ghz örgjörvi
• 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni
• 160GB 5400RPM SATA harðdiskur
• 10.1" WSVGA(1024x600) LED skjár
• Windows XP Home SP3
• Microsoft Works og Starsuite
• Kortalesari, 2xUSB2, Bluetooth ofl.
• Glæný rafhlöðutækni allt að 6 tímar
• 1.3MP innbyggð vefmyndavél
Örþunn og aðeins 1.1 kg
ASUS
99.900
FÆST BÆÐI Í HVÍTU OG SVÖRTU
LACIE
FLOTTUR 1TB FLAKKARI
Stórglæsilegur harðdiskflakkari með 1TB af geymsluplássi frá LaCie sem er þekkt fyrir glæsilega hönnun og hámarks gæði.i.
• 1TB LaCie hágæða flakkari
• Hannaður af Niel Poulton
• reddot og fleiri hönnunar verðlaun
• Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
• Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
• Blár ljósbjarmi undir flakkaranum
• 1-Click afritunarhnappur
• Tengist beint í USB2.0
LACIE
19.900
500GB AÐEINS 14.900
Birt með fyrirvar um breytingar, prentvillur og myndbrengl
M7700
ÞRÁÐLAUS FARTÖLVUMÚS
Mögnuð fartölvumús frá GIGABYTE með allt að 10M drægni og örsmáum Nano sendi sem þarf ekki að taka úr fartölvunni þó hún geymist í tösku.
• 2.4GHz þráðlaus 10 metra tækni
• Örsmár Nano sendir geymist í músinni
• High-precision Laser 1600dpi tækni
• Stillanleg 800 - 1600dpi upplausn
• 5 hnappar og 4ra átta skrunhjól
• Rafhlaða endist í 6+ mánuði
GIGABYTE
4.990
AÐEINS ÞESSA HELGI
22"LCD
PACKARD BELL SKJÁR
Stórglæsilegur 22" WideScreen skjár frá Packard Bell með kristaltæra mynd og ótrúlega litadýpt hvergi á betra verði
• 22" WideScreen LCD skjár
• 10000:1 Dynamic Contrast skerpa
• 5ms viðbragðstími fyrir leikina
• 1680x1050 Wide Screen upplausn
• Innbyggðir stereo hátalarar
• VGA D-SUB tengi og kapall
• 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek
Packard Bell
29.900
ÞJÓNUSTUDEILD
Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum stórum sem smáum:
• Uppfærslur á vélbúnaði
• Gerum tölvur hljóðlátar
• Stýrikerfisuppsetningar
• Bilanaleit og lagfæringar
• Uppsetning/viðhald netkerfa
• Vírus og Spyware hreinsun
• Hvergi lægra tímaverð!
2.990
HVER HAFIN KLUKKUSTUND
20% AFSLÁTTUR
MINNISLYKLAR
AÐEINS ÞESSA HELGI
20% AFSLÁTTUR
MINNISKORT
AÐEINS ÞESSA HELGI
GRÆDDU Á GÖMLU
NÚ GETUR ÞÚ SETT GÖMLU FARTÖLVUNA UPP Í NÝJA :)
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is



## > Simon Pegg

„Chris Martin er góður vinur minn. Ég er meira að segja guðfaðir Apple, dóttur hans. Við höfum verið vinir í nokkuð mörg ár núna.“

***Símon Pegg leikur í kvikmyndinni Shaun of the Dead sem er sýnd í Sjónvarpinu kl. 22.45.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER UNDRANDI

# *Hvar er frumleikinn í Efstaleitinu?*

Ríkissjónvarpið ber höfuð og herðar yfir aðrar íslenskar stöðvar hvað smekk á erlendu sjónvarpsefni varðar. Manni fallast hreinlega hendur yfir öllu þessu ameríska drasli sem stundum veður uppi á hinum einkareknu stöðvum og ekki síst raunveruleikaefninu, maður þakkar hreinlega Guði fyrir að RÚV skyldi ekki falla í þann fúla sorapytt.

En hið ágæta Ríkissjónvarp er ekki gallalaust. Og maður saknar kannski drifkraftsins og frumleikans sem ríkisrekin sjónvarpsstöð ætti að hafa að leiðarljósi. Silfur Egils er kannski ágætt dæmi um þetta; hann var fyrst á Skjá einum, svo Stöð 2 en er nú kominn í öruggt skjól á RÚV. Manni hefði kannski fundist eðlilegt að þessu hefði verið öfugt farið.

Annað nýlegt dæmi er Popppunktur þeirra Dr. Gunna og Felix. Þáttaröðin hóf fyrst göngu sína á Skjá einum en er nú á dagskrá RÚV á föstudagskvöldum. Vissulega hefur þátturinn fengið aukna dýpt og þeir félagar hafa úr meiru að moða en maður veltir því fyrir sér hvort þetta sé æskileg þróun. Mega einkastöðvarnar eiga von á því að íslenskt sjónvarpsefni rati upp í Efstaleiti þegar það hefur sannað tilverurétt sinn?

Hefði það ekki verið nokkuð gott á ferilskrána ef RÚV hefði boðið upp á sjónvarpsþáttaraðir á borð við Pressu, Rétt og Vakt-þáttaraðirnar. BBC sér í það minnsta alfarið um þá deild í sínu heimalandi, ryður brautina fyrir einkareknu stöðvarnar sem vita hvað virkar og hvað virkar ekki í gegnum frumkvöðlastarfið hjá breska ríkisútvarpinu.



**ÖFUGÞRÓUN** Það er öfugþróun ef góðir þættir frá einkareknu sjónvarpsstöðvunum rata nánast sjálfkrafa yfir á ríkisreknu stöðina.

## FÖSTUDAGUR



▶ **20.00 Total Wipeout** STÖÐ 2



▶ **20.10 Popppunktur** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.10 Gillette World Sport 2009** STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.00 Heroes** SKJÁREINN



▶ **22.05 House of Flying Daggers** STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**15.35 Leiðarljós**

**16.15 Leiðarljós**

**17.00 Táknmálsfréttir**

**17.10 Spæjarar** (24:26)

**17.35 Snillingarnir**

**18.00 Helgarsportið** Íþróttaþáttur með nýju sniði þar sem stiklað er á stóru um atburði síðustu viku, hitað upp fyrir atburði helgarinnar og sérstakir íþróttaviðburðir teknir fyrir. Þetta er þáttur sem ætti að höfða til allra íþróttaáhugamanna. Umsjónarmaður er Ásgeir Erlendsson.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Popppunktur** (Elektra - Bloodgroup) Dr. Gunni og Felix Bergsson stjórna spurningakeppni hljómsveita. Í þetta skiptið eigast við hljómsveitirnar Elektra og Bloodgroup.

**21.10 Olnbogabörn** (The Leftovers) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1986 um krakka á munaðarleysingjahæli sem taka til sinna ráða þegar til stendur að loka heimili þeirra. Aðalhlutverk: John Denver.

**22.45 Afturgöngufaraldur** (Shaun of the Dead) Aðalhlutverk: Simon Pegg, Kate Ashfield, Bill Nighy og Nick Frost. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. (e)

**00.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 RV**

**10.00 Ævintýraferðin**

**12.00 Annie**

**14.05 Throw Momma from the Train**

**16.00 RV**

**18.00 Ævintýraferðin**

**20.00 Annie** Frábærlega vel heppnuð mynd byggð á söngleiknum vinsæla um hina munaðarlausu og uppátækjasömu Annie.

▶**22.05 House of Flying Daggers**

**00.00 The Prestige**

**02.10 Hellraiser: Inferno**

**04.00 House of Flying Daggers**

**06.00 Man About Town**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnaefni:** Flintstone-krakkarnir, Litla risaeðlan, Gulla og grænjaxlarnir, Nornafélagið

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (1:26) Vinsæl sápuópera þar sem fylgst er með daglegum störfum starfsfólksins á Riverside spítalanum í Bretlandi.

**09.55 Doctors** (2:26)

**10.20 Hæðin** (4:9)

**11.10 Gossip Girl** (10:18)

**11.50 Grey's Anatomy** (17:24)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (220:260)

**13.25 Wings of Love** (89:120) S

**14.10 Wings of Love** (90:120)

**14.55 Wings of Love** (91:120)

**15.55 Barnaefni:** Saddle Club, Camp Lazlo, Nornafélagið

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (5:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.06 Veður**

**19.15 The Simpsons** (1:22)

**19.35 Two and a Half Men** (17:24)

▶**20.00 Total Wipeout** (5:9) Hér er á ferð ómenguð skemmtun, gamall og góður buslugangur með nýju tvisti sem ekki nokkur maður getur staðist. Stjórnandi er Richard Hammond úr Top Gear.

**20.55 Stelpurnar** (7:20)

**21.20 Roxanne** Gamanmynd sem er eins konar nútímaútgáfa leikritsins um Cyrano de Bergerac. Sagan segir af slökkviliðsstjóranum C.D. Bales sem allir dýrka og dá en engin kona lætur sér detta í hug að elska því hann hefur afskaplega óvenjulegt og ljótt nef.

**23.05 Shadow of Fear**

**00.30 The Fog**

**02.10 Cursed**

**03.45 Target**

**05.10 Fréttir og Ísland í dag**

**05.55 Friends** (5:24)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Fram - FH**

**16.55 Fram - FH** Útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

**18.45 Pepsímörkin 2009**

**19.45 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

▶**20.10 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.

**20.40 NBA tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.

**21.05 Angel Stadium, California** Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni fór mótið fram á Angel Stadium í Kaliforníu.

**22.00 Ultimate Fighter - Season 9** Magnaðir bardagar í þessari frábæru seríu. Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.

**22.45 Poker After Dark**

**23.30 Poker After Dark**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Brasilía - Suður-Afríka** Útsending frá undanúrslitaleik Brasilíu og Suður Afríku í Álfukeppninni.

**19.00 Brasilía - Suður-Afríka** Útsending frá undanúrslitaleik Brasilíu og Suður Afríku í Álfukeppninni.

**20.40 Enska úrvalsdeildin: Man. Utd. - Tottenham** Útsending frá leik Man. Utd og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.

**22.20 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**22.50 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**23.45 Boca Juniors v River Plate** Í þessum þætti er fjallað um ríg Boca Juniors og River Plate innan vallar sem utan.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**17.15 Rachael Ray**

**18.00 The Game** (19:22)

**18.25 One Tree Hill** (22:24) (e)

**19.15 Monitor** (1:8) (e)

**19.45 America's Funniest Home Videos** (40:48)

**20.10 Greatest American Dog** (3:10) Raunveruleikasería þar sem hundar eru í aðalhlutverki. Eftir víðtæka leit um Bandaríkin þver og endilöng hafa tólf hundar og eigendur þeirra verið valdir til að taka þátt í skemmtilegri keppni.

▶**21.00 Heroes** (25:26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrlegum hæfileikum. Sylar heldur áfram að vinna með bandamanni sínum en nýir hæfileikar eru farnir að taka sinn toll. Hiro og Ando reyna að fella byggingu 26 á meðan forgangsröðin hefur breyst hjá Matt.

**21.50 Painkiller Jane** (19:22) Spennandi þáttaröð um ódrepandi hörkukvendi. Jane Vasko er lögreglukona sem boðið er starf með leynilegri sérsveit sem berst við hættulegt fólk með yfirnáttúrlega hæfileika. Aðalhlutverkið leikur Kristanna Loken sem vakti mikla athygli í myndinni Terminator 3.

**22.40 World Cup of Pool 2008 (**4:31)

**23.30 Brotherhood** (8:10) (e)

**00.20 The Dead Zone** (3:13) (e)

**01.10 The Game** (15:22) (e)

**01.35 The Game** (16:22) (e)

**02.00 The Game** (17:22) (e)

**02.25 Penn & Teller: Bullshit** (9:59) (e)

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Heimstjórn stöðvarinnar; Jón Kristinn Snæhólm og Hallur Hallsson ásamt gestaráðherra ræða um það sem er efst á baugi í stjórnmálunum.

**21.00 Mér finnst** Í umsjón Katrínar Bessadóttur, Haddar Vilhjálmsdóttur og Vigdísar Másdóttur. Farið er vítt og breytt um samfélagið.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Nú halda
stelpurnar partý
á Ruby Tuesday

Fullt af girnilegum foréttum og
aðalréttum fyrir vinkonuhópinn.

Aðeins 1.990 kall á hverja konu.
Ruby Tuesday – Þar sem konur verða stelpur.

PIPAR • SÍA • 91098



RubyTuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

Höfðabakka 9 & Skipholti 19 Sími 577-1300

## Í KVÖLD




**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.00**

### Annie

Frábærlega vel heppnuð barna- og fjölskyldumynd frá árinu 1982. Myndin er byggð á söngleiknum vinsæla um hina munaðarlausu og uppátækjasömu Annie – sem loksins finnur heimili og fjölskyldu þegar uppskrúfaður og önugur auðkýfingur býður henni að búa hjá sér. Með aðalhlutverk fara Albert Finney, Carol Burnett, Aileen Quinn.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Greatest American Dog**
**Skjáreinn kl. 20.10**

Bráðskemmtileg bandarísk raunveruleikasería þar sem hundar eru í aðalhlutverki. Eftir víðtæka leit um Bandaríkin þver og endilöng hafa tólf hundar og eigendur þeirra verið valdir til að taka þátt í skemmtilegri keppni. Þau búa öll saman á meðan á keppninni stendur og þurfa að sýna hvað í þau er spunnið. Í lok hvers þáttar er einn hundur og eigandi hans send heim.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunvaktin heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Sumar í Sóltúni
**15.25** Án ábyrgðar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Trompetmeistarar sveiflunnar
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Óvissuferð - allir velkomnir
**21.10** Flakk
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (219:260)
**17.15 Hollyoaks** (220:260)
**17.40 The Sopranos** (18:26)
**18.30 Big Day** (4:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegn hátt um hinar mörgu spaugilegur hliðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.
**18.50 Hollyoaks** (219:260)
**19.15 Hollyoaks** (220:260)
**19.45 Big Day** (4:13)
**20.15 Grey's Anatomy** (20:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Líf læknanna ungu hefur tekið stakkaskiptum þegar einn úr hópnum veikist alvarlega og mörkin milli lækna og sjúklinga verða óljós.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
**21.40 Aliens in America** (5:18)
**22.05 The Mentalist** (19:23) Spánýr og hörkuspennandi þáttur um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. Þrátt fyrir það er hann ekki í náðinni hjá lögreglunni, ekki síst fyrir það að hafa aflar sér frægðar sem sjónvarpsmiðill en einnig fyrir að gera lítið úr þeim þegar hann á það til að leysa gáturnar langt á undan þeim.
**22.50 Twenty Four** (22:24)
**23.35 The Sopranos** (18:26)
**00.35 Grey's Anatomy** (20:24)
**01.20 Fréttir Stöðvar 2**
**02.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.20** Jonathan Creek **11.10** Jonathan Creek **12.00** The Weakest Link **12.45** EastEnders **13.15** My Hero **13.45** My Hero **14.15** The Black Adder **14.50** Jonathan Creek **15.40** Jonathan Creek **16.35** Any Dream Will Do **18.00** My Hero **18.30** The Black Adder **19.00** Extras **19.30** Coupling **20.00** Jekyll **20.50** My Hero **21.20** The Black Adder **21.50** Jonathan Creek **22.40** Jonathan Creek **23.35** The Black Adder

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Jersild Live **10.35** Aftenshowet med Vejret **11.00** Venner på eventyr **11.30** Søren Ryge præsenterer **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Listen **15.00** Brødrene Løvehjerte **15.30** Sigurds Bjørnetime **16.00** Koste hvad det vil **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** aHA Award **19.00** TV Avisen **19.30** Tre på flugt **21.00** Columbo **22.35** Boogie Mix

## NRK 1

**10.00** VM sandvolleyball **12.00** Wimbledon direkte og VM sandvolleyball **15.50** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Ugleskogen **16.10** Mamma Mirabelle viser film **16.25** Tøfferud **16.35** Herr Hikke **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lollipop **18.00** 50 år med Oluf - 70 år med Arthur **18.55** Ekstremsportveko og VM sandvolleyball **19.20** VM sandvolleyball. Høydepunkter fra dagen **19.35** Taggart **20.45** Du skal høre mye ... mer **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hotell Babylon **22.05** Duffy - live **23.00** Trygdekontoret **23.30** Country jukeboks m/chat

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Namnam med Noman **10.35** Jan och djuret från urtiden **10.50** Vildmark fiske **12.50** 100 procent bonde **13.20** 1800-talet ut-och-in **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Blomsterspråk **15.00** Plus sommar **15.30** Mitt i naturen **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Guld och gröna skogar **17.25** Anslagstavlan **17.30** Rapport med A-ekonomi **17.50** Regionala nyheter **18.00** Pistvakt **18.30** Sjukan **19.00** Ingo - 50 år efter knockouten **20.00** Almost Famous **22.00** Fritt fall



## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér oftast bara safa og þá helst nýkreistan appelsínusafa. Sól-appelsínusafinn er í miklu uppáhaldi og ég get drukkið heilan lítra af honum á hverjum morgni.“*

Atli Fannar Bjarkason, ritstjóri Mónitors.

# Fréttahaukur eltir kærastann til Düsseldorf

„Ég ætla að leita mér að vinnu og njóta lífsins í Evrópu í núll prósent verðbólgu og evru,“ segir fréttamaðurinn geðþekki Guðfinnur Sigurvinsson hjá Ríkissjónvarpinu.

Hann ætlar að flytja af landi brott um miðjan ágúst og freista gæfunnar í Þýskalandi. Símoni Ormarssyni kærasta hans var boðin vinna á hárgreiðslustofu Vidal Sassoon í borginni Düsseldorf og ákváðu þeir að taka slaginn. „Ég geri ráð fyrir því að þetta verði til einhverra ára en maður verður að sjá til hvernig þetta gengur,“ segir Guðfinnur. Honum var sagt upp hjá Ríkissjónvarpinu síðastliðinn vetur og er um þessar mundir í sumarafleysingum. Að þeim loknum stígur hann upp í næstu flugvél og leitar á vit nýrra ævintýra. Kærasti hans er öllum hnútum kunnugur í Þýskalandi því hann starfaði hjá Vidal Sassoon í München í fimm ár áður en hann flutti heim til Íslands um aldamótin. „Svo sendi kunningi hans honum póst á Facebook í vetur og bauð honum þetta. Við tókum því nú bara mátulega alvarlega og höfðum bara gaman af þessari hugmynd.

Símon starfaði áður sem flugþjónn hjá Icelandair en missti vinnuna síðasta sumar og svo ég í kjölfarið þannig að þá varð þetta úr,“ segir Guðfinnur, sem er mjög spenntur fyrir þessari nýju áskorun. „Núna snýst lífið um lífsgildi en ekki að þenja sig endalaust og vera í þessu lífsgæðakapphlaupi.“ - fb



**GUÐFINNUR SIGURVINSSON** Fréttamaðurinn geðþekki hverfur af sjónvarpsskjám landsmanna um miðjan ágúst og flytur til Þýskalands.



**LÁRÉTT 2.** umrót, **6.** rún, **8.** maka, **9.** dauði, **11.** fæddi, **12.** matarsamtíningur, **14.** fíflagangur, **16.** í röð, **17.** sjór, **18.** skelfing, **20.** kyrrð, **21.** hestur.
**LÓÐRÉTT 1.** æðaslag, **3.** samtök, **4.** súlur, **5.** óvild, **7.** illfygli, **10.** samræða, **13.** pili, **15.** könnun, **16.** stal, **19.** komast.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rask, **6.** úr, **8.** ata, **9.** lát, **11.** öl, **12.** snarl, **14.** flipp, **16.** tu, **17.** mar, **18.** ógn, **20.** ró, **21.** klár. **LÓÐRÉTT: 1.** púls, **3.** aa, **4.** stólpar, **5.** kal, **7.** ránfugl, **10.** tal, **13.** rím, **15.** próf, **16.** tók, **19.** ná.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Helga Margrét Þorsteinsdóttir.
2. Ásgerður Halldórsdóttir.
3. Í Bjargarey.

MÚRBÚÐARVERÐ

Festingarvörur – mikið úrval.
Verðdæmi:
Byggingarvinkill 90x90x65mm
125 kr.



LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - www.murbudin.is

## HERMANN HREIÐARSSON: HLEYP EKKI FRÁ GESTUM MÍNUM

# Brjálaður laugardagur hjá atvinnumönnunum okkar

Óhætt er að fullyrða að „atvinnumennirnir okkar“ í boltaíþróttum hafi úr nægu að velja hvað skemmtanalífið varðar á morgun, laugardag. Og sumir eiga jafnvel eftir að eiga í fullt í fangi með að velja og hafna milli tveggja góðra kosta. Tveir íslenskir landsliðsmenn ganga í það heilaga, tvær silfurstjörnur fagna því að gelið þeirra er loks til sölu og landsliðsfyrirliði heldur stjörnugolfmót í Vestmannaeyjum.

Grétar Rafn Steinsson, leikmaður Bolton og íslenska landsliðsins, gengur að eiga Manúelu Ósk um helgina. Um svipað leyti ganga þau Róbert Gunnarsson, línumaður íslenska landsliðsins í handbolta, og unnusta hans, Svala Sigurðardóttir, inn kirkjugólfið og láta pússa sig saman. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Róbert þó eingöngu boðið nánum vinum úr landsliðinu og því ættu Logi og Björgvin ekki að þurfa að kvíða því að eitthvert verulegt brottfall verði úr þeim hópi.

En hlutirnir eru eilítið flóknari hjá landsliðsmönnunum í fótbolta því í Vestmannaeyjum verður góðgerðarmótið Herminator Invitational, golfmót landsliðsfyrirliðans Hermanns Hreiðarssonar. En þangað eiga meðal annars að koma knattspyrnulandsliðsmennirnir Eiður Smári Guðjohnsen, Rúrik Gíslason, Brynjar Björn Gunnarsson og Heiðar Helguson auk Ívars Ingimarssonar. Ólafur Stefánsson handboltaséní verður einnig meðal þátttakenda og því óvíst hvort hann nái gleði þeirra Loga og Björgvins. Eins og komið hefur fram mun enski landsliðsmaðurinn Sol Campbell einnig leika golf í veðurblíðunni í Eyjum en það ku vera eini atburðurinn sem hann er boðinn í á laugardeginum.

Mótið hefst um hádegi og sérstök verðlaunaafhending fer fram um kvöldið. Hermann vildi sem minnst um þessa skörun ræða en sagðist vissulega vera með boðskort frá Grétari og Manúelu. Enda fyrirliði landsliðsins. „Þeir sem eiga að mæta í brúðkaupið reyna auðvitað að ná því,“ segir Hermann sem sagðist sjálfur ætla að reyna að vera á báðum stöðum, ef til vill með hjálp þyrlu, en viðurkenndi að hann væri vissulega í erfiðri stöðu. „Maður getur ekki bara hlaupið frá gestunum sínum,“ segir Hermann.

freyrgigja@frettabladid.is



### FJÖRUGUR OG FLOTTUR LAUGARDAGUR

**Hermann Hreiðarsson** heldur góðgerðarmót í golfi úti í Vestmannaeyjum á laugardaginn. Á sama tíma gengur liðsfélagi hans úr landsliðinu, **Grétar Rafn Steinsson**, að eiga unnustu sína, Manúelu Ósk. Meðal þeirra sem eiga að sveifla kylfum í Eyjum eru síðan **Eiður Smári**, Rúrik Gíslason, Brynjar Björn Gunnarsson, allir landsliðsmenn. Handboltakappar þjóðarinnar hafa einnig úr nægu að moða; **Ólafur Stefánsson** leikur á golfmótinu í Eyjum en er væntanlega einnig með boðskort í Silfurveislu **Loga Geirssonar** og **Björgvins Páls** á Oliver. Félagi þeirra, **Róbert Gunnarsson**, er síðan að gifta sig þennan sama dag en þangað er víst eingöngu nánum vinum hans úr landsliðinu boðið.



## FRÉTTIR AF FÓLKI



Viðtalið, sjónvarpsþáttur **Boga Ágústssonar**, hefur vakið verðskuldaða athygli en þar fær fréttamaðurinn fólk í viðtal til sín sem virðist hafa vit á hlutunum. Sjónvarpsáhorfendur fylgdust því grannt með þegar Bogi spurði Sir William Wallace út í Evrópumálin enda virðist stóra spurningin vera sú hvort við Íslendingar sækjum um aðild að Evrópusambandinu. Hins vegar vakti það kannski ekki síst athygli hversu nauðalíkir Wallace og Bogi voru og áttu sumir sjónvarpsáhorfendur víst erfitt með að átta sig á því hvor væri hvað.



Eins og kemur fram hér til hliðar eru Grétar Rafn Steinsson og **Manúela Ósk Steinsson** að fara að gifta sig á laugardaginn með mikilli viðhöfn. Töluverður fjöldi gesta virðist vera boðinn því Manúela hefur setið sveitt yfir því hverjir eigi að sitja saman og hverjir ekki. Enda er lykillinn að góðu brúðkaupi víst sá að gestirnir séu sáttir við sessunautinn. Fyrir þá sem vilja tileinka sér aðferð Manúelu er þeim bent á að fyrrum fegurðardrottningin notar bláar teiknibólur fyrir stráka en bleikar fyrir konur.

Og **Eiríkur Hauksson** er kominn til landsins og hyggst hann hefja æfingar fljótlega fyrir stórtónleika sína, Born on the 4th of july. Eiríkur ku víst vera í fantaformi þrátt fyrir árin fimmtíu og lofar aðdáendum sínum engum vörusvikum, það verði rokkað fyrir allan peninginn. Tónleikarnir verða í Austurbæ og meðal þeirra sem koma við sögu má nefna fyrrum Uriah Heep-goðsögnina, Ken Hensley. - fgg



FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

LÚÐUSNEIÐAR OG LÚÐUFLÖK
VERÐ AÐEINS 1590 KR/KG

HUMAR FRÁ HORNAFIRÐI
VERÐ AÐEINS 3500 KR/KG

Tilboðið gildir aðeins í dag.

Veljum íslenskt



opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

# Kettlingarnir fengu ný heimili

Eins og Fréttablaðið greindi frá í lok maí höfðu aldrei fleiri kettlingar þurft að leita húsaskjóls hjá Sigríði Heiðberg í Kattholti. Þeir voru alls þrjátíu talsins, sumir illa á sig komnir eftir að eigendurnir höfðu skilið þá eftir upp á von og óvon. Sigríður sagði jafnframt að kreppan væri komin í Kattholt, minna væri um frjáls fjárframlög frá almenningi og því gengi erfiðlega að reka starfsemina.

Fréttin virtist hreyfa við ansi mörgum dýravinum því allir kettlingarnir þrjátíu eru nú komnir með ný heimili. „Þeir voru örmerktir og ég hef komið því þannig í kring að þeir verða allir teknir úr sambandi,“ segir Sigríður. Þá hafa dýravinir flykkst upp í Kattholt með mat og peninga þannig að hægt væri að halda gangandi þeirri starfsemi sem hefur reynst hinum loðnu ferfætlingum svo vel. Sigríður segir reyndar að hún muni varla eftir öðrum eins gestafjölda og komið hafi síðan fréttin birtist. „Ég er afar þakklát öllu þessu góða fólki sem hefur komið hingað, það hefur verið einstaklega velviljað,“ segir Sigríður en sem dæmi má nefna að börn hafa selt blóm til styrktar Kattholti og svo mætti lengi telja. Við þetta má svo bæta því að íslenski kattamaturinn Murr verður bráðum í boði fyrir þá ketti sem þurfa að dvelja í Kattholti til skemmri eða lengri tíma. - fgg



**KOMNIR Í ÖRUGGT SKJÓL** Allir kettlingarnir þrjátíu eru komnir með nýtt heimili og hafa verið örmerktir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sumarútgáfan 2009




100 íslensk í ferðalagið




Stefán Karl - Í túrett og moll




Grease




Tvíhöfði - Gubbað af gleði




Papar - Ég verð að dansa




Ljótu hálfvitarnir




Veistu hver ég var?




Sumar á Íslandi




Björgvin & Hjartagosarnir - Sígrænir söngvar

Góða skemmtun! ►

sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Júlíu Margrétar Alexandersdóttur

## *Fimm ára gelgja*

Vinkona mín var einu sinni súpermódel í viku þegar hún sat fyrir í auglýsingu fyrir ónefnda sófabúð á Smáratorgi. Árið 2006. Þá tæplega þrítug. Við rifjuðum þá dásemd upp um daginn. Það var eins og hún hefði unnið nóbelinn þá helgi sem hún birtist á Mogga-opnunni í hvítum leðursófa og sófamódelið kynntist nýju þrepi í virðingarstiganum.

**KONUR** sérstaklega, spurðu hana í forundran: „Guð, ég vissi ekki að þú værir módel?!“ Hún djókaði oft og sagðist hafa tekið þátt í öllum Ford-keppnum frá 15-20 ára og setið fyrir í Hagkaupsbæklingum frá fermingu – og sá konurnar stífna upp. Ekki alveg vitandi hvar þær ættu að staðsetja hana: Módel? Eða bara Lára?

**SVO** virðist vera að svaraði hún spurningunni um hvort hún væri módel játandi – breytti það henni umsvifalaust í aðra manneskju í augum spyrjenda. Með annan og nýjan persónuleika, jafnvel betri og aðdáunarverðari. En óvissan og djókið í henni gerði sama fólk óöruggt. Það varð að vita hvort hún væri módel EÐA EKKI.

**DÝRKUN** sem þessi minnir á árin þegar íslensku stelpurnar úr Ungfrú Tívolí fóru að fara út og taka þátt í Miss International á 6. áratugnum og þjóðin stóð á öndinni af stolti yfir fallegu stelpunum, tala nú ekki um þegar þær birtust jafnvel í ERLENDU blöðunum. Kotungsháttur eða ekki. Dæmi hver fyrir sig. Þetta er samt óneitanlega gamaldags gildi sem birtist þarna. Gömlu tímarnir þegar þeir sem voru sætir voru vinsælir. Stelpur með sítt hár og strákar sem gátu eitthvað í fótbolta. Hinir gátu átt sig.

**MAÐUR** hefði haldið að í allri vitundarvakningunni og eineltisumræðunni væri fólk með það á hreinu að útlitið er ekki allt. Og önnur gildi mikilvægari. En mikið virðist vera langt í land þegar fullorðna fólkið gapir af aðdáun yfir útlitssigrum hvað annars. Hvað eiga þá börnin, sem læra það sem fyrir þeim er haft, að halda? Sætur jafnt og æði. Frægur jafnt og æði.

**LYMSKULEGUR** frasi hefur smeygt sér inn í tungumál sumra foreldra, sem er af rótum þessarar sömu dýrkunar. Nýjasta nýtt er að kalla börn, allt niður í nokkurra ára, „litlar gelgjur“ þegar þau eru óþekk. Eins og það sé í fínasta lagi að tengja nokkurra ára kríli við ungviði á kynþroskaskeiði. Þannig fannst fimm ára hnátu gaman að komast yfir varalit móður sinnar um daginn. Og móðirin dæsti af stolti þar sem hún horfði á hana útataða í varalit og sagði: „Elsku litla gelgjan okkar“.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 26. júní, 177. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 2.59 | 13.30 | 0.02 |
| Akureyri | 1.40 | 13.15 | 0.48 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


